

# 10 BESTU VEITINGA-STAÐIRNIR

■ Nýliðar tróna á toppnum



8-9

16. MARS 2018 / 11. TBL. 108. ÁRG. / VERD 995 KR.

# DAÞ

# HEENDAR- KLAM MEÐ ARNA Á PORNHUB

■ Boðið að leika í japanskri klámmynd



4


## Rannveig Grétars- dóttir

Viðtal

# „Aldrei valkostur að brotna saman“

■ Rannveig kom að eiginmanninum látnum ■ Var orðin sérfræðingur í jarðarförum ■ Malar gull í ferðapjónustu

64-66



## NJÓSNAD UM ÍSLENDINGA Á ALICANTE



■ Anita og Sævar fengu áfall

2

## Bein Ólafs fundust 30 árum eftir hvarfið



42



## Dularfull tákn á umbúðum SS

■ Samsæriskenningar á flug

70

Edrú í fjögur ár

## „PARNA GAFST EG UPP“

■ Kolbeinn Proppé bað um að vera lýstur gjaldproti



28-30

Er að borga  
upphæðir  
sem ég hefði  
aldrei trúað  
að ég myndi  
láta frá mér



## Véla og tækjasala

Melabraut 23, Hafnarfirði  
S: 580 0115 / www.pon.is

PON

## Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhófa 8 | 110 Reykjavík  
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto  
Feel the Drive



# LOF & LAST

– Ögmundur Jónasson

Lof mitt gengur til Katrínar Jakobsdóttur fyrir að sækja fund um síðustu helgi um frétttaflutning af stríðinu í Sýrlandi þar sem sett var fram gagnrýni á það hvernig fjallað er um stríðið í fréttaveitum Vesturlanda og þar með okkar, og hve hagsmunatengdur þessi frétttaflutningur er NATO, Sáði-Arabíu og bandalagsríkjum þeirra. Forsætisráðherra vildi heyrna þessi sjónarmið, ekki til að samþykkja en gaumgæfa.

Last mitt er til þeirra sem túlka komu ráðherra á fundinn sem ámalisverða og þá fyrir það eitt að mæta. Ráðherrann væri þannig að leggja blessun yfir það sem fram kom á fundinum! Þetta eru þöggunartilburðir sem ég hélt að við hefðum fengið nóg af í fraksinnrásinni og reyndar öllum stríðum síðari tíma þar sem lygarnar komu fram löngu eftir að öll drápin og allar pyntingarnar og hörmungarnar voru yfirstaðnar. Fjölmíðlamenn, það er að segja þeir sem tóku þátt í ómaklegri gagnrýni á forsætisráðherra af þessu tilefni, minntu okkur á hve smáir þeir menn geta orðið sem þó virðist talsverður vindur vera í.



## Síðustu orðin

segir sagan ...  
„Já, já, ég kem. Hinkraðu bara aðeins.“  
– Alexander páfi VI  
(1.1.1431–18.8.1503)

## Á þessum degi ... 16. mars

**1190** – Um 150 gyðingar missa lífið í Jórvíkurkastala í skipulögðum ofsóknum gegn þeim. Stór hluti gyðinganna kaus að svipta sig lífi frekar en falla í hendur múgsins.




**1621** – Samoset, amerískur frumbyggj af Mohegan-ættbálkinum, sækir heim íbúa Plymouth-nýlendu og heilsar þeim á ensku: „Velkomnir, Englendingar! Ég heiti Samoset.“

**1870** – Fyrsta útgáfa Rómeó og Júlíu Tsjajkovskijs er frumflutt. Flutningurinn líður fyrir mótmæli gegn stjórnanum, Nikolái Rubinstein, vegna máls sem varðar hann og stúðinu nokkra.



**1958** – 50 milljónasti bíllinn, Thunderbird, rennur af framleiðslubandi Ford-bifreiðaf framleiðandans.



Íbúðin Mynd innan úr íbúðinni, myndavélin var falin inni í loftræstingunni ofarlega á veggnum. MYNDBOOKING.COM

# NJÓSNAD UM ÍSLENSKT PAR Í ALICANTE

## ■ Myndavél falin í loftræstingunni ■ Hvetja fólk til að fara gætilega

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is



Anita Erla Thorarensen og unnusti hennar, Sævar Freyr Þórsson, fengu áfall þegar þau fundu falda myndavél inni í loftræstingunni í íbúð sem þau leigðu í Alicante á Spáni. Íbúðina leigðu þau í gegnum vefsíðuna booking.com.

Anita Erla segir í samtali við DV að þegar hún Sævar komu í íbúðina þann 7. mars síðastliðinn hafi þau skoðað hana vandlega. „Við erum varkár og pössum upp á að skoða allt vandlega. Við litum upp og sáum linsu. Þá tók ég eftir myndavélinni,“ segir Anita Erla. Myndavélin var falin inni í lof-

ræstingunni ofarlega á einum vegg og beindist niður að sófanum á móti sjónvarpinu.

### Leit perralega út

Þau höfðu strax samband við bókunarvefinn booking.com sem ræddi við eiganda íbúðarinnar. Sagði eigandinn í tölvupósti að tækið sem þau höfðu fundið væri til þess að mæla orkunotkun. Eigandinn mætti svo í íbúðina daginn eftir og harðneitaði að þetta væri myndavél.

„Þegar hann kom til okkar og við töluðum við hann um þetta þá var hann mjög stressaður, eins og það væri búíð að góma hann. Hann leit líka perralega út,“ segir Anita. Eigandinn endurtók þær fullyrðingar sínar að þetta væri tæki til að mæla

orkunotkun, en þau Anita og Sævar voru tilbúin og sýndu eigandanum mynd af Google af myndavélinni og orkunælinum. Ekki fór á milli mála að tækið í loftræstingunni var myndavél en eigandinn hélt áfram að þræta fyrir það.

Anita og Sævar fengu aðra íbúð í gegnum booking.com og njóta enn lífsins í Alicante. Anita hvetur aðra sem taka íbúðir á leigu að skoða sig vandlega um. „Fólk þarf að passa sig,“ segir Anita.

### Lítil myndavél í vinsælli íbúð

Íbúðin heitir Sunny Apartment á vef Booking. Hún fær mjög góðar umsagnir á bókunarvefnum og er með einkunnina 8,1 af 10. Hún



**Falin myndavél**  
Myndavélar af tegundinni D-Link eru smáar í sniðum, flestar eru rúmlega 7 sentimetrar á hæð og 5 sentimetrar á breidd.

er miðsvæðis í Alicante, í 10 mínútna göngufæri frá ströndinni og 500 metra göngufæri frá markaðnum. Miðað við umsagnir á vef þá er íbúðin vinsæl meðal para, má þar finna umsagnir ferðamanna frá Danmörku, Írlandi og Ungverjalandi. Ekki liggur fyrir hversu lengi myndavélin var í íbúðinni eða hvort eigandi íbúðarinnar hafi náð fyrri gestum á mynd.

Myndavélin sem þau fundu er af gerðinni D-Link, en þær eru smáar. Framleiðandinn býður upp á ýmsa möguleika, þar á meðal hreyfiskynjara, gleiðlinsur til að fylgjast með stærra svæði, hljóðupptöku og myndupptöku í háskerpu sem hægt er að streyma í gegnum netið og horfa á í gegnum tölvu eða snjallsíma. ■

# 5 sem eiga skilið milljón í launahækkun

Af hverju ekki?

Laun Eggerts Þórs Kristóferssonar, forstjóra NI, hækkuðu um eina milljón króna á mánuði. Er hann núna með 5,9 milljónir á mánuði. NI er að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða og dróst hagnaður félagsins saman um 1,4 milljarða á sama tíma og laun forstjórans voru hækkuð um milljón. Af því tilefni tók DV saman lista yfir fimm sem eiga líka skilið milljón í launahækkun.



### Biskupinn

Virkir í athugasemdum ærast þegar biskupinn fær launahækkun, þeim má ekki bregðast. Hafa skal í huga að það er ekki persónan Agnes biskup sem fengi launahækkun, heldur bara biskupinn.



### Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Bjarkey Olsen, þingflokksformaður Vinstri grænna, er með 1,5 milljónir á mánuði, þar af eru 180 þúsund krónur á mánuði frá Alþingi til að halda tvö heimili. Hún segir það ekki duga til að greiða af húsnæðislátninu.



### Guðni forseti

Ef það er einhver sem á að fá milljón í launahækkun er það Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hann gefur peninginn hvort eð er til góðgerðamála. Stýðjum góð málefni, hækkum laun Guðna.



### Lalli Johns

Lalli hefur aldrei verið efnaður og fékk aldrei milljónirnar sem honum voru dæmдар í Breiðavíkurmálinu. Nú er hann búinn að vera eðru í fjögur ár og er á góðum stað í lífinu.

### Kjararád

Kjararád hefur sýnt ótrúlegan dugnað og myndugleika á undanförmum misserum við að hækka laun æðstu ráðamanna. Það er tími til kominn að endurgjalda greiðann.



Hönnunars  
Reykjavík  
15.–18.03.2018



# ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

Sýnendur: Fólk Reykjavík + Gagn + Hring eftir Hring + Sveinbjörg by Vorhus living + Páll Guðmundsson + Hanna Dís Whitehead + Erla Sólveig Óskarsdóttir + Katrín Ólína + Sigurjón Pálsson + Þórunn Árnadóttir + Tulipop + Umemi + Helga Sigurbjarnadóttir + Chuck Mack + Sveinn Kjarval + Guðmundur Lúðvík + Vík Þrjónsdóttir

Ásamt: Nemendasýning frá Myndlistaskóla Reykjavíkur: Úr böndunum undir stjórn Rögnu Fróðadóttur



Opnunartímar: Fim: 10:00 – 18:00 · Fös: 10:00 – 18:00 · Lau: 11:00 – 16:00 · Sun: 12:00 – 16:00

# BUBBI FALINN

„Ég tók þá kvörðun að vera góður við sjálfan mig. Ég hætti að reykja tóbak, gras og hass, hætti að drekka, æfi 6 sinnum í viku, sofna snemma, vakna snemma – geri bara það sem er gaman; yrki ljóð, sem lög og texta, held tónleika. Ég tók þá ákvörðun að vera góður við sjálfan mig,“ sagði Bubbi Morthens af sinni alkunnu snilld á Twitter í vikunni. Eins og áður var andlit Bubba vandlega falið í síðasta helgarblaði en það mátti þó glitta í það á síðu 28. Fjöldmargir sendu inn rétt blaðsíðutal, en að lokum var það Óli Kr. Ármannsson sem dreginn var út. Hlýtur hann gjafabréf á veitingastað að launum. Við hvetjum lesendur til að leita að Bubba í þessu blaði og senda rétta lausn á netfangið [bubbi@dv.is](mailto:bubbi@dv.is).

Finndu Bubba í blaðinu



## Hvaða ár?

Charles de Gaulle-flugvöllur í París var opnaður.

Geir Hallgrímsson varð forsætisráðherra eftir yfirburðasigur Sjálfstæðisflokks í þingskosningunum.

Stephen King gaf út sína fyrstu skáldsögu, Carrie.



Leikararnir Leonardo DiCaprio og Christian Bale fæddust.

Lagid Kung Fu Fighting með Carl Douglas sló í gegn.

PHOTO BY VAS



Árni Gils kynlífsmyndskeldi af Árna og fyrrverandi ástkonu hans hefur verið lekið á klámsíðuna alræmdu Pornhub. Árni Gils segir í samtali við DV að reynt hafi verið að kúga út úr honum fé vegna myndbandanna.

# Kynlífsmyndböndum af Árna Gils lekið á Pornhub

„Ég er fórnarlamb hefndarkláms“ ■ Segir að reynt hafi verið að kúga út úr sér fé

Björn Þorfinnsson  
[bjornth@dv.is](mailto:bjornth@dv.is)



Ég er fórnarlamb hefndarkláms. Það var verið að reyna að kúga mig til þess að borga gjald til þess að sleppa við þetta en ég neitaði. Þetta eru afleiðingar,“ segir Árni Gils Hjaltason í samtali við DV. Í vikunni var 5–6 sex kynlífsmyndböndum af Árna Gils lekið á klámsíðuna alræmdu Pornhub í kjölfar þess að hann neitaði að láta undan áður nefndum kúgunum. Skjaskot úr einu myndbandi bárust til DV.

Að sögn Árna fékk hann fljótleiga að vita hvað hefði gerst en þá var skadinn skeður. „Ég tilkynnti myndböndin í hveli og endaði með að senda upplýsingar á fyrirtækið um að þetta væri ekki með mínum vilja. Ég þurfti að sanna hver ég væri með myndum af vegabréfi og í kjölfarið voru myndböndin tekin út,“ segir Árni. Þá hafði eitt myndbandið fengið um þrjár milljónir áhorfa að sögn Árna og hafði hann orðið fyrir margum

konar áreiti þess vegna. „Ég fékk meðal annars tölvupóst frá Japan þar sem mér var boðið hlutverk í þarlandri klámmynd,“ segir Árni.

### Treytir ekki lögreglu

Myndböndin voru af margvíslegum kynlífsathöfnum Árna og þáverandi ástkonu hans en hún tók myndböndin upp. Þau eru óskýr að sögn Árna en í einu þeirra sést þó greinilega í andlit hans. Árni vinnur nú í því að fá myndböndin fjarlægð af klámsíðunni, sem er sú vinsælasta í veröldinni, en hann hyggst ekki leita til lögreglunnar um aðstoð. „Ég treysti þeim ekki. Lögreglan hefur komið ótrúlega illa fram við mig og notar allt gegn mér,“ segir Árni.

Málið sem Árni vísar í er hnífstunguárás í Breiðholti fyrir rúmu ári. Nokkrum mánuðum síðar var Árni dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir morðtilraun. Í kjölfar dómsins stigu Árni og faðir hans, Hjalti Úrsus Árnason, fram í fjölmiðlum og sögðu að réttarmorð hefði verið framið á Árna. Hann hafi ekki fengið sanngjarna

málsmeðferð og engin sönnunargögn benduðu hann við hinn meinta glæp. Málið vakti mikla athygli í samfélaginu og var því að sjálfsögðu áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur kvað upp þann úrskurð að senda málið aftur til héraðsdómstóls og þar með var það úr sögunni að sögn feðganna. „Við erum að undirbúa stærstu skaðabótakröfu Íslandssögunnar,“ sagði Hjalti Úrsus vígreifur í viðtali í kjölfar niðurstöðunnar.

### Fær ekki afhent öryggismyndband

Árni Gils segir farir sínar ekki sléttar af samskiptum hans við lögreglu. „Þeir hafa komið illa fram við mig og ég treysti þeim ekki,“ segir Árni. Hann var í slæmu andlegu ástandi eftir að hafa verið tæplega 300 daga í gæsluvarðhaldi í kjölfar ofangreinda dómsins. „Þetta voru 300 dagar af svefnleysi og með það yfir höfðinu á sér að ég væri að fara að sitja lengi inni. Þegar ég losnaði fór ég að leita mér gedhjálpar en þá lenti ég aftur í klóm lögreglunnar,“ segir Árni.

Vísar hann í sérsveitarmenn sem miðuðu á hann byssum en DV fjallaði um upptöku þann 13. desember síðastliðinn.

Í fréttinni sást stutt myndskeldi sem Árni tók upp sjálfur og en þar sjást sérsveitarmenn vopnaðir rafbyssum umkringja hann. „Ég spurði þá hvort að ég væri handtekinn en þeir neituðu því. Þá sagðist ég vera frjáls maður og ætla að yfirgefa svæðið,“ segir Árni. Hann hafi reynt að komast í burtu en hafi rekist í byssu sérsveitarmanns. „Þá miðaði hann byssunni og öskraði á mig að ég ætti að stoppa annars myndi hann skjóta, þetta endurtók hann í sífellu,“ segir Árni. Í kjölfarið segist hann hafa verið í gislingu lögreglu í rúmar 20 mínútur. „Ég er búinn að reyna að fá upptöku úr öryggismyndavél af þessu atviki en hún hefur ekki fengið. Ég ætla samt ekki að gefast upp, framkoma lögreglu í minn garð mun koma upp á yfirborðið að lokum,“ segir Árni Gils. ■

## AÐALFUNDUR BÍ 2018

Fimmtudaginn 26. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23

Aðalfundur Bláðamannafélags Íslands árið 2018 verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl n.k. að Síðumúla 23 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00.

### Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Skýrslur frá starfsnefndum
- Kosningar\*
- Lagabreytingar
- Önnur mál

\*Framboð til formanns Bí þarf að berast skrifstofu Bí ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

BÍ-félagar eru hvattir til að mæta



## Heimskulega spurningin og óskiljanlega svarið

Smári McCarthy og Ásmundur Friðriksson eru þingmenn Suðurkjördæmis. Ásmundur býr í Reykjanesbæ og keyrir í vinnuna, hann fær 44.680 krónur á mánuði frá Alþingi í húsnæðis- og dvalarkostnað vegna heimanaksturs. Smári býr á Hverfisgötu, 800 metrum frá Alþingishúsinu, hann fær 134.041 krónur á mánuði frá Alþingi í húsnæðis- og dvalarkostnað. DV leit aði til Helga Bernóðssonar, skrifstofustjóra Alþingis, með eftirfarandi spurningu:



Má Smári ganga í vinnuna og fá 44.680 krónur í stað 134.041?

Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis, svarar:

„Nei. Það verður að vera um raunverulegan heimanakstur að ræða. Og að sjálfsögðu búseta utan Reykjavíkur.“ ■



Listmunauppboð nr. 109

# Listmunauppboð í Gallerí Fold


mánudaginn 19. mars, kl. 18



Erró



Jóhannes S. Kjarval



Þorvaldur Skúlason



Kristján Davíðsson



Bernd Koberling



Richard Serra



Nína Tryggvadóttir



Alfreð Flóki



Eiríkur Smith



Bragi Ásgeirsson



Karólína Lárusdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjölda frábærra verka gömlu meistaranna.

Forsýning á verkunum laugardag til mánudags

laugardag kl. 11–16, sunnudag kl. 12–16 og mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)



Fjór hjóladrifið skemmtun = páskafrí +

# TIVOLI

Taktu fríð í Tivoli frá SsangYong. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjór hjóladrifið og ævintýrilega góður í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði, fimm ára ábyrgð og frábært verð.

- + Ríkulegur staðalbúnaður
- + 1,5 tonna dráttargeta
- + Fjór hjóladrif með læsingu

SsangYong Tivoli - verð frá:

**3.490.000 kr.**





Fimm ára ábyrgð

sumarfrí + vetrarfrí

OLL

**425.000 kr.**  
kaupauki

Toyo harðskeljadekk	130.000
Dráttarveisli	195.000
Eldsneytiskort	100.000

**Kaupauki samtals: 425.000**



Verið velkomin í reynsluakstur | [benni.is](https://www.benni.is).

Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Bílabúð  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum

# 10 bestu veitingastaðir

## Nýliðarnir tróna á toppinum ■ Notendur Tripadvisor kveða upp sinn dóm

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Icelandic Street Food, nýr veitingastaður við Lækjargötu, er vinsælasti veitingastaður höfuðborgarinnar samkvæmt notendum Tripadvisor, sem flestir eru erlendir ferðamenn. Í öðru sæti er annar nýr veitingastaður, Nostra Restaurant við Laugaveg. Veitingamenn eru á einu máli um að gríðarlega mikilvægt sé að vera ofarlega á blaði á Tripadvisor því fjölmargir ferðamenn styðjast við vefsíðuna þegar þeir reyna að velja sér einn af tæplega 400 veitingastöðum borgarinnar til að heimsækja.

Lausleg athugun bendir til þess að ferðamenn kunni best að meta góðan mat, fallett umhverfi, notalegt andrúmsloft, hlýlega þjónustu og hóflegt verð. Það eru byltingarkenndar niðurstöður.

Athygli vekur að eini veitingastaður landsins sem skartar Michelin-stjörnu, Dill, er aðeins í

81. sæti listans. Hefur blaðamaður orðið var við mataráhugamenn taki það sem dæmi um að Tripadvisor-listinn sé fullkomlega ómarktækur. Miðað við umsagnir á Tripadvisor virðist Dill vera fórnarlamb gríðarlegra væntinga gesta sem haldast ekki í hendur við endanlega upplifun og reikninginn.

Þá er rétt að taka fram að listinn getur breyst hratt en þessi grein miðast við hver staðan er að morgni 14. mars 2018. DV hefur tekið saman þennan lista á svipuðum tíma ár hvert. Sjö veitingastaðir voru einnig á listanum í fyrra en tveir nýliðar skutu hinum ref fyrir rass, eins og áður segir. Þó lifir lengi í gömlum glæðum og því verða eflaust margir ánægðir að sjá að Grillið á Hótel Sögu hefur flogið upp listann undanfarið ár og kemst inn á listann í 10. sæti. Veitingastaðurinn Restó hefur tívægis verið í efsta sæti listans, árið 2015 og 2017 en er nú fallinn niður í sjöunda sæti. ■



**1 ICELANDIC STREET FOOD** Veitingastaðurinn var opnaður á síðasta ári í litlu rými við Lækjargötu 8. Eigendur staðarins eru ekki að flækja málið með viðamiklum matsedli heldur halda sig við fáa og einfalda rétti en gera þá vel. Miðað við viðbrögð notenda Tripadvisor þá njóta súpur staðarins, sem eru bornar fram í brauðskálum, mestra vinsælda. Tvær tegundir eru iðulega í boði, kjöt- og sjávarréttarsúpa. Geta gestir meira að segja smakkað báðar gerðir af súpum ef út í það er farið og það þykir ferðamönnum frábært, ef marka má umsagnir.

Ef umsagnir gesta við Icelandic Street Food eru skoðaðar þá sést að það er einkum fernt sem virðist falla í kramið. Það er hagstætt verðlag, frábærar súpur með ókeypis áfyllingu, skemmtilegt andrúmsloft og afar vinalegt starfsfólk staðarins. Miðaldra ensk hjúkrunarkona (hún tekur það sérstaklega fram) skrifar hjartnæma umsögn um staðinn og segir að unga fólk sé reki Icelandic Street Food sé að gera hlutina rétt og það sé henni mikið hjartans mál að koma því á framfæri.

Þá er greinilegt að þjónustulund starfsmanna hefur slegið í gegn. Þannig segir einn gestur frá því að ferðafélagi hans sé grænmetisæta og hafi því fengið að koma með grænmetisúpu með sér af öðrum stað. Það hafi ekki verið neitt mál og eigandi staðarins hafi meira að segja komið með brauðskál undir súpuna honum að kostnaðarlausu.



**2 NOSTRA RESTAURANT** Nostra Restaurant var opnað á síðari hluta ársins 2017 og er því enn ein viðbótin við glæsilega flóru íslenskra veitingastaða. Á Nostra er „áherlan lögð á íslenskt hráefni að skandinavískum síð í bland við það besta úr franskri matargerð“ svo vitnað sé beint í frétt veitingageirans.is af opnun staðarins. Mikið er lagt í útlitshönnun veitingastaðarins sem er í nýuppgerðu rými á 2. hæð Kjörgarðs við Laugaveg.

Miðað við umsagnir erlendra ferðamanna þá er greinilegt að Nostra er að gera eitthvað rétt, jafnvel hárrétt. Af umsögnum að dæma er þjónusta staðarins í „heimsklassa“ og mikil ánægja virðist ríkja með sex rétta matsedilinn sem margir virðast skella sér á. Þá minnst margir á kokteila staðarins sem eru framreiddir á sérstökum kokteilbar staðarins, sem ber heitið Artson. Sumir ferðalangar taka það fram að Nostra sé sérstaklega finni staður og verðið sé eftir því en upplifunin sé hvernar krónu virði.



**4 MESSINN** Messinn var opnaður með pomp og prakt í júní 2016 og slógu fiskréttir staðarins umsvifalaust í gegn, jafnt hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Eigandi staðarins, Jón Mýrdal, sagði að markmiðið væri að fanga anda Tjörúhússins, hins rómaða veitingastaðar á Ísafirði. Það hefur tekist og gott betur. Messinn var í fjórða sæti listans í fyrra og heldur velli þrátt fyrir áhlaup nýliða. Þá var nýlega opnað annað útibú staðarins í glæsilegum sal við Grandagarð 8.

Eins og gefur að skilja er það sjávarfangið sem heillar erlenda ferðamenn en einnig er oft minnst á skammtastærðirnar sem séu ríflegar og verðið sanngjarnt. Þá mæla fjölmargir með staðnum í hádeginu enda er verðið enn hagstæðara þá.



### 3 FORRÉTTABARINN

Undanfarin þrjú ár hefur Forréttabarin ætíð átt sæti á topp 10 listanum en verið að lúra í 6.–8. sæti. Matreiðslumeistarinn og eigandi staðarins, Róbert Ólafsson, hefur greinilega verið að gera góða hluti því dómar erlendra ferðamanna eru lofsamlegir í meira lagi. Eins og nafnið gefur til kynna leggur Forréttabarin áherslu á forrétti í tveimur stærðum en að auki er sérstakur matseðill afar vinsæll meðal gesta. Gestir halda vart vatni yfir matnum sem er í boði en einnig er ítrekað minnst á sanngjarnt verð. Þá virðist „Happy hour“ staðarins njóta mikilla vinsælda enda er sopinn dýr hér á landi.



**5 OSTABÚÐIN** Fyrir tæpum þremur árum var opnaður nýr og endurbættur veitingastaður Ostabúðarinnar auk þess sem staðurinn sótti loks um vinveitingaleyfi. Nánast umsvifalaust flaug staðurinn upp vinsældalista Tripadvisor og hefur síðan átt fast sæti á efri helmingi þessa árlega lista. Erlendir gestir mæla með Ostabúðinni í hádeginu og á kvöldin. Maturinn er lofður í hástert og þá sérstaklega sjávarfangið. Þá þykir þjónustan góð og gestir minnst á afslappað og þægilegt andrúmsloft.



# Staðirnir í Reykjavík



**6 FISKMARKAÐURINN** Drottning íslenska veitingageirans, Hrefna Sætran, á að sjálfsögðu sinn fulltrúa á listanum og það verður að segjast eins og er að það vekur nánast undrun að Grillmarkaðurinn sé ekki líka ofarlega á blaði. Sá ágæti staður lúrir í 16. sæti listans. Fiskmarkaðurinn var stofnaður á því herrans ári 2007 og hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda. Þannig hefur staðurinn ár hvert átt sæti á þessum lista. Það þarf engum að koma á óvart að á Fiskmarkaðinum er lögð áhersla á fisk og matreiðslan fellur vel í kramið hjá gestum. Maturinn er sagður bragðgóður, frumlegur og fallega borinn fram. Tekið er fram að staðurinn sé ekki ódýr en verðið sé þessi virði.



**7 RESTÓ** Allt frá opnun Restó fyrir rúmum þremur árum hefur staðurinn trónað á toppi Tripadvisor-listans. Staðurinn var efstur á listum DV árið 2015 og 2017 en varð að gera sér annað sætið að góðu árið 2016. Í stuttu viðtali við DV í fyrra sagði eigandi staðarins, matreiðslumaðurinn Jóhann Helgi Jóhannsson, að efsta sætið væri tvíeggja sverð. Það skilaði sér í fleiri viðskiptavinum en ella en að sama skapi væru væntingarnar mjög miklar, jafnvel óraunhæfar. Restó má þó vel við una í sjöunda sæti og sé mið tekið af skriflegum umsögnum gesta þá eru þeir ánægðir með heimsóknina. Fiskréttir staðarins virðast njóta mestra vinsælda en látlaust yfirbragð staðarins og hlýleg þjónusta og andrúmsloft fellur greinilega vel í kramið.



**8 OLD ICELAND RESTAURANT** Hér er á ferðinni annar fastagestur listans en allt frá opnun Old Iceland, í desember 2014, hefur staðurinn notið mikilla vinsælda hjá ferðamönnum. Um fjölskyldustað er að ræða sem er í eigu þriggja bræðra en aðeins einn af þeim sér um daglegan rekstur, yfirkokkurinn Þorsteinn Guðmundsson. Ferskt íslenskt hráefni leikur lykilhlutverk á matseðlinum og er höfuðáherslan lögð á ýmsa fiskrétti. DV hefur áður minnst á að forsvarsmenn staðarins reyna að svara flestum umsögnum á Tripadvisor, bæði jákvæðum og neikvæðum, og það er til mikillar fyrirmyndar.



**9 MATARKJALLARINN - THE FOOD CELLAR** Matarkjallarinn var opnaður um miðjan maí 2016 í húsnæði sem hýst hefur allnokkra veitingastaði í gegnum árin. Strax frá opnun rauk staðurinn upp vinsældalistann og var í öðru sæti þessa lista í fyrra. „Brasserie matargerð ræður ríkjum í eldamennskunni þar sem áherslan er á íslenskt hráefni,“ segir á heimasíðu Matarkjallarans en á meðan gestir njóta matarins þá hlýða þeir á lifandi tónlist frá Bösendorf-flygli sem var smíðaður árið 1880 í Vínarborg.



**10 GRILLIÐ** Lengi lifir í gömlum glæðum. Það hefur verið rauður þráður á þessum listum að nýir veitingastaðir eiga auðveldara með að rjúka upp vinsældalistann. Það er því ánægjulegt að sjá Grillið koma inn á topp 10 listann enda hefur staðurinn í áratugi verið einn sá allra besta á höfuðborgarsvæðinu. Gestir halda ekki vatni yfir matnum og þjónustunni en þá er útsýnið af efstu hæð Hótel Sögu eitthvað sem allir minnst á. Þá hefur veitingastaðurinn greinilega sett aukinn kraft í markaðssetningu sína því öllum umsögnum um staðinn á Tripadvisor er samvikusamlega svarað. Það virðist skila árangri.

## BESTIR 2017



1. Restó
2. Matarkjallarinn – The Food Cellar
3. Ostabúðin
4. Messinn
5. Kaffivagninn
6. Matur og drykkur
7. Old Iceland Restaurant
8. Forréttabarin
9. Fiskmarkaðurinn
10. Fiskfélagið

## BESTIR 2016



1. Friðrik V (hættur starfsemi)
2. Restó
3. Ostabúðin
4. Matur og drykkur
5. Fiskmarkaðurinn
6. Old Iceland Restaurant
7. Sjávargrillið
8. Kaffivagninn
9. Forréttabarin
10. Fiskfélagið

## BESTIR 2015



1. Restó
2. Fiskmarkaðurinn
3. Friðrik V (hættur starfsemi)
4. Sjávargrillið
5. Grillmarkaðurinn
6. Forréttabarin
7. Fiskfélagið
8. Kol Restaurant
9. Kjallarinn – Kitchen Bar (hættur starfsemi)
10. Old Iceland Restaurant

**Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is**

- ➔ Inni- og útimerkingar
- ➔ Sandblástursfilmur
- ➔ Striga- og ljósmyndaprentun
- ➔ Bílamerkingar
- ➔ Gluggamerkingar
- ➔ Prentun á símahulstur
- ➔ Frágangur
- ... og margt fleira

**XPRENT**  
 Hönnun & Merkingar

SUNDABORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS

# Gunnhildur hélt eiginmanninum uppi með fermingarpeningunum

■ Var 17 ára þegar hún giftist nigerískum manni ■ Lítur á þetta sem jákvæða reynslu

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



**G**unnhildur Thelma Rós-  
mundsdóttir var einungis  
sautján ára gömul þegar  
hún gekk í hjónaband með  
manni frá Nígíeríu. Þurfti hún í  
kjölfarið að sjá ein fyrir heimilinu  
á tímabili. Hún segir reynsluna  
hafa gert það að verkum að hún  
þroskaðist hraðar en jafnaldrar  
hennar en viðurkennir að við-  
brögð fólks við ráðahagnum hafi  
verið æði misjöfn.

## Varð fyrir einelti í æsku



Gunnhildur segir að ævi hennar  
hafi ekki alltaf verið dans á rós-  
um. Hún var alin upp á Hólmavík  
en þar bjó hún með foreldrum og  
þremur systkinum.

„Ég lenti í miklu einelti á mín-  
um yngri árum frá krökkum,  
kennurum og líka smávegis frá  
fjölskyldumeðlimum og þá sér-  
staklega ömmu minni. Afí minn er  
alkóhólisti og hefur það haft áhrif  
á alla í fjölskyldunni. Þegar ég var  
lítil þá vildu foreldrar mínir gefa  
okkur allt sem við vildum, sem  
er gott en líka slæmt. Ég var erfið  
sem barn og vildi stjórna öllu og  
vildi aldrei gefa neitt eftir. Þegar ég  
var sjö ára byrjaði vesen með mat,  
mamma mín vann í búðinni á  
Hólmavík og ég fór á hverjum degi  
og fékk mér eitthvað og þyngdist  
mjög mikið á stuttum tíma. Fólk  
grunaði að eitthvað væri að og  
ég fór í skoðun til lækna og aldrei  
fannst neitt við þessu.“

Þegar Gunnhildur var átta ára  
flutti besta vinkona hennar úr  
þorpínu og var Gunnhildur því  
mikið ein eftir það. Þá gekk henni  
illa í skóla vegna lesblindu og til  
að flýja vanlíðan sótti hún í mat  
og fatakaup. Þá sóttist hún eftir  
viðurkenningu frá hinu kyninu og  
nýttu níðingar sér það til að brjóta  
á Gunnhildi. Kveðst hún hafa verið  
aðeins 11 til 12 ára þegar hún  
sendi nektarmyndir af sér. Upp  
komst um málið þegar send var  
nektarmynd af Gunnhildi til fólks  
á Hólmavík. Eftir því sem hún varð  
eldri dró úr eineltinu en kennar-  
ar í skólanum hafi í staðinn tek-  
ið hana fyrir. Þegar Gunnhildur  
hóf nám í tíunda bekk hafði dregið  
mjög úr eineltinu í skólanum  
og voru henni í lok árs veitt verð-  
laun fyrir mestu framfarirnar. Það  
skygðði þó á að um svipað leyti  
skildu foreldrar hennar og í kjöl-  
farið tvístraðist fjölskyldan. Gunn-  
hildur flutti til Reykjavíkur með  
móður sinni.

„Hann var þá búinn að vera á  
Íslandi í nokkra mánuði en hafði  
áður farið frá Afríku til Tékklands  
og var þar í skóla. Vinur hans, sem  
var búsettur á Íslandi, bauð hon-  
um síðan að koma til Íslands og  
vera hjá sér á meðan hann væri  
að leita að vinnu. Við byrjuðum að  
hittast og þetta þróaðist allt mjög  
hratt. Fljótlega kom síðan í ljós að  
hann átti von á að vera sendur úr  
landi þar sem dvalarleyfið hans  
var að renna út eftir nokkrar vikur.“

Samkvæmt 13. gr. laga um  
útlendinga geta útlendingar sem  
eru í hjúskap með íslenskum ríkis-  
borgara átt rétt á því að fá dvalar-



leyfi hér á landi. Ef hjúskapur  
hefur varað í að minnsta kosti þrjú  
ár er ekki hættá á að viðkomandi  
missi dvalarleyfið. Það þurfti  
að taka ákvörðun um framtíð-  
ina í skyndi og ákvað í kjölfarið að  
ganga í hjónaband svo hægt væri  
að tryggja að maðurinn gæti verið  
áfram á Íslandi. Gunnhildur játar  
að vissulega hafi viðbrögð fólksins  
í kringum hana ekki alltaf verið já-  
kvæð.

„Það voru ekkert allir sem  
skildu af hverju ég var að gera  
þetta,“ segir Gunnhildur.

Aldursmunurinn á parinu vakti  
einnig viðbrögð en Gunnhildur  
segir að vísu sé mikið um aldurs-  
mun í hennar nánustu fjölskyldu:  
til að mynda séu 13 ár á milli for-  
eldra hennar og 19 ár á milli föð-  
ur hennar og núverandi unnustu.  
Þá eru einnig 13 ár á milli móð-  
ur hennar og núverandi manns  
hennar.

„Ég hef alltaf vitað, síðan ég var  
ung, að minn framtíðareiginmaður  
myndi vera útlenskur. Ég hef aldrei  
sótt í íslenska stráka enda er mín  
reynsla af þeim ekkert sérstaklega  
góð. Ég var líka þannig að ég leit-

## Breytti mér til hins betra

aði mjög mikið í hrifningu frá öðr-  
um þar sem að ég fékk lítið af um-  
hyggju og ástúð í æsku. Það sést  
kannski best á því að ég var áður  
með 99 prósentu mætingu í skól-  
anum en eftir að við byrjuðum  
saman varð mætingin mjög slöpp  
þar sem að ég vildi alltaf vera með  
honum.“

Gunnhildur kveðst hafa orðið  
fyrir aðkasti fyrir að hafa hafið  
samband með manningum.

„Ég fékk að heyra að hann væri  
að nota mig, en mér var sama  
hvað fólk sagði.“ Hún bætir við  
að það hafi ekki verið þannig að  
maðurinn hafi þrýst á hana að  
giftast honum. „Mér fannst ég al-  
veg tilbúin og ég var ekkert hrædd  
eða hikandi. Ég sagði við hann á  
tímabili að ef hann yrði sendur í  
burtu þá myndum við bíða og gifta

okkur þegar ég væri orðin átján  
ára. Ég hef áður kynnst og talað við  
útlending sem er ekki með dval-  
arleyfi og hann pressaði lúmskt á  
mig með því að segja hluti eins og:  
„Þegar þú ert tilbúin þá getum við  
gift okkur.“ Þú þarft að passa sjálf-  
an þig í þessum aðstæðum.“

Þar sem Gunnhildur var ekki  
orðin lögráða þurfti að sækja um  
fyrir hana sérstakt leyfi til dóms-  
málaráðuneytisins til að fá ganga  
í hjúskap. Giftingarathöfnin fór  
síðan fram með látlausum hætti á  
skrifstofu Sýslumannsins í Reykja-  
vík í júlí 2014, minna en hálfu ári  
eftir að Gunnhildur og maðurinn  
kynntust.

Móðir Gunnhildar hafði flust  
búferlum til Noregs fyrr um árið  
og þurfti Gunnhildur að finna  
sér nýjan samastað ásamt eigin-  
manni sínum. Tóku þau í kjölfarið  
íbúð á leigu. Eiginmaður Gunn-  
hildar fékk vinnu við ræstingar hjá  
fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.  
Þar sem að hann var ekki kom-  
inn með íslenska kennitölu fékk  
hann ekki útborgað fyrr en eftir  
rúmlega hálfu ári í vinnu. Gunn-  
hildur þurfti því nær alfarið að sjá

fyrir heimilinu, borga reikninga  
og leigu. Á þeim aldri, þegar flest-  
ir búa áhyggjulausir í foreldrahús-  
um, þurfti Gunnhildur því að reka  
heimili samhliða því að vera í  
vinnu.

„Ég eyddi öllu sem ég átti:  
fermingarpeningunum, barna-  
peningunum, öllum launum,  
hverri krónu,“ segir Gunnhildur  
en barnapeningurinn sem um  
ræðir voru upphæðir sem hún  
hafði safnað inn á sparireikning  
frá unga aldri. Hlutirnir breyttu-  
st hins vegar til hins betra eftir að  
eiginmaður Gunnhildar fékk út-  
hlutað íslensku kennitölu og gat  
komið með tekjur inn á heimilið.  
Hún gat því einbeitt sér aftur að  
framhaldsskólanáminu ásamt  
því að vera í hlutastarfi. Þrátt fyr-  
ir mikið álag tókst henni að ljúka  
stúdentsprófi á fjórum árum líkt  
og jafnaldrar hennar.

## Sátt í dag

Það skildi í fyrri eftir fjögurra ára  
hjónaband og segir Gunnhildur  
að þau hafi fjarlægst hvort annað  
smátt og smátt.

„Það fór að vera eins og hann  
hefði aldrei tíma fyrir mig, hann  
var í 100 prósent vinnu og seinna  
í 100 prósent námi og á fullu að  
stunda ræktina. Við gerðum líka  
þau mistök að ef upp komu vanda-  
mál þá leystum við ekki úr þeim.  
Ég fór að efast um sambandið, en  
ég var samt hrædd við óvissuna og  
hvað myndi taka við ef við mynd-  
um skilja.“

Gunnhildur kveðst sátt við líf-  
ið í dag en hún hefur undanfarin  
misseri unnið á hjúkrunarheimili  
og stefnir á háskólanám, hugsan-  
lega erlendis. Hún segir engin sár-  
indi eða svik hafa verið á bak við  
skilnaðinn.

„Alls ekkert þannig, hann er  
mjög góður maður og ég hef ekk-  
ert á móti honum, þetta var ekki  
að ganga upp.“ Hún bætir við að  
vissulega hafi hún fórnað afar  
miklu fyrir hjónabandið en það  
þjóni litlum tilgangi að velta sér  
upp úr því. „Ég get ekkert breytt  
þessu í dag. Ég lít á þetta sem  
ákveðna lífsreynslu, þetta breytti  
mér til hins betra og gerði að verk-  
um að ég þurfti að þroskast hratt í  
stað þess vera kannski í einhverju  
djammi og rugli.“ ■

# Sólarferðir

# FYRIR FULLORÐNA

Frá kr.  
**107.395\***



Allt að  
**20.000 kr.**  
afsláttur á mann

**BÓKAÐU SÓL**  
**ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,  
taska og handfarangur  
innifalið.

\*Öll verð eru með afslætti.

**S**ífelld fleiri hótél eru einungis ætluð fullorðnum, eða aðeins fyrir 16-18 ára eða eldri. Á nær öllum sólaráfangastöðunum okkar má finna hótél sem eru aðeins fyrir fullorðna en dvöl á þeim hótélum hefur notið mikilla vinsælda síðastliðin ár. Það er afslappað andrúmsloft á þessum hótélum en dvöl þar er tilvalin fyrir pör og einstaklinga.

## TENERIFE



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

**Tigotan - Friends & Lovers** ●●●●

**Frá kr. 128.195 m/hálft fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 128.195 m.v. 2 fullorðna í herb. 16. maí í 7 nætur

## TENERIFE



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

**Arona Gran Hotel & Spa** ●●●●

**Frá kr. 108.590 m/hálft fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 108.590 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 114.295 m.v. 2 fullorðna í herb. 16. maí í 7 nætur

## MALLORCA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

**Senses Palmanova Hotel** ●●●●+

**Frá kr. 133.095 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 133.095 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 204.445 m.v. 1 fullorðinn í herb. 17. júní í 7 nætur

## MALLORCA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

**Sol Beach House Cala Blanca** ●●●●

**Frá kr. 131.420 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 131.420 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 135.395 m.v. 2 fullorðna í herb. 17. júní í 7 nætur

## KRÓATÍA



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

**Melia Coral Hotel** ●●●●●

**Frá kr. 183.295 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 183.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur

## KRÍT



AÐEINS FYRIR 16 ÁRA +

**Hotel CHC Galini Sea View** ●●●●

**Frá kr. 152.695 m/allt innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 152.695 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 195.315 m.v. 1 fullorðinn í herb. 15. júní í 10 nætur

## BENIDORM



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

**Hotel Levante Club & Spa** ●●●●

**Frá kr. 107.395 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 107.395 m.v. 2 fullorðna í herb. Frá kr. 130.650 m.v. 1 fullorðinn í herb. 3. júní í 7 nætur

## BENIDORM



AÐEINS FYRIR 18 ÁRA +

**Hotel Agua Azul** ●●●

**Frá kr. 108.885 m/allt innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 108.885 m.v. 3 fullorðna í herb. Frá kr. 114.295 m.v. 2 fullorðna í herb. 3. júní í 7 nætur

Bitr með lýnivera um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án lýnivera. ENNEDMAY / SIA • NM87266

☎ 595 1000 • [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)

**Heimsferðir**  
-fáðu meira út úr fríinu



MYNDIR SIGTRYGGLIARI

# TALDI SIG EIGA ÁR EFTIR ÓLIFAÐ

■ York Underwood var fyrir mistök talinn með fjögurra sentimetra æxli í ristlinum  
■ Sagt að búa sig undir það versta ■ Varð að eignast ákveðna tösku áður en hann færi

Steingerður Sonja Þórisdóttir  
ritstjorn@dv.is



Kanadíska uppistandarinn York Underwood kom upphaflega til Íslands út af auglýsingu frá Icelandair sem hann sá í neðanjarðarlestakerfi í Edmonton. Fyrirsögnin var einfaldlega „Komdu til Íslands, frá og með 8. mars“. Svo hann ákvað einfaldlega að hlýða.

York Underwood var ekki einn af þeim sem gjörsamlega heilluðust af landi og þjóð við fyrstu heimsókn. Örlögin hafa þó hagad því svo að fjórum árum síðar er hann hér enn, kvæntur íslenski

konu og einn af vinsælli grínurum landsins. Árin fjögur hafa þó ekki verið átakalaus en árið 2016 var hann fyrir mistök greindur með meinvörp í ristli og taldi sig eiga ár eftir. York segir okkur frá þessum tveimur vikum af óvissu, barnsbjörginni og töskunni alræmdu sem skipti öllu máli en breytti svo engu.

## Hristi bara hausinn og rauk út

„Við vorum að halda upp á þakkargjörðarhátíðina. Ég er ekki bandarískur en hélt upp á hana af því ég missti af kanadíska þakkargjörðarhátíðinni sem er aðeins fyrir, í október. Ég eldaði kalkún og

Ég fékk stingandi verk. Þetta varð verra og ég var farinn að svitna, að lokum gat ég varla hreyft mig. Á þessum tímabili gat ég ekki hunsað þetta lengur og fór upp á spítala.

fjöldi vina kom til að fagna með okkur. Daginn eftir leið mér alveg hrikalega illa og ég var með mikla verki í maganum, en ég þurfti að vera með uppistand á fjáröflun fyrir Rauða krossinn á skemmtistaðnum Húrra. Ég var handviss þarna um að útskýringin væri sú

að ég borðaði alltof mikið og væri með meltingartruflanir.“

York mundi þá eftir að hafa heyrt að jurtafjúririnn Fernet Branca gæti hjálpað við meltingarvandmál og fékk sé nokkur skot.

„En í hvert sinn fékk ég

stingandi verk. Þetta varð verra og ég var farinn að svitna, að lokum gat ég varla hreyft mig. Á þessum tímabili gat ég ekki hunsað þetta lengur og fór upp á spítala.“

Læknunum þar fannst hann vera bólginn svo þeir ákvaðu að senda hann í tölvusneiðmyndatöku. Þeir töldu mögulegt að eitthvað hefði fest eða skorið vélindað eða að hann væri með minniháttar magasár.

„Þarna hugsaði ég bara; já ekkert mál, þetta reddast. Við vorum líka búin að ákveða að fara til Rússlands í desember. En ég fór sem sagt í skannann og

„Þau drógu mig til hliðar og sögðu að það þyrfti að meðhöndla þetta undir eins. En ég fór í kerfi, hristi hausinn og sagði „Nei, nei, ég ákveð þetta seinna“, ýtti þeim frá mér og rauk út.

manneskjan sem sá um það sagði að þetta liti ágætlega út og allt hafi gengið vel. En þegar ég var að fara stoppaði hún mig og bað mig um að bíða í augnablik. „Nei“ svaraði ég, „ég þarf að drífa mig, konan mín er að bíða og ég þarf að vera með uppstand bara eftir smá.“ Þá tók ég eftir því að svipurinn á henni var orðinn alvarlegri og hún sagði: „Nei, þú verður að bíða. Við fundum eitthvað sem lítur úr fyrir að geta verið um fjögurra sentimetra stórt meinvarp í ristlinum.“ Þau drógu mig til hliðar og sögðu að það þyrfti að meðhöndla þetta undir eins. En ég fór í kerfi, hristi hausinn og sagði: „Nei, nei, ég ákveð þetta seinna“, ýtti þeim frá mér og rauk út.

Áfallið olli því að hann varð utan við sig og kom fyrst til sjálfs sín í leigubíl.

„Fyrsta sem ég hugsaði var einfaldlega guð minn góður, ég er með æxli í ristlinum. Svo bað ég bílstjórann um að stoppa á N1 við Hringbraut og bíða eftir mér. Ég stökk inn og pantaði mér búrrító á Serrano. Mig langaði reyndar meira í 12 tommu Subway en það var svo löng röð. Ég ætlaði ekki að fara að hrinda unglíngum úr röðinni og öskra „Drullið ykkur í burtu, ég er að deyja og það eina sem ég vil er tólf tommu bræðingur!“ Svo ég fékk mér bara búrrító, settist niður og grét.“

**Sagt að búa sig undir það versta**  
Eftir að heim var komið ákvað York að hringja í lækni og vin sinn í Kanada og fá frekari upplýsingar um hverjar horfurnar væru. Hann sagði honum að búa sig undir það versta.

„Hann sagði að ef það væri svona stórt, þá væri þetta líklega komið á stig þrjú eða fjögur. Honum fannst líka stórmerkilegt hvað það var að uppgötvast seint og sagði að ef þetta reyndist rétt og það væri illkynja þá ætti ég líklega ekki nema um það bil ár eftir ólifað. Konan mín hágrét, ég grét og við vissum ekki hvað við áttum við okkur að gera.“

Læknarnir byrjuðu að plana hvernig meðferð væri best en sögðu að hann yrði að bíða í tvær vikur og taka lyf til að hreinsa ristilinn algörlega svo þeir gætu framkvæmt ristilspeglun þar sem tölvusneiðmyndir eru ekki nákvæmar þegar það kemur að holrými eins og ristlinum.

„Ég auðvitað afpantaði Rússlandsferðina og beið þessa fjórtán daga, haldandi að dauðinn væri á næsta leiti. Maður hafði ekkert að gera nema að hugsa. Ég fór yfir „fötulistann“ (e. bucket list) minn og hugsaði hvað mig langaði og hvað ég þyrfti að gera áður en ég myndi deyja. En það var gott að finna að þegar ég horfði svona á allt og hvernig líf mitt var þá var ég frekar sáttur. Líf mitt er mjög gott, ég á yndislega konu sem ég elska en ég fór einhvern veginn að hugsa um hvað mig hefur alltaf langað í handgerða leðurtösku frá ákveðnu fyrirtæki. Furðulegt



hvernig hausinn á manni virkar í þessum aðstæðum, kannski er það sjálfsbjargarviðleitni.“

Taskan umrædda er handgerð af manni að nafni David Munson í Texas. Fyrirtæki hans Saddleback Leather er þekkt um allan heim fyrir einstakar leðurtöskur.

„Einkunnarorð fyrirtækisins í auglýsingum er „Þau mun slást um hana eftir að þú deyrð“ og einhvern veginn sat það í mér. Mig langaði í þessa tösku sem fengi ættingja og vini mína til að slást um eignarhaldið eftir að ég væri dáinn. Því allt sem við erum og höfum eru minningar og þegar við deyjum hverfa þær með. Mér fannst eins og þetta væri eitthvað haldbært til að skilja eftir mig.“

York fór beint í það að senda David tölvupóst. David spurði hann hversu hár hann væri og York svarar að hann væri rétt undir tveimur metrum.

„Þá svaraði hann að ég yrði að fá stærstu töskuna, svo ég pantaði hana. Þetta var það eina sem mér datt í hug í fljótu bragði að ég þyrfti að gera. Eina sem mig langaði var að eignast þessa tösku áður en ég dæi, og þar með var það komið.“

#### Taskan myndi vaka yfir eiginkonunni

Upphaflega hafði hann séð auglýsinguna og langað í töskuna þegar hann var 23 ára gamall en fannst hún þá alltof dýr og óskynsamlegt að kaupa hana.

„En þá einhvern veginn skipti það ekki máli. Ég sagði heldur engum frá því að ég hefði pantað hana, það hefði verið of furðulegt að segja við eiginkonu mína sem var hágrátandi yfir þessu öllu: „Heyrðu elskan, ég var að kaupa þessa æðislega flottu tösku!““

Taskan kom svo daginn áður en hann átti að mæta aftur hjá lækni. Það var furðulegt að útskýra af hverju Fedex-sendillinn væri mættur með þessa risastöru leðurtösku til hans.

„Það er samt fyndið hvað hún er svakalega stór, þannig hún virkar smá furðuleg, ég nota hana

samt heilmikið. Ég gerði mér ekki grein fyrir stærðinni, hann bara sagði að ég þyrfti stærstu tegundina og ég sættist á það. Það væri hægt að koma einum miðlungsstórum hundi fyrir í henni. Ef við erum að tala um smáhund, þá jafnvel tíu stykki. Fimmstán ef þeim er troðið. Ég hef í raun ekkert til að geyma í henni, því á þeim átta árum sem eru liðin síðan ég var 23 ára hefur allt minnkað svo svakalega. Þegar ég er búin að láta Macbook air-tölvuna og símann minn í hana, þá er samt nóg pláss. Þótt ég láti í hana allt sem ég á, næg ekki að fylla hana.“

Skiljanlega fór York að velta því fyrir sér hvort taskan hefði kannski einhverja dýpri merkingu.

„Það er stundum sagt að það muni veita manni meiri hamingju að eyða peningum í upplifun og að gera eitthvað eins og að ferðast, en ekki í efnislega hluti. Fólk segir: „Ekki kaupa þér dýran bíl, farðu frekar til Indlands og finndu þig.“ En málið með upplifun og lífsreynslu, ég skil það ekki eftir mig, enginn getur upplifað eða fengið mína lífsreynslu eftir að ég er dáinn. En aftur á móti með töskuna, ég skil hana eftir mig og ekki bara það, heldur munu mínir nánustu slást um hana,“ segir hann glettinn og bætir svo við:

„Ef Björg, konan mín, myndi komast loks yfir fráfall mitt og giftast öðrum manni þá mun taskan alltaf minna á mig og vaka yfir henni. Hún mun aldrei losna við töskuna, hún er ekki að fara henda 120.000 króna tösku frá látnum eiginmanni sínum.“

#### Bjargaði lífi tveggja mánaða stúlku

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem York kemst í íslenska fjölmiðla en hann var einmitt tilnefndur sem maður ársins á RÚV fyrir frækilega björgun tveggja mánaða gamallar stúlku við Hringbraut. Móðir stúlkunnar kallaði eftir hjálp og hóf York um leið hjartahnoð og náði að lokum að blása lífi í hana.

„Kaldhæðni örlaganna er að ég var einmitt með töskuna á mér og

„Líf mitt er mjög gott, ég á yndislega konu sem ég elska en ég fór einhvern veginn að hugsa um hvað mig hefur alltaf langað í handgerða leðurtösku frá ákveðnu fyrirtæki. Furðulegt hvernig hausinn á manni virkar í þessum aðstæðum, kannski er það sjálfsbjargarviðleitni.“

hún lítur örlítið út eins og læknistasku, svona eins og virðulegur læknir úr gamalli bíómynd myndi bera. Kannski var það þess vegna sem konan kallaði til mín en þetta fór allt á besta veg og það er það sem skiptir mestu máli.“

Daginn eftir að York fékk töskuna var hann búinn að taka lyfin í tvær vikur og það var komið að ristilspegluninni sem myndi sýna nákvæmlega hversu alvarleg staðan væri.

„Þeir byrjuðu að undirbúa mig með því að stinga inn fingri eða tveimur sem er ekki beint notalegt. Þeir sögðu á einhverjum tímupunkti að þeir væru komnir með myndavélina einn metra inn í mig sem mér fannst stórfurðulegt að heyra. Síðan sögðust þeir vera komnir um það bil á það svæði þar sem meinvarpið átti að vera.“

„Augnablik...“ sagði læknirinn, „... augnablik ... þetta hlýtur að fara að koma,“ bætti hann undrandi við.

Svo bað læknirinn um að fá að sjá upprunalegu myndina úr tölvusneiðmyndatökunni. Um leið og hann fékk hana leit hann upp og sagði: „Þetta er ekki æxli, þetta eru mistök, skuggaefnið hefur bara safnast upp á einum stað.“ York segir að læknirinn sem hafði upphaflega greint myndina hafi hlaup-

id út úr stofnunni og kallað til Bjargar að þetta hefðu bara verið mistök og það væri í lagi með hann.

„Það sem stendur mér sérstaklega í minni er að þarna byrjuðum við að fagna og gráta af gleði og mér leið eins og þessu væri loksins lokið, þar til læknirinn sagði: „Jæja, núna þurfum við að taka myndavélina úr þér.“ Það var eitthvað svo ótrúlega ljúfsárt. Þessu var lokið, það var í lagi með mig og ég var ekki að fara að deyja, en það átti eftir að draga myndavél hægt heilan metra út um endaparminn á mér. Það er tilfinning sem er erfitt að útskýra.“

#### Kom sjálfum sér á óvart

Útskýringin sem hann fékk á upphaflegu mistökunum er að efnid, svokallað skuggaefni, sem þeir sprautu í sjúklinginn til að sjá betur hvar vandamálið er geti sest í sprungur og safnast þar saman.

„Sérfræðingurinn sá um leið að um mistök hefði verið að ræða en fyrri manneskjan þekkti þetta vandamál greinilega ekki nógu vel. Margir hafa spurt mig hvort þetta hafi ekki bara verið kúkur, en ég er nokkuð viss um að læknávisindin séu komin lengra en svo að erfitt sé að sjá muninn á kúk og æxli. Allavega vona ég það. Ég gæti ímyndað mér að hver einasti dagur á spítalanum væri þá nokkuð taugatrekkjandi „Ó, guð þú ert með æxli, nei, bíddu nú við ... þetta er bara kúkur.““

Þegar þetta var loks allt yfirstaðið fékk York næði til að hugsa um allt sem hafði gengið á.

„Ég hef alltaf kviðið mikið fyrir dauðanum eins og kannski margir, þá hvort sem það er mínur eigin eða vina og fjölskyldu. En miðað við þá hræðslu kom mér á óvart hvað ég var eiginlega rólegur yfir þessu öllu saman. Maður varð eitthvað hálf vanmáttugur og þurfti bara að sættast við allt og taka hlutunum eins og þeir kæmu. Ég fór beint á barinn eftir þetta, það má segja að ég hafi ekki lært neitt af þessu þannig, og ég hef allavega engan dýpri skilning á dauðleikanum og tilverunni. En ég á þó allavega góða konu og flotta tösku.“ ■



# Háskólinn gæti fengið 50 milljóna króna sekt

■ Háskóli Íslands í endurskoðun Evrópusambandsins ■ Svört skýrsla innri endurskoðunar

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Háskóli Íslands má búast við hárrí sekt, nálægt 50 milljónum króna, vegna slægs utanumhalds reikninga tengdum rannsóknarstyrkjum frá Evrópusambandinu. Forsvarsmenn skólans segja að skólinn hafi lent í endurskoðun og hafi svarað aðfinnslum sem komu þar fram. Sektin er til kominn vegna eldri styrkveitinga og snýr að samræmingu verkefna. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hafa verið gerðar ráðstafanir til að þetta endurtaki sig ekki.

## Telja endurskoðunina „nánasarlega“

Málið var rætt á fundi Háskólaráðs þann 1. mars síðastliðinn og rætt hvernig bregðast ætti við. Samkvæmt upplýsingum sem DV fékk frá fjármálasviði skólans er ekki komin endanleg tala, en þar fékkst staðfest að Háskólinn hefði fengið endurskoðun og aðfinnslur hefðu komið þar fram.

Um er að ræða styrki úr sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins, FP7, frá árunum 2007 til 2013. Alls veitti Evrópusambandið 51 rannsóknarstyrki til Háskóla Íslands og teknar voru þrjár stikkprufur til að athuga hvort skólinn héldi nægilega vel

utan um launagreiðslur, reikninga og fleira því tengt.

Háskólinn sendi svar til Evrópusambandsins þann 6. mars þar sem ýmsum aðfinnslum endurskoðenda var mótmælt. Halldór Jónsson, sviðstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, sem hefur umsjón með styrkjum, viðurkennir þó að skólinn muni að öllum líkindum þurfa að greiða til baka upphæð sem nemur 400 þúsund evrum, um 48 milljónum króna. Það er visst hlutfall af þeim heildarstyrkjum sem skólinn fékk. „Þetta er ekkert sem við ráðum ekki við en við munum þurfa að skera niður til að mæta þessu.“ Málið er þó ekki komið á það stig enn.

*Hvað brást í ferlinu?*

„Styrkveitingar frá Evrópusambandinu lúta mun strangari reglum en aðrar styrkveitingar, til dæmis frá Norðurlöndunum og jafnvel Ameríku. Kerfið er flókið og tekur reglulegum breytingum. Við erum alls ekki eini skólinn sem hefur lent í þessu heldur skólar víðs vegar í álfunni líka. Sumt af því sem kemur fram í endurskoðuninni finnst okkur vera mjög nánasarlegt.“

## Launagreiðslur, tímaskýrslur og tækjakaup í ólagi

Endurskoðunin þarf ekki að koma forsvarsmönnum Háskólans á óvart. Í skýrslu sem innri endurskoðun skólans lét gera í nóvem-

„Í einu verkefninu hefur fyrirtæki ábyrgðarmanns fengið 7,8 m.kr. greiddar en það er ekki aðili að rannsóknarsamningnum og er sonur hans skráður fyrir vinnunni.“

ber árið 2016 um erlenda rannsóknarstyrki kom fram að ýmislegt væri í ólestri í sambandi við þá. Helst ber að nefna samræmingu styrkja eftir deildum og sviðum og það er einmitt það sem endurskoðun Evrópusambandsins gagnrýnir skólann fyrir nú. Í skýrslu innri endurskoðunar segir:

„Helstu niðurstöður eru að verkaskipting milli vísinda- og nýsköpunarsviðs og fræðasviða varðandi erlenda rannsóknarstyrki er ekki skýr. Verkefni vísinda- og nýsköpunarsviðs og annarra stjórnsýslusviða eru ekki skilgreind í reglum Háskóla Íslands. Ekki liggja fyrir starfslýsingar fyrir sviðsstjóra sam-eiginlegrar stjórnsýslu. Ekki eru til reglur eða verklagsreglur um erlenda rannsóknarstyrki við Háskóla Íslands. Eftirlitið með erlendum rannsóknarstyrkjum er hvorki samræmt né markvisst innan skólans.“



Halldór Jónsson Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands.

Enn fremur: „Engin yfirsýn er yfir umsóknir eða rannsóknarsamninga sem eru í gildi við Háskóla Íslands.“

Samkvæmt skýrslunni fylgdu þessi vandamál inn í núverandi rammaáætlun Evrópusambandsins, H2020, sem tók gildi árið 2014 og rennur út árið 2020. Kemur fram að tímaskýrslur séu ekki yfirfarnar mánaðarlega, launagreiðslur séu ekki alltaf í samræmi við rannsóknarsamninga, verklagsreglum ekki fylgt við innkaup á tækjum, skriflegir samningar ekki gerðir við samstarfsaðila og fleira. Alls voru fimm þættir metnir í mikilli áhættu og þrír í mjög

mikilli áhættu sem bregðast þarf við innan þriggja mánaða.

Sem dæmi um að reglum hafi ekki verið fylgt segir í skýrslu innri endurskoðunar: „Við skoðun á launakostnaði í fimm H2020 verkefnum árið 2015 kom í ljós að bókuð var aukagreiðsla upp á 2,9 m.kr. til akademíks starfsmanns í formi yfirvinnu og doktorsnemi fékk greidda 116 þús.kr. fasta þóknun ofan á mánaðarlaun sín. Í einu verkefninu hefur fyrirtæki ábyrgðarmanns fengið 7,8 m.kr. greiddar en það er ekki aðili að rannsóknarsamningnum og er sonur hans skráður fyrir vinnunni. Auk þess var greitt fyrir flug, gistingu og ráðstefnugjöld fyrir hann sem verktaka í verkefninu.“

## Gamlar syndir

Halldór segir að Háskólinn hafi brugðist við og unnið að því að samrýma og betrumbæta sitt vinnuferli. Þetta ætti því ekki að koma fyrir aftur. „Þetta eru gamlar syndir.“

Samkvæmt upplýsingum frá Evrópusambandinu geta háskólar misst rannsóknarstyrki í nokkur ár gerist þeir brotlegir við reglur. Halldór segir enga hættu á því. „Það er mjög vanalegt að skólar lenti í endurskoðun og þurfi að greiða einhverjar fjárhæðir. Stundum kemur það fyrir að skólar eiga inni og fá greiðslu frá Evrópusambandinu. Við höfum áður fengið mun hærri upphæðir en þetta til baka.“ ■



### HÁPRÝSTIDÆLA

Þriggja fasa, 16 ltr./mín  
200 BAR. Afkastamikil  
og endingargóð dæla.

Verð 223.609 +vsk



### AXENTA 800/1100

Sjálfvirkar AXENTA  
þvottavélar fyrir  
vélahluti, vélar sem geta  
þvegið allt frá smáum  
hlutum upp í 150 kg.  
vélahluti. Samtímis því  
að þvottavélin er að  
þrifa, er einnig hægt að  
handþrifa aðra hluti með  
afköstum bursta.

Verð frá 378.000 +vsk



Sandblásturskassi m/ryksugu  
2 stærðir  
Verð frá 361.900 + vsk



Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu  
Verð 146.900 + vsk



Þvottakör  
3 stærðir  
Verð frá 8.900 + vsk



Hobby Borð-Sandblásturskassi  
Verð 39.320 + vsk



Sandblásturskútur  
38L  
Verð 39.320 + vsk



### Bón og Bílaþvottaefni

Náttúruvænt bílasjampó með  
vaxbóni. Fjarlægir sót, salt  
og er tjöruleysandi. Gefur  
fallegan gljáa og myndar  
bónhúð á bílinn.



### Tjöruhreinsir fyrir bíla

Lyktarlítill Tjöruhreinsir  
sem virkar, hefur mikla  
upplausnarhæfni og fjarlægir  
fljótt og örugglega tjöru, olíu,  
salt og önnur óhreinindi.



### Trukkasápa Bílaþvottaefni

Náttúruvænt hreinsiefni sem er  
allt í senn bílasjampó, bónvörn  
og tjöruleysandi. Hentar vel á  
tengivagna, gröfur, traktora og  
lyftara.



Ultrasonic Cleaner  
36L  
Verð 199.900 + vsk



### JÁKÓ 5000

Alhliða náttúruvænt hreinsiefni  
fyrir vélar, vélarúm, gólf og  
veggi. Hreinsar burt sót, asfalt  
og önnur óhreinindi. Kjörið  
hreinsiefni til að þrifa þar sem  
lítill loftræsting er.



### ALK 100

Umhverfisvænt alkalískt  
hreinsiefni fyrir bíla- og  
vélaverkstæði. Alhliða  
hreinsiefni fyrir vélar, vinnutæki,  
gólf og fl. Leysir örugglega  
upp fitu, olíu og fl.



### ALK 150

Umhverfisvænt sterkt alkalískt  
hreinsiefni fyrir erfið óreinindi.  
Alhliða hreinsiefni fyrir gólf,  
veggi, áhöld, vélar og fl. Leysir  
örugglega upp fitu, olíu, sót og  
fl. Hentar vel fyrir matvælaíðnað,  
bíla- og vélaverkstæði.

- HREINSIEFNI
- SANDBLÁSTURSSANDUR
- VÉLAHLUTAÞVOTTAVÉLAR
- HÁPRÝSTIDÆLUR
- DÆLUR
- O.m.fl.

# JÁKÓ

vélar og efnavörur sf.

FLYTJUM FRÍTT  
MEÐ FLYTJANDA  
UM ALLT LAND

Auðbrekku 23, Kópavogi / s. 564 1819 / [www.jako.is](http://www.jako.is)

# „Slangan á magabandinu kom út um gatið á maganum“

Andlát vegna magaminnkunaræðgerða komin til rannsóknar hjá lögreglu

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is




Það sem af er árinu hafa tvær konur, önnur á fertugsaldri og hin á sjötugsaldri, látist eftir að hafa gengist undir magaermdæðgerð hjá einkafyrirtækinu Gravitas. Í frétt sem birtist í DV 23. febrúar síðastliðinn kom fram að eldri konunni væri haldið sofandi, en hún lést í síðustu viku.

Frá árinu 2010 hafa einnig þrjár erlendar konur látist eftir magaminnkunaræðgerðir sem framkvæmdar voru af Auðuni Sigurðssyni, þegar hann var búsettur í Bretlandi og gerði æðgerðirnar þar. Í dag eru magaminnkunaræðgerðirnar gerðar á skurðstofu HSS í Reykjanesbæ, þar sem Auðunn leigir aðstöðu.

Eftir andlát íslensku kvennanna tveggja hafa umræður skapast í Facebook-hópum einstaklinga sem gengist hafa undir magaminnkunaræðgerð. Minnst ein Facebook-síða, Lap-Band Ísland, er á vegum starfsmanna Gravitas og eru Auðunn Sigurðsson læknir og starfsfólk á hans vegum með „admin“-réttindi. Aðrir hópar eru einnig á Facebook, þar sem einstaklingar sem farið hafa í magabandið og eru ekki á vegum Gravitas fara með „admin“-réttindi.

„Eina sem skiptir máli þarna er bara greiðslan, bara fá peninginn og fardu bara,“ segir kona á fimmtugsaldri, sem vildi ekki koma fram undir nafni, í viðtali við DV, en konan er núna með sitt annað magaband eftir að hafa lent í miklum erfiðleikum með fyrra magabandið vegna sýkingar. „Þetta eru ótrúleg viðbrögð þarna, maður skilur þetta ekki, svo ófagmannlegt allt saman.“



## Af heimasíðunni magaband.is

Fyrir æðgerð fá allir sjúklingar bækling með átta reglum magabandsins og þar og á heimasíðu magabandsins segir meðal annars: „Mjög mikilvægt er að veita undirtitli bókarinnar athygli: samstarf um að léttast. Ég meina það í alvöru þegar ég segi að ég þurfi að vinna mitt verk af kostgæfni og þú þína vinnu á sama hátt. Það er þrennt sem ég þarf að gera: Ég þarf að koma bandinu fyrir á öruggan og réttan hátt, ég þarf að veita þér sem besta eftir meðferð; sjá til þess að þú fái stöðuga umönnun eftir að þú hefur fengið bandið og ég þarf að veita þér þær upplýsingar sem þú þarfnast.“

Konan er búsett úti á landi fór í magabandið árið 2016 á skurðstofu Auðuns á HSS í Reykjanesbæ, það band var tekið úr henni í desember sama ár. Í maí árið 2017 fór hún aftur í æðgerð og fékk nýtt magaband.

„Það var hálf ár, sem ég lét gróa, áður en ég fór í seinna bandið. Ég var bara með opið sár á maganum í fjóra mánuði af því að í fyrstu fyllingunni minni er ég stungin og út frá því þá kemur svona roði. Eftir þrjár vikur þar sem ég er búin að tala fram og til baka við Auðun og hans fólk og þau segja alltaf bara „bíddu róleg“, þá fer ég á heilsugæsluna hér heima og þau skera á til að hleypa greftri út. Auðunn sagði: „við bíðum bara, það er engin sýking og ekki neitt.“ Konan fór í einn og hálfan mánuð á heilsugæsluna í sínum heimabæ, til að láta hreinsa sárið og skipta á. „Í heimsókn tvö

var portið tekið og skurðurinn gleri ekki, síðan fór ég á tveggja daga fresti hér á heilsugæsluna, það var endalaust að vella út úr þessu. Og ég greiddi komugjald í hvert sinn. Síðan endaði það með að hjúkrunarfræðingurinn sá slönguna [slangan á magabandinu, innsk. blm.] koma út um gatið. Hún bara ýtti sér út um gatið. Þetta var bara slitið út úr mér. Viðbrögð Auðuns voru: „hvað eru þessir læknar að gera á ...

[innskot blaðamanns: heimabæ viðmælenda].“ Ég benti honum á að læknirinn sem sinni mér væri hjartalæknir, sem hefði tekið sýni og ef ég hefði ekki farið á rétt sýklalyf þá hefði sýkingin verið á leiðinni í hjartalokurnar. „Hvaða bull er það,“ sagði Auðunn? Þannig að ég spurði hvar sýnið, sem hann hafði tekið daginn áður, væri? Auðunn benti mér þá á að hringja á Landspítalann.“ Hjartalæknirinn var í afleysingum á heilsugæslustöðinni og setti konuna á sérhæfð sýklalyf og segist hún við það loksins hafa losnað við sýkinguna.

## Engar rannsóknir fyrir æðgerð, aðeins viðtal

Þrátt fyrir erfiðleikana með bandið ákvað konan að fá sér aftur magaband. En af hverju gerði hún það? „Ég var auðvitað búin að greiða fyrir magabandið, maður var búin að búa sig undir að bandið ætti að virka vel og það myndi ekkert gerast aftur. Maður er orðinn örvæntingarfullur. Það er í raun ekkert vesen búið að vera á nýja bandinu nema endalausar

Rétt er að taka fram að greinarhöfundur fór í magabandið 7. september 2015 og hefur ekki lent í teljandi vandkvæðum vegna þess. Greinarhöfundur fékk aðgang í lokaðan hóp á Facebook sem heitir Lap-band Ísland í ágúst 2015 þegar hún var komin með dagsetningu í æðgerð, en var eftir fyrri fréttina blokkuð úr hópnum. Fyrirspurnum til aðila sem starfar hjá Auðuni Sigurðssyni, sem jafnframt er „admin“ í hópnum, um hverju það sætti, hefur ekki verið svarað. Fyrirspurn í ágúst 2017 þar sem greinarhöfundur óskaði eftir tíma með Auðuni, því hún ældi stöðugt öllum mat, hefur heldur enn ekki verið svarað fyrir utan: „Hæhæ, búin að koma skilaboðunum áfram, það verður bætt við dögum.“

bólgur og verkir.“

Konan þurfti ekki að greiða fyrir nýja bandið. Einnig fór hún ekki í neinar rannsóknir eða tékk hvorki fyrir fyrra bandið, en þá leið vika á milli viðtalstíma hjá Auðuni og æðgerðar, eða fyrir seinna bandið þrátt fyrir þessa erfiðleika og sýkingu með fyrra bandið. „Eina sem Auðunn gerði var að setja mig á fyrirbyggjandi sýklalyf í tvo daga, en ég fór sjálf í blóðprufu á heilsugæslustöðinni heima, Auðunn sýndi engan áhuga á þeim niðurstöðum. Það er engin eftirfylgni með nýja bandið, frekar en fyrra bandið,“ segir hún.

„Ég var auðvitað bara með sýkingu frá byrjun, en hann vill ekki viðurkenna það,“ segir hún. „Það vantar einhvern snefil af áhuga hjá honum. Ég mælti mér til dæmis mót við starfsmann hans á Kjarvalsstöðum til að fá lyf fyrir seinni æðgerðina, í stað þess að sækja þau á Domus Medica. Ástæðan var sú að hún var úti að hlaupa. Hann verður bara að fá lið með sér til að vinna í kringum þetta,“ segir hún.

Hvernig líður henni þegar hún les um konurnar sem hafa látist af völdum magaminnkunaræðgerða? „Þetta er náttúrulega bara hræðilegt, það er svo auðvelt að sjá sjálfa sig í þessum aðstæðum af því að maður sá hvernig þetta var. Þessi hunsun, eins og maður sé geðveikur, og maður er að spyrja spurninga, síma ekki svar að þegar maður hringir. Maður upplifir sig bara eins og rugludall, svona eins og „hvaða vesen er á þér?““ ■



Trúin flytur fjöll, við flytjum allt annað



**Sendibílastöðin**

**5535050**



# SNJALLTÆKI Á GÓÐU VERÐI



**Finlux 40FFB5620**  
Full HD 40" snjallsjónvarp á ótrúlegu verði með 12W Nicam Stereo hljóðkerfi. Fjarstýring með „magic button“, Netflix möguleiki og Miracast. 2 HDMI tengi ásamt USB tengi og USB HDD upptöku.

**VERÐ**  
**49.995**

## ÞÚ FINNUR RÉTTA SJÓNVARPIÐ HJÁ OKKUR




**Finlux 32FLKR2775C**  
32" LED snjallsjónvarp sem hentar vel inn í smærri rými t.d. auka- og barnaherbergi með innbyggðu Netflix. 1366x768 upplausn og 12W Nicam Stereo hljóðkerfi ásamt 2 HDMI tengjum og USB tengi með HDD upptöku. Fjarstýring með „magic button“.

**VERÐ**  
**34.995**



**Finlux 65FUB8120**  
Stórt 65" snjallsjónvarp með frábærum myndgæðum. UHD 4K 3840x2160 upplausn og 20W DTS TruSurround HD hljóðkerfi. Allir helstu tækni- og tengimöguleikar í boði.

**VERÐ**  
**139.995**



**Finlux 75FUB8520**  
Upplifðu alvöru kvikmyndahúsastemingu heima fyrir með stóru 75" snjallsjónvarpi og Micro Dimming baklýsingu. Frábær UHD 4K 3840x2160 upplausn ásamt 20W DTS TruSurround HD hljóðkerfi. Einnig Bluetooth, Miracast og allir helstu tengimöguleikar.

**VERÐ**  
**249.995**



**Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

# HÉR BÚA STJÓRNENDU

DV heldur áfram útekt sinni á því hvernig fulltrúar hinna ýmsu stétta hafa komið sér fyrir á fasteigna- markaði. Áður hafa verið teknir fyrir forstjórar skráðra fyrirtækja, bankastjórar, stjórnámamenn og fulltrúa launþega svo eitthvað sé nefnt. Nú er röðin komin að framkvæmdastjórum stærstu lífeyrissjóða landsins.

ritstjorn@dv.is



**Háteigsvegur 18** Hér býr Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, ásamt eiginkonu sinni, Mörtu Hlín Magnadóttur. Hjónin keyptu fasteignina í apríl 2007 og var kaupverðið 39,7 milljónir króna. Um er að ræða 208,6 fermetra íbúð. Ólafur Sigurðsson var ráðinn framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs í október 2016 við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Ólafur hafði áður verið framkvæmdastjóri Stafa frá árinu 2006.



**Frostapiing 10** Hér býr Guðmundur P. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, ásamt eiginkonu sinni Guðrúnu Hannesdóttur. Hjónin eru frumbyggjar á lóðinni en húsið varð fókelt þann 25. ágúst 2008. Skráð stærð hússins er 332,8 fermetrar. Guðmundur var ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins um mitt ár 2009 en áður hafði hann stýrt eignastýringu hans.

**Geitastekkur 4** Hér býr Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs, ásamt eiginkonu sinni, Ásdísi Kristmundsdóttur. Fasteignina keyptu þau í febrúar 2005 og var kaupverðið 38 milljónir króna. Húsið er 204,8 fermetrar að stærð. Gylfi var ráðinn framkvæmdastjóri Festu þegar sjóðurinn varð til árið 2006 við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands. Þá hafði hann starfað sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vesturlands frá árinu 2000 og síðar Lífeyrissjóðs Suðurlands fram að sameiningunni.



**Holtsbúð 89** Í þessu húsi býr Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, ásamt eiginkonu sinni Hafdísi Böðvarsdóttur. Hjónin keyptu fasteignina þann 19. apríl 2016 en kaupverðið var 83 milljónir króna. Arnaldur var ráðinn framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins í byrjun árs 2004 en þá hafði hann verið framkvæmdastjóri Séreignalífeyrissjóðsins í þrjú ár.

# UR LÍFEYRIS SJÓÐANNA



### Miðvangur 5

Hér býr Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Brú lífeyrissjóðs. Húsið keypti hún í byrjun desember 1998 ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Rafnssyni heitnum. Kaupverðið var 18,5 milljónir króna en fasteignin er 288,6 fermetrar að stærð. Brú hét áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga og var Gerður ráðin framkvæmdastjóri sjóðsins í apríl 2014.



### Furugerði 2

Í kjallara þessa húss býr Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, stærsta lífeyrissjóðs landsins, ásamt eiginkonu sinni, Þóru G. Gísladóttur. Íbúðin er 117 fermetrar en gaman er að geta þess að á efri hæð hússins býr Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, sem fjallað var um í umfjöllun um hvar forstjórar landsins búa. Haukur hefur starfað sem framkvæmdastjóri LSR í tæpa þrjú áratugi og virðist kjósa stöðugleika og nægjusemi. Ofangreind íbúð hefur verið svo lengi í eigu fjölskyldunnar að engin gögn finnast um hvenær hún var keypt.



### Vættaborgir 79

Hér býr Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrissréttinda, ásamt eiginkonu sinni, Auði Björg Árnadóttur. Hjólin keyptu fasteignina í júní 1999 og var kaupverðið 12,85 milljónir króna. Húsið er 190,1 fermetri að stærð. Sigurbjörn hefur verið framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðsins svo lengi sem elstu menn muna.



### Bollagardar 81

Hér býr Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, ásamt eiginkonu sinni, Margréti Halldórsdóttur. Hjólin keyptu fasteignina í byrjun júní 2004 og var kaupverðið 32 milljónir króna. Húsið er 187,2 fermetrar að stærð. Árni hefur starfað í tæp 40 ár í lífeyriskerfinu, fyrst hjá Lífeyrissjóði sjómanna og síðan hjá Gildi.

# GÓÐ ÞJÓNU

## INTERFLON

Úrval af efnavörur  
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



## OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, Koppafeiti,  
gírolía og sjálfskiptivökvi



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**

## ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlífar, öryggisgleraugu,  
rykgrímur og andlitshlífar.



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR




**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)

# HEIMA- PRESSAÐ XANAX Í DREIFINGU

Getur innihaldið mun sterkari og hættulegri efni



díazepín-lyf, oft stytt og einfaldað sem benzó-lyf. Áhrifin af þeim eru að einhverju leyti svipuð þótt virkni af því síðastnefnda vari tvöfalt lengur en Alprazolam. Í smærri skömmtum slá benzó-lyf á kvíða og róa hjartsláttinn en í stærri skömmtum getur það svæft einstaklinginn. Sé ofskammtur tekinn geta lyfin valdið hjartastoppi. Þol eykst þó hratt og þarf sá sem þeirra neytir stöðugt að auka skammtinn til að finna fyrir kvíðastillandi áhrifum þeirra.

#### Heilbrigðiskerfi í molum

Einstaklingar sem misnota lyfið gera það sumir samhliða örvandi lyfjum á borð við kókaín og amfetamín til að ýmist ná sér niður eftir mikla notkun eða koma veg

„Ungt fólk sem er að kljást við kvíða veit ekkert hvert það á að leita, því geðheilbrigðiskerfið er í molum.“

fyrir niðurtúr. Þá eru róandi lyfseðilsskyldu lyfin notuð til að jafna út öran hjartslátt af völdum eiturlyfjanna.

Erlendis, þá sérstaklega í Bretlandi, eru dæmi um að heimapressað Xanax innihaldi verkja- og ópiumlyfið Fentanyl. Í febrúar fjölluðu ýmsir miðlar þarlendis um að Fentanyl blandað Xanax væri orðinn alvarlegur faraldur sem

myndi hafa hrikalega afleiðingar. Ekki eru nákvæmar heimildir fyrir því að þessi blanda sé orðin svipað vandamál hérlandis.

„Ungt fólk sem er að kljást við kvíða veit ekkert hvert það á að leita, því geðheilbrigðiskerfið er í molum, það er ekki skrytið að þetta sé að verða faraldur.“ segir einn heimildarmanna DV sem þekkir til neyslu á þessum lyfjum.

Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítalans, sagðist í samtali við RÚV fyrir skemmstu merkja mikla aukningu í misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum hérlandis og að hans sögn leikur grunur á að nýu einstaklingar hafi látist það sem af er ári vegna ofneyslu á lyfseðilsskyldum eða ólöglegum lyfjum. ■

Misnotkun á kvíðastillandi og róandi lyfjum á borð við Xanax (Alprazolam) og flogaveikilyfinu Rivotril hefur færst í aukana undanfarin misseri. Samkvæmt upplýsingum DV eru dæmi um að Xanax sé heimapressað og þá með öðrum virkum efnum en Alprazolam blandað saman við, þar sem eftirsóknin er meiri en framboðið ræður við.

Alprazolam er mjög ávana-bindandi og geta fráhrarfseinkenni verið frá óskýrri sjón og

eymslum í vöðvum yfir í flogaköst. Það er um tíu sinnum sterkara en Valíum (Díazepam).

#### Geta valdið hjartastoppi

Þegar lyfið er pressað heimavið er stundum notað efnið Flunitrazepam, en það er einnig þekkt sem Rohypnol. Flestir tengja notkun þess við nauðganir og kynferðisglæpi þar sem neytandinn getur misst allan vöðvastyrk og man oftast ekkert eftir því sem á sér stað meðan lyfið er virkt.

Þessi lyf eru svokölluð benzó-



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • [www.saetoppur.is](http://www.saetoppur.is)

# VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG

Heyrðu í okkur og leyfðu okkur  
að segja þér frá okkar þjónustu.



*Heyrumst*

**Hannes  
Steindórsson**

Löggiltur fasteignasali

**699 5008**

[hannes@fastlind.is](mailto:hannes@fastlind.is)



*Heyrumst*

**Hrafn  
Valdísarson**

Löggiltur fasteignasali

**775 4988**

[hrafn@fastlind.is](mailto:hrafn@fastlind.is)

# „JUNGA FÓLKINU VAR EINFALDLEGA FÓRNAÐ“

■ Lágmarkslaun eru ekki lágmarkið fyrir ungt fólk ■ Gert að kröfu atvinnurekenda

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



**P**ann 29. maí undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins undir kjarasamninga til ársloka ársins 2018. Samkvæmt samningunum myndu lágmarkslaun starfsfólks hækka á samningsbilinu um samtals 31,1 prósent. Sumir hafa sagt þetta ríflega hækkun en aðrir að hún sé langt undir þeim hækkunum sem efri lög samfélagsins, forstjórar og þeir sem heyra undir kjararáð hafi sammtað sér.

En hugtökin lágmarkslaun eða byrjunarlaun segja ekki alla söguna. Því að í samningunum frá 2015 var sett inn ákvæði um að fólk undir tvítugu fái þau ekki nema að uppfylltum vissum skilyrðum.

Samið var um eftirfarandi: „18 og 19 ára fá 95 prósent af byrjunarlaunum. Ef 18 og 19 ára einstaklingar hafa starfað að minnsta kosti í 6 mánuði og að lágmarki 700 vinnustundir í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð, eiga þeir rétt á byrjunarlaunum 20 ára.“ Þeir sem eru undir 18 ára aldri, og börn samkvæmt lögum, fá enn lægri prósentu af byrjunarlaunum.

Þetta kann að hljóma undarlega í ljósi þess að lágmarkslaun eiga að vera lágmarkið. Einstaklingar 18 og 19 ára eru fullveðja fólk, sem oft og tíðum er komið með börn á sitt framfæri, reka eigið heimili og bera ábyrgð rétt eins og þeir sem eru orðnir tvítugir að aldri. Má því segja að eiginleg lágmarkslaun séu fimm prósentum lægri.

## Kom fiskvinnslufólki undan ákvæðinu

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að Starfsgreinasambandið hafi sett sig upp á móti þessari tillögu við samningaborðið árið 2015. En VR og Efling, undir formennsku Ólafu B. Rafnsdóttur og Sigurðar Bessa-sonar, hafi komið

Ragnar Þór Ingólfsson hjá VR  
„Þetta verður til ævarandi skammar fyrir hreyfinguna.“

þessu í gegn í krafti fjölda félagsmanna sinna, sem telja um 52 prósent af þeim sem heyrðu undir samningana. „Þau tóku viðræðurnar yfir og stilltu öðrum upp við vegg. En þetta var harðlega gagnrýnt.“

*Kom krafan frá atvinnurekendum?*

„Ég geri fastlega ráð fyrir því. Þetta var allt í einu komið inn í drög að samningi þegar við í Starfsgreinasambandinu, landsbyggðarverkalýðsfélögin, komum að borðinu. Ég veit ekki hvernig nákvæmlega hvernig þetta komst þar inn.“

Athygli vekur að fiskvinnslufólk er ekki undir þessu ákvæði heldur fær full umsamin lágmarkslaun. Vilhjálmur leiddi þann kafla samningsins og gerði þá skýlausu kröfu um að ákvæðið ætti ekki við það fólk.

*Þarf ekki að passa sérstaklega upp á ungt fólk þar sem það hefur ekki sterka rödd?*

„Jú, ég á sjálfur barn sem er 19 ára. Þetta eru einstaklingar sem eru orðnir lögráða og sumir farnir að stofna fjölskyldur. Ég skil ekki af hverju þetta var sett inn. Það verður eitt af helstu verkefnum nýrrar forystu að koma þessu ákvæði frá.“

## „Þá eru þetta þeirra lágmarkslaun“

Gylfi Arnbjörnsson, formaður Alþýðusambands Íslands, segir að ákvæðið hafi komið að kröfu atvinnurekenda vegna mikillar hækkunar lágmarkslauna árið 2015. Atvinnurekendum hafi sett sig upp á móti svo mikilli hækkun og þá hafi þessi tillaga komið fram.

Hann segir að fordæmi fyrir því að mismuna fólk eftir aldri séu til staðar. „Til dæmis í Skandinavíu þar sem kjarasamningar miðast við 20 ára aldur. Þetta á sér alls konar fordæmi en við neitum því ekki að þetta sé umdeilanlegt. Síðan eru ákvæði um hækkun launa vegna starfsaldurs og aldurs.“

*En eru þá lágmarkslaun í raun og veru aðeins 95 prósent af lágmarkslaunum þar sem ákvæðinn hópur er fyrir neðan þau?*

„Jú jú. Lágmarkslaun miðast við tvítugt.“

Gylfi segist ekki kannast við að fiskverkafólk sé undanskilið ákvæðinu þó að það standi í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins.

„Ákvæðið á hins vegar ekki við ef þú hefur einhverja starfsreynslu

Þarna er misræmi gagnvart unga fólkinu. Það er ekkert flóknara en það. Þetta verður til ævarandi skammar fyrir hreyfinguna.

upp á visst marga tíma. Þeir sem hafa verið á fullum vinnumarkaði um vissan tíma eru þá strax á fullu kaupum 18 ára. Það er í raun og veru íhlaupavinnan sem fellur undan þessu. Þá skiptir það engu máli hvort það sé í dagvöruverslun eða fiskvinnslu.“

*En ef fólk kemur glænýtt inn á vinnumarkaðinn 19 ára, þá fær það ekki full lágmarkslaun?*

„Þá eru þetta þeirra lágmarkslaun.“

## „Mannréttindabrot“ sem verður ekki í næstu samningum

Formaður verkalýðsfélagsins VR, Ragnar Þór Ingólfsson, segir að það sé eitt af hans helstu

baráttumálum að „leiðrétta svikin við unga fólk í síðustu samningum.“ Ragnar var í stjórn VR þegar skrifað var undir en setti sig upp á móti ákvæðinu.

„Ég samþykkti ekki þessa kjarasamninga og var sá eini í stjórninni sem greiddi atkvæði gegn þeim. Það sem gerðist var að unga fólkinu var einfaldlega fórnað, sem er óþolandi. Gylfi ber ábyrgð á því og aðrir sem gerðu þennan samning.“

*Verður skýlausa krafa gerð um að taka þetta ákvæði út í næstu samningum?*

„Já. Við erum að borga fullorðnu fólk hlutfall af töxtum. Það er að vinna sömu vinnu og ætti að fá sömu laun. Það er algert lykilatriði hjá okkur að breyta þessu. Ég lít á þetta sem ekkert annað en mannréttindabrot.“

*Hvernig þá?*

„Það er talað um launajafnrétti. Launamun kynjanna og annað. Þarna er misræmi gagnvart unga fólkinu. Það er ekkert flóknara en það. Þetta verður til ævarandi skammar fyrir hreyfinguna.“ ■

## Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

„Þetta á sér alls konar fordæmi en við neitum því ekki að þetta sé umdeilanlegt.“

„Algert lykilatriði hjá okkur að breyta þessu“

Vilhjálmur Birgisson hjá Verkalýðsfélagi Akraness  
„Þetta eru einstaklingar sem eru orðnir lögráða og sumir farnir að stofna fjölskyldur.“





# Hágæði og hagstætt verð: Heitir pottar og saunavörur

**F**yrtækið Goddi, Auðbrekku 19 Kópavogi, er með afar fjölbreytt vöruúrval og er meðal annars framarlega í sölu á heitum pottum, lokum yfir heita potta, infrarauðum saunaklefum og hitaklefum, auk hefðbundinna gufubaða og ýmiss konar búnaðar þeim tengdum.

Goddi selur heita potta af tegundunum Hydro og Ocean. Þetta eru afar vandaðir pottar með loki úr sterku leðurliki og hlífin er gerð fyrir íslenskt veðurfar. Verð á potti með loki og tröppu er aðeins 620.000 krónur.

Einnig eru í boði lok á heita pott í tveimur litum og stærðunum 220+220, 200x200, 208x208 og 213x213 cm á aðeins 58.500 krónur – en þetta eru lok sem henta einstaklega vel fyrir íslenskra veðráttu. Lokin eru samanbrjótanleg í miðju, með góðum festingum og svuntu, eru létt og meðfærileg.

Infrarauðir saunaklefar eru áhuga-verð uppfinning en Goddi býður þessa klefa á mjög hagstæðu verði, eða frá aðeins 180 þúsund krónum. Hægt er að fá klefa sem rúma eina, tvær eða fjórar manneskjur. Infrarauðir geislar, eða IR-geislar, hafa ýmsa kosti fyrir heilsu manna, til dæmis örva þeir líkamann sem getur brennt allt að 600 hitaeiningum á 30 mínútum og fólk svitnar þrefalt meira en í hefðbundnu saunabaði. IR-geislar örva æðakerfið og auka blóðflæði, vikka æðar, lækka blóðþrýsting og fá hjartað til að slá hraðar, sem styrkir og eflir hjartavöðvann. IR-geislar eru mikið notaðir til lækninga, við tognun, stíðleika í liðum og öðrum vöðva-

verkjum, og þeir fjarlægja mjólkursýru og koldíoxíð úr vöðvum.

Ítarlegri fróðleik um IR-geisla og IR-saunabaðklefa má finna á heimasíðu Godda, [goddi.is](http://goddi.is) Goddi býður líka upp á mikið úrval af hefðbundnum saunaböðum frá finnska gæðaframleiðandanum Harvia. Er þar bæði um að ræða heilu gufuböðin og einstaka hluta þeirra og fylgihluti. Gott er að fá ráðgjöf á staðnum um hvað til þarf og hvaða kostir eru hagstæðastir fyrir hvern og einn viðskiptavin.

Goddi Auðbrekku 19  
200 Kópavogur

Símar: 544-5550 / 822-4150

[www.goddi.is](http://www.goddi.is) / [goddi@goddi.is](mailto:goddi@goddi.is)

Goddi er á Facebook



# ÓTTAST HEIMS- FARALDUR AF ÓÞEKKTRI STÆRÐARGRÁÐU

**„Ef þú veikist verður þú líka að vernda aðra með því að halda þig heima“**



■ Jonathan Quick segir að sá stóri sé á leiðinni  
■ Inflúensufaraldur sem gæti dregið milljónir til dauða

Einar Þór Sigurðsson  
einar@dv.is



Sá stóri er á leiðinni: heimsfaraldur sem gæti dregið 33 milljónir manna á fyrstu dögnum. Á næstu árum þar á eftir gætu 300 milljónir manna dáði á heimsvísu.“

Svona byrjar grein breska lækisins Jonathans D. Quick í vefútgáfu Mail Online. Quick þessi hefur marga fjórna sopið í læknavísindunum og unnið fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og verið kennari við Harvard-háskóla svo fátt eitt sé nefnt. Tilefni skrifa hans var að vekja athygli á því hversu berskjölduð við í raun erum þegar kemur að heimsfaraldrum, til dæmis af völdum influensu.

## Eins og stórslysmynd

„Þetta hljómar eins og stórslysmynd en sannleikurinn er sá að í raun er tímaspursmál hvenær þetta gerist – þökk sé influensunni,“ segir Quick í grein sinni og bendir á að influensan sé sá sjúkdómur sem hvað erfiðast sé að stjórna. Um sé að ræða smitsjúkdóm sem dreifir sér á ógnarhraða og sé óútreiknalegur, frá ári til árs.

Quick segist óttast að mjög banvænn heimsfaraldur influensu sé handan við hornið – af stærðargráðu sem við höfum ekki séð áður. „Aðstæðurnar eru fyrir hendi og þetta gæti gerst á morgun. Góðu fréttirnar eru þær að við eigum mörg verkfæri til að koma í veg fyrir þetta. En slæmu fréttirnar eru þær að það er óskap-

**„Afleiðingar þess að gera ekki neitt gætu orðið hörmulegar fyrir mannkynið“**

lega lítið sem við erum að gera.“

Quick segir að við séum í raun alveg jafn berskjölduð nú og fyrir hundrað árum, þegar spænska veikin reið yfir heimsbyggðina með þeim afleiðingum að 50 milljónir létust. Spænska veikin var influensufaraldur sem hafði mikil áhrif um allan heim. Þannig er talið að mikill meirihluti íbúa Reykjavíkur hafi veikist.

## Komin yfir á tíma

„Einni öld síðar, reynslunni og þekkingunni á influensunni ríkari, megum við búast við öðrum faraldri brátt. Sérfróðir telja jafnvel að við séum komin yfir á tíma.“ Quick útskýrir svo hvernig influensuveiran hagar sér og bendir á að einhvers staðar þarna úti sé mjög banvænn stofn influensuveirunnar að verða til, hugsanlega í fugli, leðurblöku, apa eða svíni. Tímaspursmál sé hvenær þessi stofn komist í manneskju þaðan sem hann heldur áfram að dreifast frá manni til manns.

„Þessi nýi stofn getur verið okkur hættulegur, enda eitthvað



Áhyggjufullur Jonathan Quick segir að full ástæða sé til að hafa áhyggjur.

sem líkami okkar á ekki að venjast. Líklega byrjaði spænska veikin svona,“ segir hann.

## Getum sjálfum okkur um kennt

Quick bendir á að mannskeppan geti í raun engri nema sjálfri sér um kennt. „Við elskum ódýran kjúkling og ódýrt svínakjöt,“ segir hann og bætir við að á býlum, þar sem svín og kjúklingar koma saman í þúsundtali, séu fyrirtaksaðstæður fyrir influensuveiruna.

Quick nefnir í því sambandi að H1N1-svínaflensan árið 2009 hafi átt rætur í einu slíku svínabúi, en 575 þúsund manns létust af völdum hennar. Vísindamönnum tókst að rekja veiruna til svínabús í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Á örfáum árum stökkbreyttist hún og varð jafn hættuleg og raunbar vitni. „Svín borða nánast allt og meltingarvegur þeirra er fullkom-

inn pottur fyrir hin ýmsu afbrigði influensuveirunnar. Þegar svín borða drit úr sjúkum kjúklingum geta stökkbreytingar átt sér stað og nýr influensustofn myndast.“

## Helmingur hefur látist

Quick nefnir svo að ein tegund influensuveirunnar valdi mönnum talsverðum áhyggjum um þessar mundir, H5N1-fuglaflensan. Flensan varð manni fyrst að bana árið 1997 en frá árinu 2003 og til ársins 2016 hafa 846 einstaklingar veikist af flensunni á heimsvísu. Ekki mikill fjöldi enda er H5N1 sem betur fer ekki mjög smitandi, ekki enn þá að minnsta kosti. Staðreyndin er þó sú að um helmingur þeirra sem hafa smitast hefur látist og þar liggja áhyggjurnar.

Til samanburðar var dánartíðnin af völdum spænsku veikinnar aðeins um þrjú prósent. Það hvort, og þá hvenær, H5N1 stökkbreyttist þannig að úr geti orðið heimsfaraldur influensu liggur ekki alveg ljóst fyrir, en möguleikinn virðist vera fyrir hendi.

## Enn fimm til tíu ára bið

Í lok greinar sinnar hvetur Quick fólk til að vera meðvitað um hættuna; gæta vel að handþvotti enda varla hægt að finna betri forvörn en hreinlæti þegar vírusar og önnur óværa er annars vegar.

„Ef þú veikist verður þú líka að vernda aðra með því að halda þig heima,“ segir hann og bætir að lokum við að vísindamenn í heilbrigðisgeiranum verði að

sameinast um að þróa bóluefni gegn flensuvírusum.

„Sem læknir þá veit ég að ekkert verndar fólk gegn veikindum á eins skilvirkan hátt og bóluefni. Ef við ættum gott bóluefni gætum við komið í veg fyrir hörmungar af völdum influensu,“ segir hann og bætir við að leitinn að hinu fullkomna bóluefni, ef svo má segja, hafi byrjað of seint.

„Þau bóluefni sem við höfum núna vernda okkur ekki gegn öllum tegundum influensu, þremur til fjórum í mesta lagi. Sérfræðingar verða því að veðja á eða spá hvaða stofn sé líklegastur til að valda óskunda hverju sinni. „Vandamálið er að þau bóluefni sem eru til ráðast bara á tvö prótein í vírusnum sjálfum, prótein sem sitja við yfirborð hans. Við þurfum bóluefni sem ræðst á undirstöðurnar í vírusnum, eitthvað sem breytist ekki, þannig að bóluefnið verði gagnlegt við öllum stofnum.“

Quick segir að sex hópar vísindamanna um heim allan vinni nú að þessu öllum stundum. „Hver hópur er með sína nálgun en skilaboð þeirra eru þau að við séum enn fimm til tíu árum frá því að finna eitthvað nothæft. Góðu fréttirnar eru þær að vísindasamfélagið veit hvað á að gera, en hlutirnir gerast því miður ekki nógu hratt,“ segir Quick og bætir við að ráðamenn í löndum heimsins verði einnig að sameinast um að leggja til meira fjármagn til rannsókna. „Afleiðingar þess að gera ekki neitt gætu orðið hörmulegar fyrir mannkynið.“ ■

# VARMAÐÆLUR

EVROPSK GÆÐI, SÉRSTAKLEGA HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR OG SKILA HÁMARKS ORKUSPARNAÐI.



DAIKIN loft í loft og loft í vatn varmaðælur hafa staðið sig mjög vel og skilað miklum orkusparnaði. Í nýjstu prófunum á öllum helstu loft í loft varmaðælum komu Daikin loft í loft varmaðæurnar best út.



Hilmar Magnússon smá mont! tengdi þessa (ururu sarara 42) 15 ágúst. Slökkti á öllum rafmagnsofnum samtímis. Hef fylgst með rafmagnsnotkun síðan og er staðan núna 1200kw á næstum 21/2 mánuði. Er að greiða áætlun mv fyrri notkun uppá 2000kw á mánuði! Er sem sagt 70%+ undir áætluninni. Er með 110fm hús kynt í 21gráðu og hitamunur milli rýma er max 2-3gráður. Nú er bara að sjá hvað restin af vetrinum gerir í orkueyðslu. Verulega ánægður með startið á þessu.

Líkar ekki við · Svára · Skilaboð · 1 · 24. október kl. 20:13



THERMIA varmaðælur hafa löngum sannað sig á Íslandi. Þær vinna mjög vel og skila hámarks orkusparnaði. Fullkominn stjórnbúnaður hvort sem er fyrir íbúðarhús eða iðnað. Thermia er með mest seldu jarðvarmaðælu á Íslandi. Búið er að setja upp Thermia varmaðælur í fjölda íbúðarhúsa, hótela, iðnaðarhúsnaða og sundlauga.



## VARMASKIPTAR

SWEP varmaskiptar hafa getið sér gott orð á Íslandi. Endingartími þeirra hefur verið mjög langur ásamt því sem þeir hafa skilað góðri nýtingu. Við bjóðum uppá mikið úrval varmaskipta frá SWEP og getum afgreitt sérpantanir á 3-5 virkum dögum. Við eigum einnig tilbúna grindur í flest öll kerfi.

**Sími: 517 0270**  
**VERKLAGNIR.IS**  
Sérfræðingar í varmaðælum!

Smiðjuvegur 70 - gulgata / 200 Kópavogur  
www.verklagnir.is / verklagnir@verklagnir.is

**Nýtt líf** Kolbeinn gekk inn á Vog fyrir fjórum árum og tók til í sínu lífi. Hann segir að það sé ekki hægt að kalla það lífstílsbreytingu heldur nýtt líf. MYNDR SIGTRYGGUR ARI

# Þakklátur að geta borgað allar skuldirnar

**Kolbeinn Óttarsson Proppé** bað um að vera lýstur gjaldprota eftir að hafa safnað skuldum í áratugi. Í dag er hann búinn að vera edrú í fjögur ár og hefur setið á þingi fyrir Vinstri græn í rúmt ár. Í haust klárar hann að borga af öllum skuldunum. Í viðtali við DV lýsir hann því hvernig hann kom sér í þessa stöðu, edrúmennskuna og hvernig það er að vera kallaður landráðamaður og svikari.

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is



Ég er bara lífsglaður maður, einu sinni var það vegna þess að það var föstudagur en það er ekki þannig lengur," segir Kolbeinn kátur þegar hann sest niður með blaðamanni í færeyska herberginu í Alþingishúsinu á sólríkum föstudegi. „Í grunninn er ég hress, en eftir að ég villist af leið í lífinu þá urðu morgnarnir þyngri, en eftir að ég hætti að drekka og

tók til í mínu lífi hef ég aftur fundið þessa lífsgleði, að vakna og hlakka til dagsins. Það eru allir dagar þannig.“

*Ef við byrjum á byrjuninni, hvaðan ert þú?*

„Ég tala um að ég sé frá miðhálandinu. Ætli ég hafi ekki verið í fimm grunnskólum, við fluttum svo títt. Það var einhver ævintýramennska og víðsýni í foreldrum mínum. Ég fæddist í Reykjavík, þegar ég var tveggja ára fluttum við norður á Dalvík. Þar

var ég næstu sex árin, þá fluttum við í Hafnarfjörð. Tveimur árum síðar var pabbi ráðinn bæjarstjóri á Siglufirði, þar bjuggum við í eitt kjörtímabil, fjögur ár. Húsið okkar í Hafnarfirði brann á meðan við bjuggum fyrir norðan þannig að við fluttum á endanum í Kópavog. Þetta er kannski ekki miðhálandið, ég er frá Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Þetta er Tvídægra," segir Kolbeinn og hlær. „Ég lít á mig sem Norðlending, en það togast á við Suðurland því móðurættin er frá Þjórsárdal og þar var ég á sumrin.“

**Datt fyrst í það 11 ára**

Aðstæður leiddu til þess að Kolbeinn byrjaði ári á undan í grunnskóla, Kolbeinn á afmæli í desember og því var hann aðeins fjögurra ára í fyrsta bekk. „Pabbi var húsvörður og kennari í skólanum á Dalvík, við bjuggum á heimavistinni þar sem var verið að kenna yngsta bekknum. Ég hékk alltaf fyrir utan og á endanum var mér hleypt inn. Ég var í bekk með krökkum sem voru

„Það voru einhverjir byrjaðir að drekka og aðrir að prófa. Þá var ég búinn að vera á fylleríum í nokkur ár og drykkja orðin eðlilegur hluti af lífinu.“

sum hver nánast tveimur árum eldri en ég, sem betur fer þroskaðist ég mjög snemma.“ Þar af leiðandi byrjaði Kolbeinn snemma að vinna. „Ég var 12 ára byrjaður að vinna á sumrin í frystihúsinu og var tekjuhærrí en mamma.“ Þegar Kolbeinn flutti suður var stóra bróður hans boðið pláss á skipi, bróðir hans komst ekki og bauð Kolbein fram í staðinn. „Þá var ég 17 ára. Ég var nokkur sumur á sjónum.“

*Var það í frystihúsinu á Siglufirði sem þú tókst fyrsta sopann?*

„Nei, það var líklegast þegar við krakkarnir stálum brennivíni af Siglufjarðarleið. Stemningin þarna fyrir norðan var á þá leið að okkur lá mjög á að verða fullorðin. Það átti við um vinnuna og að detta í það. Við héldum partí eftir skólann, drukkum, dönsuðum og tókum til áður en foreldrar okkar komu heim. Ég held að ég hafi verið 11 ára þegar ég datt fyrst í það.“

Kolbeinn var því orðinn nokkuð veraldarvanur þegar hann flytur suður, 14 ára gamall. „Það voru einhverjir byrjaðir að drekka og aðrir að prófa. Þá var ég búinn að vera á fylleríum í nokkur ár og drykkja orðin eðlilegur hluti af lífinu.“

**Endaði á geðdeild vegna drykkju** Hvenær var drykkjan orðin að vandamáli?

„Ég veit það hreinlega ekki, auðvitað er það vandamál að svona ungt barn sé á fyllerí. Þegar ég var kominn í menntó þá voru allir á fyllerí um helgar, ekki allar helgar. Maður drakk mikið og var

## Það er svo skrítíð, botninn svokallaði getur komið í raun og veru hvenær og hvar sem er.

á kafi í töffaraskap. Ég leitaði svo í aðstæður og félagsskap þar sem drykkja er eðlileg. Það er ekki hægt að segja hvenær þetta varð vandamál, þetta er stigversnandi sjúkdómur. Ég leit aldrei á þetta sem vandamál fyrr en ég var orðinn fullorðinn. Það fer að kvarnast úr hópnum sem er til í að detta í það með þér, þá finnur þú annað fólk sem er til í það.

Ég hafði engan stoppara, tveir bjórar á barnum og það varð fylleri. Ég varð sjaldan þunnur og átti ekki í vandamáli með svefn, þannig að þetta gekk alveg. Fyrr en ég áttaði mig á var ég kominn með stimpilinn að vera drykkfelldur, ég upplifði þetta ekki sem vandamál fyrr en ég var að sækja um vinnu og komst að því að meðmælandi talaði um að ég drykki mikið. Þá var ég fertugur.“

Afneitunin var það sterk að hann áttaði sig ekki á að hann væri alkóhólisti þrátt fyrir að hann endaði inni á geðdeild vegna drykkju. „Afneitun er sterkasta aflið, sterkara en þörfin til að drekka. Þú sérð það sem vanda-

mál á meðan þú ert niðri. Þú sverð það á mánudegi að drekka aldrei aftur, en á fimmtudeginum er þetta aldrei vandamál.“

*Hvernig kom það til að þú endaðir inni á geðdeild vegna drykkju?*

„Þetta var 2003. Þá var ég búinn að vera í slæmum aðstæðum, búinn að drekka í nokkra daga og sofa nánast ekki neitt. Ég var bara orðinn ruglaður, en ég náði mér fljótt upp úr því.“

Þegar þarna var komið sögu var Kolbeinn orðinn tveggja barna faðir. „Þú missir öll prinsipp. Ég sleit samvistir árið 2002, fyrst var maður rosa finn, var með barnið viku og viku, svo fór að kvarnast úr því og svo var ég kominn í þá stöðu að það var langt síðan ég sá barnið mitt því ég var svo upptekinn að sinna því að vera alkóhólisti. Þarna hefði ég getað fundið minn botn, en ég gerði það ekki.“

### Botninn getur komið hvenær sem er

Á þessu tímabili var Kolbeinn hvað lengst niðri, en síðan náði hann stöðugleika í lífinu þrátt fyrir

úr. Þarna rann upp fyrir mér ljós, ókei, ég kemst aldrei lengra í lífinu en þetta. Ef ég er heppinn þá næ ég að viðhalda þessu en líklegast fer allt versnandi. Fjölskyldutengsl, fjármálin, allt í rúst. Allt svo ófyrstíganleg vandamál að það tekur því ekki að byrja að reyna að leysa þau. Þarna gafst ég upp.“

Þetta var 8. febrúar 2014. Edrúdagur Kolbeins er 4. mars, daginn sem hann fór inn á Vog. „Þessi dagur skiptir mig miklu máli því hann er undirstaðan að öllu mínu lífi í dag, að ég gafst upp. Og finna sáttina sem fylgir því að gefast upp og viðurkenna að ég ráði ekki við þetta. Þú spurðir mig fyrst hvort ég væri glaður að vakna á morgnana, áður vaknaði ég og hugsaði hvernig ég ætti að þrauka og ljúga mig í gegnum daginn, lífið gekk alveg en ég gat ekki horfst í augu við sjálfan mig í speglinum. Breytingin frá því, að vakna glaður og spenntur og hugsa hvað ég ætti að takast á við í dag, þetta er svo ofboðslega stór breyting, að takast á við lífið með auðmýkt og þakklæti.“

### Fær að endurgreiða skuldirnar

Kolbeinn sendi inn beiðni um gjaldþrot árið 2016. Um var að ræða skuldir, þá helst dráttarvexti, sem hann skuldaði Tollstjóra. „Ég var að vinna sem verktaki og borgaði ekki skatta, ég skilaði ekki einu sinni inn skattframtölum. Þannig að það er áætlað á mig, upphæð sem óx bara því ég gerði ekkert í því. Ég lifði bara frá degi til dags og sinni aðeins þeim fjárhagsskyldum sem nauðsynlegar voru til að forða því að ég myndi lenda á götunni. Annars tók ég enga ábyrgð á því sem ég gerði.“

Skuldirnar hlóðust upp jafnt og þétt á meðan Kolbeinn drakk. „Sem dæmi um raunveruleikabrenglunina þá ákvað ég stundum að ég myndi nú taka á þessu og fara á sjóinn. Fertugur maður sem hefur ekki farið á sjóinn í fimmtán ár. Þetta varð svo mikil hit og með áætlunum þá segir Tollstjóri að ég skuldi tugi milljóna. Það var alveg ljóst að mér myndi ekki endast ævin til að borga þetta en ég ætlaði út á sjó og græja þetta.“

Þegar hann fór í meðferð 2014 ákvað hann að taka til í sínu lífi. „Ég fór í uppgjör við fólk sem ég hafði komið illa fram við, gerði upp það sem ég hafði gert öðrum og reyndi að bæta fyrir, þá voru fjármálin eitthvað sem ég þurfti að laga. Ég fékk endurskoðanda með mér til að skila inn öllum framtölum, þá lækkaði upphæðin um helming en var samt svo há að ég gat ekki ráðið við hana. Þau hjá Tollinum sögðu mér að það væri best að fara bara í gjaldþrot. Mér hafði verið ráðlagt það áður en mér fannst það eitthvað svo smánarlegt.“

Ég bað um gjaldþrot og í því ferli opnaðist þessi leið, að gera nauðsamning. Það er ýmislegt í því ferli sem væri hollt fyrir okkur þingmenn að skoða. Ég fer þá leið, borga ekki af mínum skuldum á meðan en þessi leið kostar mig meiri peninga. En fyrir vikið fæ ég að endurgreiða skuldirnar sem ég stofnaði til og vel rúmlega það, því stærsti hlutinn er vaxtakostnaður.“

Næsta haust klárar Kolbeinn að greiða síðustu greiðsluna, alla upprunalegu skuldina og hluta af dráttarvöxtunum, þá verður hann skuldlaus við skattinn. „Sigurtilfinning, léttir, en umfram allt þakklæti. Ég er að borga upphæðir sem ég hefði aldrei trúað að ég myndi láta frá mér, en mér líður alveg óendanlega vel með að skilja við peningana. Því ég er að fá færi á að taka ábyrgð á því sem ég gerði áður. Sumir halda örugglega að

Þessi dagur skiptir mig miklu máli því hann er undirstaðan að öllu mínu lífi í dag, að ég gafst upp.“

ég sé bara að ljúga, en þetta alveg raunverulegt þakklæti. Ég er heppinn, það eru ekkert allir sem geta borgað skuldirnar sínar. Ég verð mörg ár að borga af fjármögnuninni til að gera upp við Tollinn, en það er í góðu lagi. Ég fæ þá að standa skil á mínu.“

### Hélt að hann þekkti starf þingmannsins

Kolbeinn var lengi þingfréttaritari og segir það hafa verið sérstakt fyrst að vera sjálfur orðinn fréttamatur. „Ég reyndi að skrifa fréttir þar sem skyggst var á bak við tjöldin en ekki bara átakpunktana. Ég veit ekki hvort ég geti kallað það hroka en ég hélt að ég þekkti starf þingmannsins eftir að hafa starfað sem þingfréttaritari og líka eftir að hafa fylgst með pólitík síðan ég var þúki. Svo kemur maður hingað inn og upplifir að það er mikið sem þú veist ekki. Það var margt sem var allt, allt öðruvísi en ég hélt.“

Þá sérstaklega vinnan utan þingfundar. „Stór hluti vinnunnar fer fram fjarri sjónvarpsmyndavélum, þá sérstaklega nefndarstörf. Þar er fólk minna að reyna að koma höggi hvert á annað og komast í fyrirsagnir, fólk er bara að vinna að framgangi mála. Ég hafði óljósa hugmynd um þetta en umfangið og fagmennskan kom mér á óvart. Það kom mér líka á óvart hvað það er sótt í að tala við þingmenn, innhólflið fyllist af alls kyns boðum og sendingum, allt frá boði á Iðnþing yfir í mjög persónulegar sögur einstaklinga sem eru í erfiðum aðstæðum og baráttu við kerfið. Ef maður ætlaði að sinna þessu mjög vel þá færi stór hluti starfsins bara í þetta. Það segir mér eitt, það er mikil þörf fyrir að gera margt í samfélaginu.“

### Allt séð í neikvæðu ljósi

Gagnrýnin sem þingmenn fá á sig kom Kolbeini einnig nokkuð á óvart. Sem blaðamaður gagnrýndi hann þingmenn í skoðanapistlum og var sjálfur uppnefndur „Baugspenni“ þegar hann starfaði fyrir 365 miðla, þrátt fyrir að hafa meðal annars lent í ritdeilu við Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann segir að gagnrýnin sem hann hafi fengið á sig þá hafi verið léttvæg samborið við gagnrýnina sem þingmenn fá. „Við erum á þeim stað að það er rosalega erfitt að eiga í rök-ræðum, ég hef miklar áhyggjur af því. Fólk er mjög stóryrt, fólk skellir fram alls kyns fullyrðingum og fyrir suma er alveg sama hvað þú gerir, það er alltaf séð í neikvæðu ljósi. Eins og núna, ég upplifi það að hjá mörgum er alveg sama hvað ég segi eða geri, það er alltaf séð í ljósi þess að ég studdi þetta ríkisstjórnarsamstarf. Þetta kom mér á óvart, líka í fyrra þegar ég var í stjórnarandstöðu. Það er ekki auðvelt að eiga rólegar og yfirvegaðar umræður um mál, við erum í efsta stiginu.“

Kolbeinn hallar sér aftur í sætinu og áttar sig á að það sem hann var að ljúka við að segja verði einnig gagnrýnt. „Nú mun einhver segja að ég sé að kalla eftir minni gagnrýni og meiri ritskoðun. Alls ekki. Ég held bara að við sem samfélag komumst á betri stað ef ▶

**Proskadíst snemma** Kolbeinn var byrjaður að drekka aðeins 11 ára gamall og að vinna 12 ára.



við tölum betur saman og í því felst fyrst og fremst að við hlustum og virðum rök hvers annars. Það er alveg hægt að vera ósamála fólki en virða það á sama tíma.“

Þetta varð til þess að Kolbeinn eyddi samskiptaforritinu Facebook úr símanum sínum. „Það koma dagar þar sem ég segi börnunum mínum að fara ekki inn á Facebook. Þá er búið að tagga mig tuttugu sinnum þegar ég vakna og segja að ég sé þjóðniðingur, svikari, landráðamaður og ég veit ekki hvað og hvað. Og öll tækifæri nýtt. Ég birti mynd af látnum föður mínum til að minnst þú þarft sem þingmaður alltaf að hlusta á gagnrýni. Gagnrýni sem sett er fram á málefnalegan hátt getur og hefur fengið mig til að hugsa og skoða mál upp á nýtt. Ef sama gagnrýni er lögð fram með tali um landráð, þjóðniði og svikum, þá verður maður ónæmur fyrir henni. Hins vegar þarf maður að sitja nógu sáttur í sjálfum sér og sinni pólitík til að sveiflast ekki dag frá degi eftir fjölda „læka“ á Facebook. Þetta er jafnvægislist.“

Þess vegna forðast hann að nota stóryrði. „Ég gagnrýndi síðustu ríkisstjórn mjög mikið og spurði oft hvar kosningaloforðin væru, eflaust hef ég talað um svik við kjósendur. Það á ekki að skipta máli hvort maður sé í stjórn eða

stjórnarandstöðu, ég get ekki ákveðið hvað aðrir segja, en ég reyni alltaf að tala af ábyrgð og á yfirvegaðan hátt.“

#### Með barnalega sýn

*Þú hefur lítið sést í fjölmíðlum að undanförunu og bloggsíðan þín hefur ekki hreyfst síðan í nóvember, léstu þig hverfa eftir kosningar?*

„Ég gerði það, ég hvarf. Ég ætla að vera alveg heiðarlegur með það, umfang umræðunnar, þótt ég sé með þykkan skráp, hefur valdið því að ég hef minni þörf fyrir að tjá mig. Ég hugsa alltaf, þetta er eitthvað sem ég þarf að vinna í, ef ég set eitthvað út þá mun ég fá yfir mig gusu um að ég sé landráðamaður og svikari. Það hefur haft áhrif á mig, það kom flóðbylgja og ég hörfaði. Nú er ég búinn að fóta mig aftur og þarf að byrja að tjá mig á ný, því nóg hef ég af skoðunum.“

„Ég ætlaði ekki endilega að segja frá því, en ég reyni að vera heiðarlegur og fyrst þú spyrð svona beint þá verður myndin ekki full nema ég minnst á heilsuna. Ég hef verið að kljást við slappleika um hríð og verið í alls kyns rannsóknum, allt frá ristli til heila með viðkomu í maga og hjarta. Það hefur enn ekkert komið út úr því og ég er því enn að kljást við þetta, þróttleysi, svima og yfirliðstilfinningu, en tók þó ákvörðun um að dvelja ekki í þessu heldur halda bara áfram.“

Það sést á sumum þingmönnum að þeir brenna fyrir einhverju tilteknu málefni og vilja þeir gjarnan ólmir koma þeim tilteknu skoðunum á framfæri, slíkt er ekki að finna þegar rætt er við Kolbein.

*Þú ert í Vinstri grænum, þingmaður Reykjavíkur, þú styður ríkisstjórn VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hverjar eru þínar pólitísku skoðanir?*

„Það var mjög barnaleg sýn sem varð til þess að ég ákvað að

gefa kost á mér í stjórn málum. Ég hef alltaf verið pólitískur, 15 ára var ég orðinn formaður æskulýðsfélags Alþýðubandalagsins í Kópavogi, svo eftir að ég villtist af braut þá minnkaði áhugi minn á samfélaginu. Nema þá til að gera grín að því á kaldhæðinn hátt. Kaldhæðni, drykkfelldi blaðamaðurinn, það var ég. Eftir að ég hóf nýtt líf vaknaði spurningin um hvort ég gæti gert samfélagið betra. Það er þessi barnalega sýn sem dregur mig áfram í pólitík.“

Kolbeinn segir að hann eigi heima í Vinstri grænum. „Fjórar grunnstoðir flokksins eru fjórar grunnstoðir stjórn mála skodana minna, það eru umhverfis- og loftslagsmálin, sósíalismiinn, það að við búum í jöfnu samfélagi. Femínismiinn, það að það skipti ekki máli hvort þú sért með typpi eða ekki. Svo er það friðarhyggjan, þar hef ég einnig þessa barnalegu sýn að utanríkisstefna Íslands eigi að miða að því að við séum góð við hvert annað frekar en að vera kasta sprengjum í hausinn hvert á öðru.“

Það er hins vegar hægara sagt en gert að taka almenna pólitíska sýn og beita henni í daglegum þingstörfum. „Mánudögum er það stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, þingfundur. Daginn eftir er það atvinnuveganefnd, það eru kannski fjögur, fimm mál á hverjum fundi sem þarf að takast á við. Og svo aftur á miðvikudegi og fimmtudegi.“

#### Þrjár gullnar reglur

Kolbeinn hefur áhuga á öllu en nefndirnar sem hann á sæti í stýra því hvaða mál hann fæst helst við. „Það er forgangsmál að berjast gegn fátækt hér á landi. Það er fráleitt að við séum hérna með samfélag þar sem fólk lifir ekki mannsæmandi lífi. Þetta nær til launastrúktúrs, þetta nær til örorkubóta, lífeyrskerfisins. Ég hef enga töfralausn en mig langar til þess að vinna að því að laga þetta. En þar sem ég er ekki í vel-

“Ég var eitt sinn mjög trúlaus, en ég hætti því. Ég þurfti virkilega að takast á við trúleysi mitt en í dag reiði ég mig á æðri mátt.“

ferðarnefnd þá er ég að vinna að öðrum mikilvægum málum, sem eru þó ekki jafn brýn og bág staða öryrkja.“

Kolbeinn hefur þrjár gullnar reglur í stjórn málum. „Fyrsta reglan er að ég viðurkenni að ég er ekki með neina töfralausn, ég er ekkert séni, ég sit ekki heima og hugsa og kem svo og segi hvernig hlutirnir eiga að vera. Ég tek þátt í vinnunni, hlusta og legg mitt af mörkum. Önnur reglan er að ég þykist aldrei vita eitthvað sem ég veit ekki, þegar ég kem að nýjum málum þá reyni ég að forðast mínar fyrirfram mótaðu hugmyndir. Þriðja gullna reglan er að tala aldrei fyrir munn þjóðarinnar, stjórn mála menn sem segja hvað þjóðinni finnst eru að gera full mikið úr sjálfum sér – að halda að maður sé það mikill snillingur að maður geti talað fyrir munn þjóðarinnar.“

#### Ótrúleg gjöf að geta verið til staðar

Kolbeinn röltir um ganga Alþingishússins og sér þar þingmann Pírata sem horfir á símann sinn. „Daginn!“ kallar Kolbeinn glaður og fær á móti bros og vink.

*Þú heilsar alveg Pírötum?*

„Ég heilsa öllum. Það gera það reyndar flestir. Aðhald stjórnarandstöðu er nauðsynlegt, sama með aðhald fjölmiðla. Ég skil stundum ekki kollega mína sem kvarta undan ágangi fjölmiðla, samfélagið á að virka þannig. Sama með stjórnskerfið, ég upplifi það stundum að

það eigi ekki að veita upplýsingar nema það nauðsynlega þurfi. Það á einmitt að vera öfugt, það á að afhenda allt nema það sé einhver góð ástæða fyrir því að það eigi ekki að gera það. Það á að vera undantekningin. Þess vegna er ponta Alþingis er svo sterk birtingarmynd kerfisins, þar er fólk að tala,“ segir Kolbeinn.

Í dag er Kolbeinn búinn að vera edrú í fjögur ár, hann er búinn að ná jafnvægi í lífinu, er að klára að borga skuldir sínar og vinnur að því að styrkja samband við fjölskyldu og vini. „Maður uppgötvar það þegar maður tekur til í lífi sínu eftir meðferð hvað fólkíð þitt hefur haft miklar áhyggjur af þér. Að upplifa það núna að börnin sækja í að vera hjá mér, sambandið við mömmu, nána vini, þetta er allt annað. Það er ótrúleg gjöf að geta verið til staðar, gefið af sér og ekki vera uppspretta áhyggja.“

*Ertu trúður maður?*

„Ég var eitt sinn mjög trúlaus, en ég hætti því. Ég þurfti virkilega að takast á við trúleysi mitt en í dag reiði ég mig á æðri mátt,“ segir Kolbeinn og dregur djúpt andann. „Ég er ekki æðsta veran í alheiminum, það er eitthvað gott í alheiminum eða bara innra með okkur. Það getur verið samtakamáttur okkar þegar eitthvað bjátar á. Ég þarf ekki að skilgreina það. Ef þú kryfur froskinn þá drepst hann. Ég þurfti alltaf að skilja allt, en ég hvorki get né vil skilja æðri mátt.“

Kolbeinn segir það að ganga inn á Vog fyrir rúnum fjórum árum og taka til í sínu lífi sé ekki hægt að líkja við lífsstílsbreytingu, lífið sem hann lifir í dag er nýtt líf. „Ég er ekki að neita mér um áfengi, ég er ekki fórnarlamb, ég er bara heppinn að þurfa þess ekki. Þetta er auðvitað bara einn dagur í einu, maður er aldrei öruggur, en ég hef bjargfasta trú á því að það að vera edrú er grunnurinn að öllu mínu lífi í dag. Auðvitað er ég oft á bleika skýinu, en það er núna hluti af hversdeginum.“ ■

# Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

## Nýtt frá geoSilica



### Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni. Hann er eitt algengasta steinefni jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs. Bandvefur getur t.d. verið beinvefur, sinar, liðbönd og húð. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaefti.



### Recover Fyrir vöðva og taugar

Kísilsteinefni styrkir allan bandvef líkamans t.d. brjóska, sinar og liðbönd. Þannig getur **geoSilica Recover** dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. **geoSilica Recover** er magnesíumbætt, en magnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins.



### Renew Fyrir húð, hár og neglur

Rannsóknir\* sýna að kísill stuðlar að skilvirkari myndun kollagens í líkamanum. Þannig getur **geoSilica Renew** styrkt húðina og gert hana stinnari. **geoSilica Renew** getur einnig grynnað örhrökkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. **geoSilica Renew** er sink- og koparbætt. Sink og kopar eru lífsnauðsynleg steinefni en rannsóknir\* sýna að þau stuðla að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlas og klofna enda.



### Repair Fyrir bein og liði

**geoSilica Repair** getur aukið beinþéttni en rannsóknir\* sýna að dagleg inntaka kísils getur dregið úr beinþynningu og jafnvel hægt á henni á byrjunarstigi, sérstaklega hjá konum. **geoSilica Repair** er manganbætt en það á ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti s.s. myndum brjósks og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga og ónæmiskerfis.

\*<http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements>

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum,  
Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)

**geoSilica**  
ICELAND



Heimilisfang  
Kringlan 4-12, 4. hæð  
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson  
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



**Að skjóta sig í fótinn**  
Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur, þingflokksformanni Vinstri grænna, tókst að skjóta sig allrækilega í fótinn með því að segja að sporslurnar sínar dygðu ekki til að borga af húsnæðislaninu sínu. Bjarkey dró svo í land og sagði að sporslurnar dygðu ekki til að greiða af láninu af húsinu sem hún keypti í Reykjavík og það sem hún væri að kvarta undan væri aðstöðumunur. Ekki tók hún þó fram að með því að kaupa sér íbúð gæti hún selt téða íbúð og hagnast. Smá ráð til Bjarkeyjar, ef þú ert með 1,5 milljónir á mánuði, sporslur sem þú sem þingmaður neyðir sjálfa þig til að taka við, ekki kvarta undan því á almanna-færi að sporslurnar séu ekki nógu háar. Það kallast að skjóta sig í fótinn.



## Hlegið að Viðreisn

Dræm þátttaka á landsfundi Viðreisnar vakti kátínu hjá þeim 93% þjóðarinnar sem ekki styðja flokkinn, þá sérstaklega Sjálfstæðismanna sem er ekki hlýtt til þeirra sem voga sér að skilja við flokkinn. Sjálfstæðismenn, sem sjálfir halda landsfund um helgina, hafa hlegið dátt að þeirri staðreynd að nærri helmingi fleiri hafa boðist til að taka þátt í mál-efnanefndum flokksins en kusu Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formann Viðreisnar. Sjálfstæðismennirnir hlægja kannski ekki jafn hátt þegar þeir átta sig á því að nærri helmingi færri styðja flokkinn í dag en þegar Þorgerður Katrín var varaformaður.

# Hrósið fær Sigríður Andersen

## Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is



Ekki skipti var samt jafn slæmt og kvöldið sem hann reyndi að kyrkja mig. Ég man það eins og það hafi gerst í gær. Hvernig ég barðist á móti, sá brjálæðisglampann í augunum á honum, hélt að þetta væri mitt síðasta. Ég hugsaði til ykkar, að þið yrðuð móðurlausar. Ætli það hafi ekki gefið mér þann fitonskraft sem ég fékk til að losa hann ofan af mér."

Þetta skrifaði Hildur Þorsteinsdóttir meðal annars í löngu, átakanlegu bréfi til barna sinna eftir að hún hafði flúið Magnús Jónsson, sambýlismann sinn til sautján ára. Hildur kveðst hafa mátt þola skelfilegt, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi af hálfu Magnúsar. Hildur opnaði sig um sambandið í viðtali við DV og vakti saga hennar gríðarlega athygli. Var ánægjulegt að sjá hvernig fjölskylda, vinir og svo lesendur DV, ókunnugt fólk veitti Hildi stuðning sem hefur bætt þó



aðeins að litlum hluta upp það ofbeldi sem Hildur hefur orðið fyrir af hálfu kerfisins. Og saga Hildar er ekkert einsdæmi.

Í sögu Hildar kom fram að þrátt fyrir að hafa slitið sambandinu fyrir þremur árum er ekki enn búið að skipta eignum og tókst að teffa málið með aðstoð lögfræðinga. Konur lenda í raun í mannréttindabrotum í svifaseinu kerfi.

Á fimmtudag hitti Þorsteinn Vilhelmsson, faðir Hildar, Sigríði

Andersen dómsmálaráðherra. Það er ljóst að Sigríður þarf að láta til sín taka á þessu sviði. Hún fór yfir mál Hildar með Þorsteini og kveðst fjölskyldan treysta því að breytingar verði á kerfinu öllum konum og fjölskyldum til góða. Um lífsspursmál er að ræða, því ekki lifa allar konur ofbeldissambönd af. Og lifi þær af er skaðinn oft gríðarlegur og sálræn lækning tekur sinn tíma. Þá verða börn oft vitni að því þegar pabbi lemur mömmu.

Kerfið hefur brotið á Hildi. Það liggur ljóst fyrir. Það verður aldrei bætt að fullu en Sigríður Andersen fær nú tækifæri til að láta gott af sér leiða og bæta kerfi sem á að lyfta konum en ekki berja þær niður.

Sigríður Andersen fær hrós dagsins fyrir að hlusta á sögu fjölskyldunnar. Það verður fróðlegt að sjá hver hennar næstu skref verða. Það er mikilvægt fyrir okkur öll að tekin verði rétt ákvörðun og kerfið skoðað, okkur öllum til heilla. ■

## MEÐ OG Á MÓTI FRÍTT Í STRÆTÓ

Ingvar Mar Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík

Það sem við í Framsóknarflokknum í Reykjavík bendum á er að þetta hefur reynst vel á Akureyri. Akureyringar þrefölduðu farþega-fjölda í strætó á árunum 2007-2010 eftir að frítt varð í strætó. Það þurfa að fylgja auka 1,9 milljarðar með í rekstur Strætó á höfuðborgarsvæðinu til þess að þetta gangi upp, sem yrði þá fjármagnað af sveitarfélögunum og jafnvel með aðkomu ríkisins. Það sem sparast á móti eru dýr umferðarmannvirki ef tilraunin gengur upp.

Ef tilraunin sparar ferðatíma fólks um 10 mínútur á dag fyrir 60.000 manns þá sparar það 10.000 vinnustundir á dag. 10.000 vinnustundir sinnum 2.000 krónur á tímann (sem er hóflegt tímakaup) gerir 20 milljónir króna í sparnað á dag. Margfaldað með 240 vinnudögum gerir það 4,8 milljarða króna í tímasparnað á ári.



Þessi tilraun upp á 1,9 milljarða sem við leggjum til er mun ódýrari en Borgarlínan. Borgarlínan mun kosta a.m.k. 70 milljarða sem verða teknir að láni. Vaxtakostnaðurinn af 70 milljörðum er 3,5 milljarðar á ári ef miðað er við 5% vexti. Svo er þetta umhverfismál einnig þar sem bílaumferð og mengun munu væntanlega minnka ef frítt er í strætó. Þetta er tilraunarinna virði segjum við.

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur

Þetta er umræða sem skýtur upp kollinum öðru hverju. Það er ókeypis í strætó á Akureyri en eftir því sem ég best veit er hann ekki mikið notaður. Ég las áhugaverðar fréttir í þýskum blöðum um að ríkisstjórn Þýskalands henti út þeirri hugmynd að hafa tilraunaverkefni í nokkrum þýskum borgum að hafa ókeypis almenningsgöngur til að minnka koltvíoxíðlosun í landinu.

Það var svo þýskt blað sem gerði könnun á því meðal nokkur hundruð manns sem fara alltaf á bíl og þeir spurðir „ef það er ókeypis í strætó, muntu þá hætta að keyra alltaf á milli á bíl og taka strætó?“, þeir sögðu nánast allir nei. Vegna þess að það er ekki verðið sem veldur því að við kjósum að fara á bíl heldur að bíllinn er fljótari og þægilegri. Ef við gerum almenningsgöngurnar þannig að þær verði



bæði þægilegri og fljótlegri en að fara á bíl þá munum við nota strætó. Við væntum þess að verði hólft, en verðið skiptir mjög litlu máli. Þannig að hugmyndin, að allir muni fara í strætó ef það er ókeypis, hún stenst ekki.

## Spurning vikunnar

Erum við ein í heiminum?



„Ég trúi því ekki. Okkar himneski faðir er lifandi og hann elskar okkur.“

Öldungur Clegg



„Nei, við erum ekki ein. Ég trúi á aðrar sálir.“

Laufey Þórðardóttir



„Nei, ég held að við séum ekki ein. Ég held að það sé líf á öðrum hnöttum.“

Stefán Óskarsson



„Nei. Ég trúi því algerlega að það sé líf annars staðar.“


Ingunn Magnea Jónsdóttir



# Viðhald og framkvæmdir

16. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



## Flest sem lýtur að smíði og garðvinnu

MATTI SMÍÐUR

**M**atthías Pétursson húsgagnasmíður er með þrjátíu ára reynslu af smíði og vinnur með Matthíasi syni sínum, sem er að ljúka námi í húsgagnasmíði, og mun taka við rekstri föður síns þegar fram líða stundir. Þeir feðgar taka að sér flest það sem lýtur að smíði, nýsmíði og lagfæringum. Matthías segist lengi vel hafa unnið við sérsníði á innréttingum: „Undanfarin ár hefur sérsníð mitt hins vegar verið garðar og hellulögn. Ég tek að mér fjölbreytt verkefni eins og sumarhús, einkalóðir, lóðir undir nýbyggingar og eins eldra húsnæði. Að auki sé ég um nýja garða og endurgerð eldri garða.“

**Sólpallar, skjólveggir og hellulögn**  
„Þegar líða fer að vori fara margir að huga að sólpöllum enda eru þeir ekki bara til þess að njóta sólarinnar heldur nýtast einnig sem frábær framlenging á sjálfri stofunni,“ segir Matti. „Það er einnig annatími í hellu-

lögn og girðingum. Skjólveggir, bekkir, kofar og geymslur spretta upp eins og gorkúlur í gördum landsmanna með hækkandi sól,“ bætir hann við og nefnir að fátt sé skemmtilegra en vorverkin.

### Heitir pottar – framlenging á stofunni

„Fjölmargir hafa fengið sér heitan pott í garðinn á undanförunum árum. Það skiptir meginmáli að pallurinn við pottinn sé vel úthugaður og huga þarf vel að staðsetningu og umhverfi pottsins. Best er að pallurinn sé á tveimur hæðum og smíða tröppur á snyrtilegan hátt upp á efri pallinn til þess að auka rýmið umhverfis pottinn. Tröppurnar geta svo einnig nýst fyrir blómapotta og luktir sem gera umhverfið mun hlýlegra við pottinn. Á efri pallinum myndast þá líka rými fyrir borð og stóla. Þegar sólpallar eru ekki stórir eins og í þessu tilfelli er mikið atriði að fella pottinn inn í um-

hverfið til þess að skapa rými. Rýmið umhverfis pottinn er t.d. hægt að nota fyrir glös og diska þegar hann er í notkun.“

### Finna einnig fallegar lausnir fyrir landsbyggðina


„Við Mattarnir smíðum líka utan um sorptunnur á faglegan hátt og búum til falleg blómabeð til skrauts og ofan á hleðslur. Við notum ýmsar viðartegundir við smíðina eins og t.d. lerki, eik, furu og jafnvel tekk. Við tökum glaðir við verkum á landsbyggðinni og höfum sinnt verkefnum um land allt, eins og t.d. á Flúðum, Þingvöllum, Snæfellsnesi og í Skorradal. Við Mattarnir smíðum í raun allt sem hugsast getur – innandyra sem utan. Við getum séð um parketlögn, parketslípun, milliveggjasmíði, uppsetningu innréttinga, uppsetningu hurða, þakviðgerðir og fleira,“ segir Matti.

Matti smíður, netfang: [mattismidur@mattismidur.is](mailto:mattismidur@mattismidur.is), sími: 893-3300 og 691-0621 [www.mattismidur.is](http://www.mattismidur.is)



Þúsundþjalasmíður Matti er með yfir 30 ára reynslu í faginu og hefur í gegnum árin smíðað nokkur hundruð sólpalla með öllu tilheyrandi.





# Hús og Mál: Gæðaþjónusta í viðhaldi, viðgerðum og frágangi

Ég kom til Íslands árið 2000 með 50 dollara og eina samloku í vasanum. Ég þekkti ekki nokkurn mann hérna, kunni bara 25 orð í ensku og vissi ekki hvort ég ætti að fara til hægri eða vinstri til að komast út úr flugvélinni," segir Litháinn Darius Kochanas, en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan hann kom allslaus til landsins. Í dag rekur afar Darius blómlegt bygginga- og viðhaldsþjónustufyrirtæki, Hús og Mál, sem sinnir jöfnum höndum húsaveiðgerðum, nýbyggingum, gluggaveiðgerðum og parketlagningu.

Það síðastnefnda, parketlagning, er einmitt sérsvið Dariusar, en fljótlega eftir komuna til Íslands hóf hann

störf við það hjá Parketverki sf. Árið 2004 og stofnaði hann síðan Hús og Mál en í dag starfa að jafnaði um sjö manns hjá fyrirtækinu og veita bæði einstaklingum og fyrirtækjum fjölbreytta, trausta og fagmannlega þjónustu.

„Fagmenn okkar geta endurnýjað húsið, heimilið, skrifstofuna, vinnustaðinn eða sumarþústaðinn og nota við vinnu sína aðeins bestu fánleg efni. Hús og Mál framkvæmir alla byggingarvinnu í samvinnu við reynslumikla iðnaðarmenn. Við bjóðum upp á þjónustu á mörgum sviðum, til dæmis alla málningarvinnu, inni og úti, endurnýjun og einangrun, flísalögn, hurðasetningu, lagningu

timburgólfa og parkets, gólfduka og klæðninga. Við smíðum léttu vegg, sjáum um veggfóðrun og sinnum ýmiss konar frágangi," segir Darius.

Hús og Mál leggur mikið upp úr faglegri ráðgjöf og leitast ávallt við að benda viðskiptavinum á bestu lausnirnar, þeim að kostnaðarlausu.

Senn rennur upp sá árstími að margir fara að sinna viðhaldi húseigna sinna. Viðhaldsþjónusta hjá Hús og Mál er í höndum reynslumikilla byggingasérfræðinga. Sérfræðingarnir hjá Hús og Mál hafa gert upp, endurnýjað og málað hinar ýmsu byggingar bæði erlendis og hérlandis og má þar nefna kvikmyndahús, háskóla, söfn og kirkjur –

fyrir utan fjölbýlishús og einbýlishús.

Hús og Mál sinnir jafnt litlum sem stórum verkefnum. Til að fá nánari upplýsingar eða panta verk skaltu hringja í síma 778-7688. Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðunni husogmal.is.

Við spyrjum Darius að því í lokin hvort hann sé ekki glaður þegar hann lítur yfir farinn veg, frá því hann kom allslaus til Íslands árið 2000 og til dagsins í dag þegar hann rekur blómlegt bygginga- og viðhaldsfyrirtæki, og hann svarar: „Já, ég elska Ísland og Ísland er orðið föðurland mitt miklu frekar en Litháen.“

## Framúrskarandi svalalokunarkerfi, garðskálar, hurðir og gluggar frá Solarlux



Skelin ehf., Höfðabakka 9 í Reykjavík, annast framleiðslu og sölu á svalalokunarkerfum, sólstofum og garðskálum, gluggum, hurðum og fleiru frá þýska fyrirtækinu Solarlux. Solarlux er leiðandi fyrirtæki á þessu sviði og einn sterkasti framleiðandi í glerlokunum og glerskálum, jafnt til notkunar utandyra sem innan-dyra. Lausnir frá Solarlux eru meðal annars algengar fyrir svalir á fjölbýlishúsum, einkaheimilum, hjá verslunum, sundstöðum, veitingastöðum og víðar. Svalalokunarkerfi fást bæði með og án pósta og hið sama gildir um sólstofur og garðskála. Allar pósta-lausar svalalokanir eru úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Þök eru enn fremur úr álprófil og aldrei notast við plastefni.

Skelin framleiðir enn fremur margar gerðir af handriðum, lokanir á svalaganga og annað þvíumlikt. Er allur frágangur sérlega vandaður og snyrtilegur enda hefur Solarlux bæði gæði og hönnun í fyrirrúmi. Lokanirnar geta verið í hvaða lit sem er.



Skelin hefur hannað öflugt handriðskerfi fyrir íslenskar aðstæður sem hentar mjög vel á fjölbýlishús og svalalokun.

### Íslendingar þekkja Solarlux

Solarlux svalalokanir hafa verið á íslenskum markaði um árabíl og reynslan sýnir að kerfin þola vel íslensku veðráttuna enda geta þau verið fyrir glerþykktir frá 6 upp í 15 millimetra, sem er öflugra en nokkur önnur svalalokunarkerfi á markaðnum.

Meðal helstu kosta svalalokana eru að þær eru auðveldar í notkun, hljóðeinangrun er allt að 17 db, þær verja svalir og tréverk inn af þeim gegn veðrum og minnka viðhald húsnæðis. Það er auðvelt að þrifa þær að utan sem innan og þær halda ryki

og óhreinindum frá svölunum. Svalalokanir hafa auk þess þau þægindi í för með sér að garðhúsgögn, grill og aðrir hlutir geta verið á sama stað allt árið um kring.

Skelin ehf. hefur verið starfandi í rúman áratug og reksturinn gengið mjög vel, sífellt stækkar hópur ánægðra viðskiptavina.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Skeljarinnar ehf., skelinehf.is. Skelin er til húsa að Höfðabakka 9, Reykjavík, og snýr að Vesturlandsvegi. Síminn er 578-6300 og netfangið skelinehf@skelinehf.is.

K2:

# Hreinsun loftræstikerfa er nauðsynleg heilsunnar vegna

Lofstökkahreinsun K2 ehf. sérhæfir sig í hreinsun og sótthreinsun loftræstikerfa og hefur yfir áratuga reynslu af hreinsun loftræstikerfa á Íslandi. Magnús Ásmundsson, verkefnastjóri K2, segir fyrirtækið sinna einstaklingum sem og fyrirtækjum og það sé nóg að gera enda gríðarlega mikilvægt að hreinsa loftræstikerfi reglulega áður en þau skaða heilsu fólks.

## Stundum er ekki þörf á hreinsun – þetta getið þið gert sjálf

Það kemur stundum fyrir að starfsmaður K2 mætir til að skoða loftræstingu, til dæmis í baðherbergi í fjölbýlishúsi, og þá kemur í ljós að ekki er þörf á hreinsun. Stundum þarf bara að sknúfa túðuna úr og þrifa. En þetta geta allir gert sjálfir. Þessi aðgerð er framkvæmd í þremur skrefum: 1. Þú byrjar á því að sknúfa miðjuna úr 2. Síðan snýrðu túðunni til að losa hana frá 3. Loks skolar þú túðuna og sknúfar hana síðan aftur

## Þegar þörf er á hreinsun – hvernig fer hún fram?

„Loftræsting í fjölbýlishúsum er í flestum tilfellum á gluggalausum baðherbergjum og geymslum. Það er mjög mikilvægt að loftræstingin nái að losa raka og hita sem safnast upp því þegar loftstokkar eru skitugir og ná ekki að loftræsta rýmið þá er hættu á að raki þéttist í herberginu sem býður svo upp á skemmdir og jafnvel myglu.

Hreinsun fer þannig fram að starfsmenn K2 mæta og fara annaðhvort upp á þak eða á lagnaloft sé það til staðar, þaðan eru loftræstistokkar hreinsaðir frá þaki niður í hverja íbúð fyrir sig og í sumum tilfellum sótthreinsaðir. Einnig er blásari hreinsaður sé hann til staðar.



Mjúkur barki fyrir




Mjúkur barki eftir

Að því loknu þarf að fara inn í allar íbúðir í húsinu sem tengjast loftræstingunni og þar er lofttúðan tekin úr og þrifa, og restin af loftstökk hreinsuð. Það er lítið ónæði fyrir íbúa hússins við svona hreinsun og yfirleitt tekur ekki meira en 10–15 mínútur að klára hverja íbúð eftir að búið er að hreinsa lagnir og blásara frá þaki. Æskilegt er að hreinsa útsogskerfi frá baðherbergjum á 3–5 ára fresti.“

Magnús bætir við að K2 bjóði upp á ástandsskoðun loftræstikerfa og mat á því hvort tími sé kominn á hreinsun; ekkert er rúkað fyrir þá þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustusíminn hjá Loftstökkahreinsun K2 ehf. er 775-7770 eða 557-7000. Heimasíðan er: [www.k2.is](http://www.k2.is)



Rör fyrir



Rör eftir

# tessera teppaflísar

Sterkar og einfaldar í lögn

# KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

**forbo**  
FLOORING SYSTEMS



# Hurðir og gluggar í hálfra öld

SB GLUGGA- OG HURÐASMIÐJA

**G**luggar og hurðir eru okkar ær og kær, við erum ekki í inn-réttingum heldur sérhæfum okkur í þessu. Einhvern veginn hefur þetta þróast þannig að við vinnum mest fyrir einstaklinga og algengustu verkefni eru hurða- og gluggasmíði í einbýlishúsum eða lítill fjölbýlishúsum," segir Jónas Sigurðsson, eigandi SB Glugga- og hurðasmiðju. Starfsemi byggir á afar traustum grunni en fyrirtækið stofnaði faðir Jónasar, Sigurður Bjarnason, árið 1974, og starfaði Jónas í fjölskyldufyrirtækinu frá unga aldri en keypti fyrirtækið af föður sínum árið 1991.

„Við erum mikið í að smíða mjög vandaðar og dýrar hurðir þar sem fólk vill fá öðruvísi útlit og leggja mikið í anddyri hússins. Fjölbreytnin hefur aukist mikið í þessum efnum," segir Jónas en fyrirtæki hans leggur áherslu á sérsmíði og gæði.

Gluggar og hurðir láta mikið á sjá með tímanum í íslenski veðráttu og raunar hvar sem er í heiminum en SB Glugga- og hurðasmiðja leggur

þunga áherslu á vönduð efni og traust vinnubrögð í þessum efnum.

„Regn og vindur slítur gluggum og hurðum en langverst er samt sólin. Með tímanum eyðileggja útfjólubláir geislar timbur, járn og hvað sem er. Það er nefnilega ekki til neitt sem er viðhaldsfritt og það fer mjög í taugarnar á mér að sjá yfirlýsingar um slíkt í auglýsingum," segir Jónas en fyrirtæki hans smíðar glugga og hurðir ávallt með langtímaendingu í huga:

„Þetta er allt hágæðavara sem við framleiðum. Við erum ekki að eltast við þetta ódýrasta og sem dæmi erum við eingöngu með ryðfriar lamir á hurðum og svo framvegis. Við keyrum á gæðum en ekki á lægsta verðinu og til lengri tíma er það alltaf hagstæðast fyrir kaupandann."

Starfsmenn hjá SB Glugga- og hurðasmiðju eru um tíu talsins og það er ávallt nóg að gera. Það gefur hins vegar auga leið að verkefni stórukast á vorin og sumrin. Fyrir þá sem þurfa að endurnýja útihurðir eða



glugga á næstunni hlýtur SB Glugga- og hurðasmiðja að vera áhugaverður kostur, eða eins og Jónas segir: „Það hlýtur að segja sitt að maður hafi unnið í sama faginu í yfir 40 ár."

SB Glugga- og hurðasmiðja er til húsa að Hvaleyrarbraut 39, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565-4151 og heimasíða er [sbgluggar.is](http://sbgluggar.is).



# Sælandsgarðar hjálpa þér við garðinn og hellurnar

## FAGMENNSKA OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

**Þ**að er gott að hafa tímann fyrir sér í vorverkunum og þó að ekki sé komið vor er engu að síður tímabært að huga að garðinum, stéttunum og umhverfi sínu almennt. Eiríkur Sæland, garðyrkjufræðingur hjá fyrirtækinu Sælandsgarðar, er sérfræðingur á þessu sviði og hann bendir á að veturinn geti nýst mjög vel til vinnu í garðinum. Eiríkur er menntaður garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuháskóla Íslands og sótti sér frekari menntun í faginu til Noregs og Danmerkur. Hann hefur frá árinu 2008 rekið eigið fyrirtæki, Garðaþjónustuna E. Sæland, sem hefur skipt um nafn og heitir nú Sælandsgarðar ehf. Tílfni nafnbreytingarinnar er það að sonur Eiríks, Kolbeinn Sæland vélstjóri er kominn inn í rekstur fyrirtækisins, en hann lýkur námi sem skrudgarðyrkjufræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands í vor. Auk þeirra feðga starfa við fyrirtækið skrudgarðyrkjumeistari og fleiri mjög reyndir starfsmenn.

### Kjörinn tími til að klippa tré og runna

Eiríkur segir að þessar vikurnar sé kjörinn tími til að klippa tré og runna og fella tré sem skyggja á sólu eða þarf að fella af öðrum ástæðum. Undir vorið er í mörgu að snúast í gördum og þá er gott að vera búinn að klippa það sem klippa þarf, áður en kemur að beðahreinsunum og almennri hirðingu.

Starfsmenn Sælandsgarða eru færir fagmenn á þessu sviði og hafa mikla þekkingu á plöntum og mikla reynslu af klippingum og trjáfell-ingum. Þeir geta veitt ráðgjöf, gert kostnaðaráætlanir og komið með bæði glæsilegar og hagkvæmar

lausnir.

Eiríkur segir að nauðsynlegt sé að klippa limgerði reglulega til að viðhalda því og þétta það og koma í veg fyrir að það gangi úr sér. Í borgarlandinu er líka mikilvægt að snyrta tré reglulega svo þau nái því lagi sem fólk vill.

### Hellulögn og hleðslur

Á þessum árstíma er líka kjörið að vinna í hellulögn og hleðslu þegar vel viðr. Til dæmis að rífa upp og endurnýja gamlar hellulagnir í heimkeyrslum, á bílastæðum og göngustígum, og leggja nýjar. Oft þarf líka að endurnýja gamlar hleðslur eða gera nýjar, hvort heldur er með forsteyptum einingum eða náttúrulegu grjóti. Hellur og náttúrugrjót geta verið skemmtileg lausn í garðinum til að minnka garðslátt og gera ásynð garðsins léttari, nútímalegri og flottari. Þarna þarf síðan líka að koma við sögu ráðgjöf og undirbúningur á borð við jarðvegsskipti og uppsetningu snjóbræðslukerfa eftir því sem við á og óskad er eftir.



Eiríkur Ómar Sæland



### Gras og beð

Þegar vorar er síðan orðið tímabært að hreinsa beðin, kantskera og semja um garðslátt. Sælandsgarðar taka að sér öll þessi verk og hefur síðustu ár séð um garðslátt, beðahreinsun og alla umhirðu garða fyrir húsfélög, fjölbýlishús, stór og litil fyrirtæki og stofnanir.

### Sælandsgarðar ehf.

Starfsmenn Sælandsgarða mæta á svæðið, skoða umfang verksins, gera áætlunir um lausn með húseigendum og leysa í kjölfarið verkið af fagmennsku, fljótt og örugglega, á hagkvæman hátt.

Sælandsgarðar ehf. er vaxandi fyrirtæki sem tekur að sér verkefni allt árið um kring. Eiríkur og hans menn eru með öll nauðsynleg tæki og búnað í garðþjónustu og hellulögn – eru fagmenn sem leggja áherslu á persónulega þjónustu og vandaða vinnu.

Hægt er að hafa samband við Eirík hjá Sælandsgörðum í síma 680-9903, með tölvupósti á netfangið [eirikur\\_omar@hotmail.com](mailto:eirikur_omar@hotmail.com) og á Facebook-síðunni Garðþjónusta E. Sæland ehf.



VERKSÝN EHF:

# Viðhald og endurbætur í öruggum höndum

**V**erksýn ehf. er tækniþjónusta með sérhæfingu á sviði viðhalds og endurbóta á mannvirkjum, innandyra sem utan. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar sem hafa yfirgrípsmikla reynslu á þessu sviði. Verksýn sinnir einnig fjölbreyttum verkefnum sem snúa að eftirliti og annarri ráðgjöf með nýframkvæmdum. Um er að ræða almenna framkvæmdaráðgjöf, álitsgerðir, byggingastjórnun og hönnun mannvirkja. Frá stofnun fyrirtækisins árið 2006 hefur starfsmönnum fjölgað jafnt og þétt og í dag eru tólf starfsmenn hjá Verksýn.

Viðskiptavinir fyrirtækisins eru m.a. einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, fasteignafélög og húsfélög. Markmið Verksýnar er að mæta þörfum viðskiptavina sinna á besta mögulega hátt með nýtingu þeirrar þekkingar og þess mannaúds sem fyrirtækið býr yfir.

Hjá Verksýn starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af störfum við mannvirkjagerð og viðhald og endurbætur mannvirkja.

Verksýn starfar eftir gæðakerfi sem vottað er af Mannvirkjastofnun.

## Fagþekking

Starfsmenn Verksýnar hafa viðtæka reynslu af ráðgjöf um viðhald fasteigna. Þeir búa yfir mikilli fagþekkingu á iðngreinum, sem er ein af helstu undirstöðum vandaðrar og faglegrar ráðgjafar. Verksýn hefur á að skipa fjölda byggingafræðinga og iðnmeistara. Sérstök hæfni þeirra í greiningu á byggingaskemmdum og þekking á byggingatækni tryggir gæði í skipulagningu, útfærslu, rekstri og viðhaldi fasteigna.

## Ástandsskoðun Verksýnar

Ástandsskýrsla er það tæki sem fasteignaeigendur og forsvarsmenn húsfélaga hafa til að leggja mat á viðhaldspörf á hverjum tíma. Ástandsskýrslan gefur glögga mynd af viðhaldspörf næstu árin og er áreiðanlegur grundvöllur ákvarðanatöku.

## Árleg viðhaldspörf fasteigna

Út frá reynslutölum er áætlað að 1–2% af verðmæti fasteigna þurfi til að mæta eðlilegu viðhaldi þeirra á hverju ári. Með því að grípa tímanlega inn í óhjákvæmilegt „hrörnunarferli“



Reynir Kristjánsson Stofnaði Verksýn árið 2006 og hefur stýrt fyrirtækinu síðan.

er hægt að minnka framkvæmdakostnað verulega.

## Útboð

Útboðsgögn eru lykilgögn eigenda

þegar kemur að framkvæmdum. Verksýn býður út tugi framkvæmda á hverju ári. Með útboðsgögnum er tryggt að verktakar bjóði í verkið á sama grundvelli og eigendur eigi auðvelt með að meta tilboðin.

## Reyndur umsjónaraðili

Þegar ráðist er í viðhaldsframkvæmdir er nauðsynlegt að hafa reyndan umsjónar- og eftirlitsaðila með verkinu. Sem eftirlitsaðili tryggir Verksýn að verktaki sinni þeim skyldum sem á hann eru lagðar samkvæmt ákvæðum útboðsgagna:

- Yfirferð teikninga, rýning og samræming
- Farið er yfir að ábyrgir meistarar séu skráðir á videigandi verkið
- Yfirferð trygginga verktaka
- Gerð verksamninga
- Yfirferð verksins með verktaka og ábyrgum meisturum í byrjun þess
- Yfirfara tæknilegar upplýsingar yfir þau efni sem verktaki hyggst nota við verkið



Sérstaklega útbúið gæðakerfi fyrir byggingarstjóra og iðnmeistara. Kerfið byggir á grunnforritum, er einfalt og þægilegt í notkun og afhendist tilbúið til skoðunar hjá skoðunarstofu.

- Yfirfara verkáætlun verktaka, samræma hana og samþykkja
- Yfirferð fyrirbyggjandi verkþátta með verktaka og úrlausn óvissuatriða
- Eftirlit með að framgangur framkvæmda sé samkvæmt áætlun
- Yfirfara og samþykkja dagskýrslur
- Eftirlit með vinnubrögðum og umgengni á vinnustað allt að fimm sinnum í viku
- Eftirlit með að verklýsingum og útboðsgögnum sé fylgt
- Stjórn reglulegra verkfunda með verktaka og fulltrúa (fulltrúum) verkkaupa
- Ritun fundargerða á verkfundum og frágangur og fjölföldun þeirra eftir fundi. Sent með tölvupósti ef óskað er
- Yfirferð reikninga frá verktaka og samanburður við samþykktar magn-tölur ásamt því að sannreyna umfang
- Umsjón með hlutaúttektum og lokaúttekt. Ritun úttektaryfirlýsinga
- Önnur dagleg umsýsla og umsjón með framkvæmdum, sem fulltrúi verkkaupa



Verksýn hefur haft umsjón og eftirlit með viðhaldsframkvæmdum við Stykkishólmskirkju undanfarin 3 ár.



# Alhliða garðþjónusta – hellulögn, pallasmíði og skjólveggir

## GARÐAÞJÓNUSTA KÓPAVOGS

**G**arðþjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðþjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandaðra verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, hreinsa beð og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á

almennt viðhald á gördum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur meðal annars í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavinum við hönnun og skipulag á gördum,“ segir hann.

Einnig smíðar Garðþjónusta Kópavogs palla og skjólveggi.

### Hvers kyns garðþjónusta

„Garðþjónusta Kópavogs sinnir einnig tyrfinngu, jarðvegsskiptum, trjáfellingu og trjáklippingu. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.“

Garðþjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðþjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja og húsfélaga í almennu garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

Garðþjónusta Kópavogs  
Austurkór 63, Kópavogur  
Sími: 859-7090

[www.facebook.com/gardakop](http://www.facebook.com/gardakop)

## ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Hellulagnir, Þökulagnir, Jarðvegsskipti, Beðahreinsun, Trjáfellingar, Trjáklippingar og margt fleira.



Austurkór 63, Kópavogi  
Sími: 859 7090

## Garðþjónusta Kópavogs

[facebook.com/gardakop](http://facebook.com/gardakop)  
[gardakop@gmail.com](mailto:gardakop@gmail.com)




VASKIR DRENGIR:

# Það er dýrt að biða of lengi með viðhald

Fyrirtækið var stofnað árið 2014 en ég hef unnið við þetta miklu lengur. Verkefnum fór að fjölga mikið upp úr 2012 þegar við fórum að vinna meira í nýbyggingum og má segja það sé um 70–80% af heildarverkefnum. Við tökum við verkinu þegar búið er að setja glugga og hita í húsið. Við spörtlum, slípum, grunnum – og fullmálum húsið,” segir Björgvin P. Hallgrímsson málarameistari, eigandi málningarfyrirtækisins Vaskir drengir ehf.

Eins og kemur fram í máli Björgvins vinna Vaskir drengir mikið í nýbyggingarverkefnum sem undirverktakar hjá stórum byggingarfyrirtækjum. En með vorinu fer viðhaldsverkefnum fjölgandi og þá er unnið meira úti: „Við erum að klára núna hús í Urriðaholtinu í Garðabænum og verðum meira og minna í útiverkefnum fram á haust en þá byrjum við líklega aftur í nýbyggingunum,” segir Björgvin sem býst við að mála mörg einbýlishús og fjölbýlishús í sumar.

„Við erum mikið í viðhaldsverkefnum fyrir húsfélög, til dæmis viðhald innanhúss og endurmálun,” segir Björgvin og bætir við að utanhússviðhald sé afar mikilvægt: „Það er mjög mikilvægt til að vernda og viðhalda þannig verðgildi þeirra. Ef rigningarvatn fær að seytna inn í sprungur og frjósa þá smátt og smátt stækka sprungurnar og múrinn/steinsteypan skemmist. Viður upplitast og fúnar að lokum ef



vatn og sólarljós kemst óhindrað inn. Þakklæðning eins og bárujárn ryðgar komist

vatnið óhindrað að yfirborði járnins. Þess vegna er hægt að fullyrða að það geti verið dýrt að biða of lengi með viðhald og þá er jafn mikilvægt

að nota réttar aðferðir og efni svo viðhaldið standist álagið.”

Starfsemin hefur farið vaxandi og í augnablikinu eru fimm starfsmenn hjá Vöskum drengjum en Björgvin er eini málarameistari fyrirtækisins og hefur vakandi auga og umsjón með öllum verkefnum. Starfsfólki fjölgar hins vegar alltaf á sumrin og eru því



ársverk hjá fyrirtækinu á milli fimm og tíu.

Að sögn Björgvins þarf töluvert af tækjabúnaði til að halda úti fagmannlegri málningarþjónustu: „Við erum til dæmis með málningardælar, spartlvélar, slípivélar, ryksugur, tröppur, stiga, palla og hin ýmsu smáverkfæri.”

Aðspurður segir Björgvin að það sé gefandi að taka þátt í stórum nýbyggingarverkefnum og leggja lokahönd á húsnæðið:

„Það breytist mikið útlitið á húsnæðinu eftir að við höfum farið um það höndum. Segja má að við tökum við húsnæðinu eftir að það er rúmlega fókelt og setjum lokasvipinn á það.”

Ljóst er að Vaskir drengir eru traustur og álitlegur aðili hvað varðar málningarvinnu í nýbyggingum og útimálun húsa á sumrin. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér betur þjónustuna geta hringt í Björgvin P. Hallgrímsson í síma 844-9188.



# 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



## Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markísur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UL Fe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

*Fleiri gerðir einnig.*

## Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

**INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.**  
Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

### Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA  
ÁBYRGÐ**  
Afhentir í  
Reykjavík eða  
Egilsstöðum



B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

# Led húsnúmer

Jólagjöf hússins - sérsmíðum númer á öll hús

- sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli


- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

- Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp og við setjum það á facebooksíðuna okkar

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.

Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

# Tímarvélín



Konu úr vesturbænum saknað, sást síðast á labbi á Vesturgötunni í nýrri kápu með bros á vör. Þeir sem gætu gefið nánari uppl. um ferðir konunnar eru vinsamlegast beðnir um að snúa sér til frú Margrétar sem biður með slátrið.

## Gamla auglýsingin

DV, 25. nóvember 1983



## Bölvun á Þorlákshöfn

Árið 1963 var maður á jarðýtu að vinna við framkvæmdir í hafnargarðinum í Þorlákshöfn. Þar kom hann niður á eldri grafreit staðarins, sem notaður var frá þrettándu fram á níttjándu öld, og komu upp bein tólf manna. Voru þau færð yfir í kirkjugarðinn í Hjalla. Í kringum árið 1980 reid yfir bæinn mikil slysaalda og urðu einhver slysanna við höfnina. Á örfáum árum fórust alls átta manns þar og fimm af þeim á örfáum mánuðum í lok árs 1980 og upphafi 1981. Kenndu menn beinaflutningum um þetta og kröfðust þess að beinin yrðu aftur færð á sinn stað. Í DV frá 23. mars árið 1981 segir: „Segja þeir sem biðja um beinaflutning að ekki muni linna fyrr en 12 menn hafi farist.“



## Vildu ekki ráðhús við Tjörnina

Árið 1986 var samþykkt í borgarráði að byggja nýtt ráðhús við Tjörnina og tveimur árum síðar hófst bygging þess. En þá voru Reykvikingar mótfallnir byggingunni samkvæmt skoðanakönnun sem DV gerði. Mjótt var á munum en andstæðingar ráðhússins voru 52,8 prósent á meðan stuðningsmenn voru 47,2 prósent. Réð þar úrslitum að talsverður meirihluti kvenna var andvígur á meðan lítill meirihluti karla var fylgjandi. Á landsvísu voru 60 prósent andvíg byggingunni sem var að lokum tekin í notkun árið 1992. Í ummælum þátttakenda kom meðal annars fram að ráðhúsið yrði ljótt, að Davíð ætti að finna sér eitthvað betra að gera og að betra væri að nýta féð í spítalana. Einn sagði það vera „náttúruspjöll að setja þetta flykki við Tjörnina.“

## Vallaannáll 1727

Á Fjallhöggstöðum í Hörgárdal fæddi kona manns, er þar bjó, 3 meybörn í einu, öll lífs og vel sköpt, er skírd voru og nefnd öll einu nafni Guðrúnar; þau dóu öll skömmu síðar, hvert að öðru.

## Guðmundur jaki:

# Síðasti verkalýðsforinginn af gamla skólanum

Kristinn Haukur Guðnason kristinn@dv.is



Með breytingum í forystu verkalýðsfélaga, eins konar hallarbyltingum, má búast við aukinni hörku í kjarabaráttunni. Hörku sem hefur ekki sést síðan á tímum Guðmundar jaka, sem starfaði innan verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar, forvera Eflingar, í tæpa hálfa öld. Jón Baldvin Hannibalsson, vinur Guðmundar, og Ólafur Þ. Harðarson stjórnmaláfræðiprófessor ræddu við DV um manninn sem stýrði hreyfingunni á umbrotatímum.

### Helltu mjólkinni í allsherjarverkfalli

Fyrst kvað að Guðmundi jaka í allsherjarverkfallinu mikla sem stóð í sex vikur vorið 1955. Þessi stóri og djúpraddaði maður um þritugt fór þá fyrir liði verkfallsvarða Dagsbrúarmanna og olli talsverðum usla. Verkfallið var eitt það lengsta og harðvítugasta í Íslandssögunni og kom til vegna óðaverðbólgu og kjarastöðununar verkafólks í Reykjavík. Dagsbrúarmenn kröfðust 30 prósent launahækkana, atvinnuleysistrygginga og fleira kjarabóta og náði margt af því fram að ganga.

„Svo kom upp mál þar sem kom í ljós að Albert hafði gefið Guðmundi pening til að hann kæmist á spítala í Bandaríkjunum. Þetta þótti ýmsum í Alþýðubandalaginu ekki nógu fínt.“

Guðmundur gerði nú lítið úr þessum þætti sínum í verkfallinu með sinni einstöku kímni í þætti hjá Hemma Gunn: „Ég hafði 400 manna her undir vopnum. Lögreglan hafði 110.“

Jón Baldvin segir: „Hann varð alræmdur í verkalýðshreyfingunni á þessum tíma. Stór og mikill og menn lögðu ekkert svo glatt í hann. Það slóst í brýnu, sér í lagi í tengslum við mjólkurflutningana inn í bæinn. Framsóknarmenn, sem höfðu einokun á mjólk, reyndu að stöðva verkfallið en þá var mjólkinni hellt niður sem þótti syndsamlegt athæfi. Guðmundur var auðvitað umdeildur og sumir töldu hann ganga fram með ofbeldi og taka völdin í sín-

ar hendur.“ Guðmundur Jóhann Guðmundsson var fæddur árið 1927 í Reykjavík og ólst upp í verkamannabústöðunum sem Héðinn Valdimarsson, formaður Dagsbrúnar til margra ára og fyrirmynd Guðmundar, lét reisa. Hann var sonur Guðmundar H. Guðmundssonar sjómanns og Solveigar Jóhannsdóttur húsmóður. Sem barn sá hann atvinnuleysi og fátækt með eigin augum og hann færði föður sínum kaffi þegar hann fékk aðeins atvinnubótavinnu. Þetta sveið honum og átti eftir að marka líf hans og feril alla tíð.



Vinirnir Jón Baldvin og Gvendur jaki Alþýðublaðið 22. janúar 1997.

Í sjónvarpsviðtali sagði hann: „Það sem mótar mann er hatrið á atvinnuleysinu, misréttinu, fátæktinni og svo þessum ömurlegu húsakynnum. Maður fór að HATA þetta ástand.“

### Jakahlaupari og fyrirmynd Krists

Margir halda að Guðmundur hafi fengið viðurnefnið jaki vegna vaxtarlagsins og hins djúpa róms. Hið rétta er að nafnið Guðmundur jaki eða Gvendur jaki festist við

# Bein Ólafs í Miðhúsum fundust 30

## ■ Hvarf við smalamennsku ■ Fannst fyrir tilviljun ■ Brotinn lærleggur

Þegar fólk hverfur finnst það sjaldnast aftur. Fólk sem hefur gengið í hafið, orðið úti í gili eða verið myrt og grafið. Ættingjar og ástvinir þurfa þá að lifa í óvissu um alla tíð. En í einu mannhvarfsmáli, máli Ólafs á Miðhúsum, fengust málalyktir þrjátíu árum síðar. Sögu þá ritaði Pálmi Hannesson, rektor í Menntaskólanum í Reykjavík, árið 1968.

### Hvarf við smalamennsku

Um aldamótin 1800/1900 var mikil útgerð í Vogum á Vatnsleysuströnd og þá mjög fjölmennt í héraðinu. Í Hlöðuneshverfi þar nærri stóð bær sem hét Miðhús og þar bjuggu hjónin Ólafur Þorleifsson og Valgerður Bjarnadóttir ásamt tveimur ungum börnum. Ólafur var nærri fertugur að aldri, fæddur árið 1861 og þótti dugnaðarmaður.

Tveimur dögum fyrir jól þetta ár fór hann að leita kinda sinna uppi á heidum því þá var útsynningsstormur, eljagangur og snjóþungt. Bjóst hann við að þurfa að ganga um þriggja stunda leið að Fagradalsfjalli um hrauni þaktar heiðar

sem þar liggja hjá.

Veðrið versnaði þegar leið á daginn en skyggni var þó ágætt. Framan af hafði fólk ekki áhyggjur af Ólafi því hann var vel kunnugur og vanur á heidunum. En þegar hann skilaði sér ekki heim um kvöldið var leitað til bróður hans, Teits Þorleifssonar á Hlöðunesi, og hreppstjórans.

### Leitað um jólin og vorið

Daginn eftir var safnað miklu liði úr sveitinni til að leita að Ólafi, hátt í 40 manns. Gengið var um Vogaheiði og Strandarheiði, með fram Hrafnagjá, Huldugjá og Klyfgjá. Daginn sem Ólafur hvarf höfðu fleiri verið á heidunum við smalamennsku og sést hafði til hans við Kálffell um hádegisdag. Þar fundust spor Ólafs og ljóst að hann hafði sest niður til hvíldar. En þegar sporin voru rakin lengra blönduðust þau öðrum uns ekki var hægt að rekja lengur.

Gott veður var þennan dag en leitinn skilaði engu. Leitað var áfram um jólin og milli jóla og nýárs án árangurs. Ákveðið var að halda leitinni áfram um vorið þegar snjó

leysti því Ólafur var þá talinn af og snjóþyngslin hömluðu leitinni. Var það gert en einnig án árangurs.

Gert var ráð fyrir að Ólafur hefði orðið úti en engu að síður fannst fólk þetta skrítið í ljósi reynslu hans og skyggnis þann dag sem hann hvarf. Liðu svo árin og fennti yfir minninguna um hann.

### Beinin í sprungunni

Árið 1930, sléttum þremur áratugum eftir hvarf Ólafs á Miðhúsum, voru þrjár smalamenn með hóp kinda á heimleið á Strandarheiði. Þá hafði svæðið gerbreyst og fólk fækkað mjög vegna minni umsvifa útgerðarinnar. Á leiðinni féllu þrjár kindur niður í sprungu í Klyfgjá en barmarnir voru ókleifir þannig að smalamennirnir náðu þeim ekki upp. Hlóðu þeir þá vörðu til að merkja staðinn og héldu heim.

Daginn eftir komu þeir aftur með kaðal og einn þeirra, Rafn Símonarson, seig 30 metra niður í sprunguna til að sækja kindurnar en ein hafði þá drepist við fallið. Ofarlega í sprungunni fann hann brot úr göngustaf og fannst það skrítið.

Leitaði hann neðar og fann þá annað brot. Rafn hafði heyrt um hvarf Ólafs og grunaði að stafurinn væri frá honum kominn.

Vegna snjóþyngsla leitaði Rafn ekki meira þá en sýndi kunnugum manni, Ágústi Guðmundssyni í Halakoti, stafinn. Ágúst taldi hann frá Ólafi kominn og ákveðið var að leita aftur í sprungunni um vorið þegar snjóá leysti.

Sprungun var mitt á milli Fagradalsfjalls, þar sem Ólafur sást síðast, og Miðhúsa. Fjórir menn héldu þangað um vorið og aftur seig Rafn ofan í. Fundu þeir þá bæði bein Ólafs og fötin sem hann hafði verið í. Talið var að Ólafur hefði fallið í sprunguna og reynt að komast aftur upp með stafnum. Stafurinn hafi gefið sig og Ólafur fallið aftur ofan í og þá lærbrotnað, beinin staðfestu það. Þá hafi hann setið í sprungunni og beðið þess að yfir lyki.

Bein Ólafs voru sett í kassa og færð fjölskyldu hans. Síðar voru þau sett í litla kistu og grafin í kirkjugarðinum við Kálfatjarnarkirkju. ■

hann 12 ára eftir að hann varð Reykjavíkurmestari í svokölluðu jakahlaupi á Tjörninni. Jakahlaup var þegar ungir drengir hjuggu til ísjaka og fleyttu á Tjörnina, stukku og hlupu svo milli jaka til að komast yfir. Vitaskuld dattu margir ofan í ískalt vatnið á þeirri vegferð.

Guðmundur var afar hraustur, ungur maður, efnilegur í íþróttum og stæltur. Hann stundaði nám í Gagnfræðaskólanum á árunum 1941 til 1944 og fór svo beint í verkamannavinnu. Í eitt skipti var hann í hópi verkamanna í garðinum hjá Einari Jónssyni myndhöggvara þegar upp kom óhefðbundið atvinnutilboð. Guðmundur sagði:

„Ég var nú átján ára gamall og með annað og betra vaxtarlag. Einar var lengi búinn að vappa þarna um kring og skoða menn. Þetta var að sumri eða haustlagi og við vorum naktir að beltisstað. Allt í einu rölti hann til verkstjórans og benti á mig og verkstjórinn kom til mín og sagði að hann vildi fá mig sem módel. Ég hrökk nú við þegar ég var settur á stall og fékk að vita að það var Jesús Kristur sem var fyrirmyndin.“ Verkið var stytta af frelsaranum sem enn þá stendur í Hallgrímskirkju.

**Reis í Dagsbrún en flæmdur úr Alþýðubandalaginu**

Guðmundur spratt ekki upp úr engu vorið 1955. Þá hafði hann starfað í Dagsbrún í tvö ár, verið forseti Æskulýðsfylkingarinnar og í miðstjórn Sósíalístaflokksins. Síðar gekk hann í Alþýðubandalagið og sat sem borgarfulltrúi og svo sem varforseti Dagsbrúnar í tuttugu ár uns hann tók við formenskunni árið 1982. Einnig sat hann á Alþingi fyrir Alþýðubandalagið á árunum 1979 til 1987. Þegar komið var fram á níunda áratuginn var hann óskoraður foringur íslensks verkafólks, holdgervingur baráttunnar og sumir segja síðasti foringinn af gamla skólanum. Jón Baldvin segir: „Hann var fyrirferðarmikill og aðsópsmikill og verkalyðshreyfingin varð svo öflug að aðrir urðu að taka tillit til hennar. Það er ekki þar með sagt

að hún hafi náð miklum árangri í kjarabaráttu því þetta var verðbólguþjóðfélag og gengið var sífellt fellt til að lækka launin aftur.“

Þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, 1974 til 1978, greip inn í kjarasamninga stóð verkalyðshreyfingin með Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum sem unnu mikinn kosningasigur árið 1978. Það var á þeim tíma sem Guðmundur fór inn á þing en þar fann hann sig ekki.

Ólafur segir: „Þar lenti hann í átökum og það var unnið gegn honum innan flokksins. Undir lokin var hann hálfpartinn flæmdur í burtu. Guðmundur og Albert Guðmundsson voru miklir vinir, þótt þeir væru hvor í sínum flokknum. Svo kom upp mál þar sem kom í ljós að Albert hafði gefið Guðmundi pening til að hann kæmist á spítala í Bandaríkjunum. Þetta þótti ýmsum í Alþýðubandalaginu ekki nógu fínt.“

Að sögn bæði Jóns Baldvins og Ólafs efnaðist Guðmundur aldrei á störfum sínum í forystu Dagsbrúnar eða á þingi. „Undir lokin var hann orðinn staurblankur,“ segir Jón.

**Varð mýkri með árunum**

Þó að Guðmundur hafi komið fram á sjónarsviðið á miklum átakatímum í verkalyðshreyfingunni og gengið þar harðast fram sjálfur í verkföllum þá lagði hann einnig grunninn að mesta rólyndistímabili í atvinnulífssögu 20. aldar. Hann var einn af þeim sem lögðu grunninn að svokallaðri þjóðarsátt árið 1990 þar sem ekki var samið um launahækkanir sem slíkar heldur myndað kerfi til að halda utan um kaupmáttinn.

Jón Baldvin segir: „Mín skoðun er sú að hann hafi verið orðinn ágætis sósíaldemókrati undir lokin. Við töluðum nú um það hvort hann vildi ekki ganga í Alþýðuflokkinn til að ljúka þessum hring en hann lét nú aldrei verða af því. En hann var góður vinur okkar kratanna.“

Ólafur tekur undir það. „Eins og oft var með þessa eldri menn í verkalyðshreyfingunni þá líkaði



Verkfallið 1955: „Menn lögðu ekkert svo glatt í hann“ Þjóðviljinn, 22. janúar 1955.

honum áreiðanlega ekki aukin áhrif menntamanna og nýrrar vinstrikyngslóðar í Alþýðubandalaginu. Hann var menningarlega íhaldssamur að þessu leyti.“

**Bragur verkalyðsforystunnar breyst með aukinni menntun**

Alla tíð var Guðmundur jaki mjög vinsæll maður, kom vel fram í viðtölum og þótti bæði alþýðlegur og hnyttinn. Segja mætti að hugtakið landsfödurlegur ætti vel við um hann.

Ólafur segir: „Hann var ekki síst vinsæll hjá andstæðingum sínum. Því hann þótti heill og góður karl. Hann gat verið mjög fyndinn og afskaplega vel máli farinn. Hann var góður sögumaður, hlýr og elsku-

legur persónuleiki sem skipti auðvitað máli þegar kom að persónulegum samskiptum.“

*Hvað þætti honum um verkalyðsforystuna á síðari tímum?*

„Hann myndi ábyggilega sakna þess að í verkalyðsforystunni væru verkamenn. Þegar hann var að hefja sín störf var forystan skipuð körlum sem áttu bakgrunn í hreyfingunni og voru ekki langskólagengnir en oft mjög greindir. Með aukinni skólagöngu þjóðarinnar hefur bragur verkalyðsforystunnar breyst.“

Guðmundur lést sjötugur að aldri árið 1997. Hann lét eftir sig eiginkonu, Elínu Torfadóttur fósturu, og fjögur uppkomin börn. ■



**Ærdust yfir kyntröllum**

Í marsmánuði árið 1994 kom hingað til lands bandarískur karlfatafelluflökkur sem nefndist American Male. Flokkurinn var skipaður fjórum körlum sem vaxnir voru líkt og grískir guðir og fækkðu fötum uns þeir stóðu á pínubrökum einum saman. Ferðast var með sýninguna víða um land, svo sem í Sjallann á Akureyri, Kántrýbæ á Skagaströnd og út í Vestmannaeyjar. Mesta athygli vöktu þó kvöldin sem haldin voru á Hótel Íslandi. Það var Kvinnaklúbburinn sem sá um sýningarnar þar og var karlmönnum óheimill aðgangur. Mikill æsingur myndaðist í salnum og sumar konur hreinlega réðu ekki við sig og reyndu að snerta kyntröllin og lauma peningum í skýlurnar.

**Thomsenbíllinn var gallagripur**

Sumarið 1904 kom fyrsti bíllinn til Íslands, kallaður Thomsenbíllinn eftir danska kaupmanninum Ditlev Thomsen. Fékk hann styrk frá Alþingi upp á 2.000 krónur til að kaupa bíllinn í Kaupmannahöfn. Bíllinn var af gerðinni Cudell, notaður fjögurra sæta blæjubíll og þótti hinn mesti gallagripur. Hann var kraftlaus og dugði illa í íslenski veðráttu og vegaleysi. Thomsen réð Porkel Clementz til að vera bílstjóri og sótti hann námskeið í Danmörku en ári eftir að bíllinn kom til landsins var hætt að nota bíllinn. Árið 1908 var bíllinn síðan sendur aftur út en öld seinna, árið 2008 smíðaði Sverrir Andrésón á Selfossi endurgerð hans.

**Árum eftir hvarfið**



Rafn ásamt beinum Ólafs Faxi 1. mars 2003.

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

**PLATINUM**

Náttúrulegar hágæða gæludýravörur

**MIKIÐ KJÖT**



**PLATINUM, AF ÞVÍ HUNDAR ÞURFA KJÖT.**

- ✓ búið til úr 70% hreinu kjöti
- ✓ eldað í eigin kjötsoði
- ✓ 100% bragð

MINNST **70% HREINT KJÖT!**

f GERDU SAMANBURÐ! HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 862 6969 OG 899 6555 EÐA SENDU OKKUR PÓST Á PLATINUM@PLATINUM.IS WWW.PLATINUM.IS

# Helgarkrossgátan

											skammir	skrafaði	
										ilát			
										yta			
										hast kona			
Teikning: Hallór Andri efirþrentun bónuð	↓	kögríð	stormur	sögu- persóna	vökvi	krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510	tauta fram	9					
streitunni						5						kná	
pára							gleppi ella						
starfrækti				dýki vöntun				tré	karldýr	2			4 eins
líffæri	7		svardaga bragðbætur				kvendýr leiknina						
vatnaveru					fyrirgefa								
megin				litlaus		bílfæru tóm		4			vömb		
	snauða	bætur drykkurinn						spil					
klæði				strolla sortera		6		einar til			karldýrið		
sund			ábendingu fuglinn	10			egnt bjánana						
tikkar						slanga 2 eins							
vitstolið					skordýr beyg								
	1	knöpp röskur					borg reifa				sefast		
hagnað				ræfil		karlfugl	3						
	tirðil nánast					utan nappaði			eldstæði				
venslaða					ástandið bundna				8				
kvendýr			gramsa planta					öryggi	óðagotið		4 eins		
		muldra tré					vökvi happ						
dropi				óskiptan varðandi							stefna		
duttuð						púkinn							
2000			yktan										

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

# Sudoku

## Auðveld

		9	2					3
5	8			4		9		
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

## Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
			1	6	3		7	8
					2		1	5
		9					3	
			2	5	6			
9					4			
1	5		3					

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



**FORLAGIÐ**  
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


**Sigurlaug Sigurðardóttir**

**Ásbraut 13**

**200 Kópavogur**

Lausnarorðið var **BORGARLÍNA**

**Sigurlaug hlýtur að launum bókina Óvelkomni maðurinn**



**Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Raddir úr húsi loftskeytamannsins**

„Mig fór að gruna að kannski væru sögurnar mínar þeirrar náttúru að þögn gæti ekki falið þær.“  
Ungur maður ætlað að leita uppi ellefu hálfystkin sem öll eru fædd á sama árinu, ástfælinn bóksali gengur aftur og fylgist með nýjum lesendum, ólíkar systur reka saman sjoppu í Þingholtunum á meðan óreglumenn krunka sig saman á nýju tilvistarsviði. Einmana loftskeytamaður er í sambandi á öldum ljósvakans en skrifar skáldverk þess á milli. Hann fyllist tortryggni þegar aðrir rithöfundar eru á yfirsíkvitlegan hátt á undan honum að koma út bókum hans. Með aðstoð vísindanna tekst honum að snúa vörn í sókn.  
Steinunn G. Helgadóttir myndlistarkona hefur getið sér gott orð fyrir ljóðabækur sínar. Hér segir hún sögur loftskeytamannsins og fangar jafnframt íslenskan veruleika í fortíð, nútíð og framtíð.

**NÝ KYNSLÓÐ**

**MANITOU**  
HANDLING YOUR WORLD

# skotbómulyftara

HANNAÐUR TIL AÐ

**VINNA VERKIN**

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.



- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórnatakka
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira



*Góð viðgerða- og varahlutabjónusta*

*Manitou er þarfasti þjónninn í dag*

*til lands og sveita*



Á góðri stundu  
Rúrik fagnar þegar  
íslenska landsliðið  
tryggði sér sæti á HM.  
MYND DAVID ÞÓR GUÐLAUGSSON

# Er Rúrik óvænt vopn í varnarlínu Íslands á HM?

■ Spilar oft sem hægri bakvörður ■ Blómstrar á nýjum stað

Hörður Snævar Jónsson  
hoddli@433.is



Mér hefur líkað dvölin á nýjum stað afar vel, ég held að flestir leikmenn séu ánægðir þegar þeir spila og njóta trausts frá þjálfaranum," sagði Rúrik Gíslason, leikmaður Sandhausen í Þýskalandi og íslenska landsliðsins. Rúrik skipti yfir til Sandhausen í næstefstu deild Þýskalands frá Nürnberg þar sem hann hafði verið síðustu ár.

Þessi þrítugi leikmaður upplifði oft erfiða tíma í Nürnberg, þjálfarinn þoldi ekki að Rúrik væri valinn í íslenska landsliðið og setti hann ídulega út í kuldann eftir verkefni með landsliðinu. Rúrik náði því aldrei fótfestu hjá félaginu og fór til Sandhausen þar sem hann hefur blómstrað.

„Hér í Sandhausen er þetta mikið til byggt á svipuðum grunni og íslenska landsliðið. Það er sterkur varnarleikur og mikil vinnsla í liðinu, það er mikið hlaupið og allir leggjast á eitt. Taktískt finnst mér þetta mjög gott hérna, við töpuðum síðasta leik í deildinni sem var ekki alveg nógu gott en fram að því leit þetta allt

virkelega vel út. Í síðustu tveimur leikjum hafa einstaklingsmistök reynst okkur afar dýr, ég ætla ekkert að skella skuldinni á einn eða tvo leikmenn en það er margt sem þarf að ganga upp í þessari deild. Það geta allir unnið alla, það eru átta leikir eftir og við erum fimm stigum frá umspili. Það getur allt gerst í fótbolta.“

## Gerir allt auðveldara að njóta trausts

Kenan Kocak, þjálfari Sandhausen, hefur sýnt Rúrik mikið traust og hefur fengið það til baka með góðri frammistöðu frá Kópavogsbúanum. „Það er allt annað að vera leikmaður þegar þú ert með fullt traust, það gerir allt auðveldara. Ég finn fyrir miklu trausti og vonandi hefur mér hingað til tekist að borga það til baka. Ég finn líka mikinn mun hjá Sandhausen, að hér er mikil virðing borin fyrir því að leikmaður sé í landsliðinu, í Nürnberg var það bara vesen fyrir mig að koma eftir landsleiki. Þá var ég ídulega settur út úr hópnun. Kocak þurfti ekki að eyða mörgum orðum til að sannfæra mig þegar hann hringdi og bauð mér að koma hingað, hann sagði mér að ef ég myndi standa mig þá

„Einn fótbrotnaði og hinn braut hauskipunu, ég byrjaði á að spila sem hægri og vinstri vængbakvörður.

væri ég hans maður og hingað til hefur það gengið upp. Vonandi verður áframhald á því.“

## Næsti bakvörður landsliðsins?

Rúrik var fenginn til Sandhausen sem kantmaður eða sóknarmaður og þar byrjaði hann að spila, meiðsli urðu til þess að hann hefur síðan leikið talsvert sem hægri bakvörður. Þar hefur Rúrik fengið mikið lof fyrir spilamennsku sína og gæti hann nýst íslenska landsliðinu þar. „Ég kom hingað og átti að vera kantmaður og eða sóknarmaður, það meiðast svo tveir hægri bakverðir. Einn fótbrotnaði og hinn braut hauskipunu, ég byrjaði á að spila sem hægri og vinstri vængbakvörður en síðan nokkra leiki sem hægri bakvörður í 4-4-2. Það hefur verið gaman að spila þá stöðu, mér líkar það mjög vel og ég er hægt og rólega að læra inn á þessa stöðu. Það hefur gengið vel og ég held áfram að læra inn

á hana, þetta er spennandi staða og skemmtilegt að spila hana. Ég treysti mér vel til að spila hana með landsliðinu ef Heimir ákveður að ég eigi að spila þar. Oft, til að byrja með, getur verið örflítt stressandi að spila nýja stöðu en eftir nokkra leiki þarna þá líður mér vel og hef sjálfstraust í henni, ég hef gaman af því vera bakvörður.“

## Vilja framlengja samning

Rúrik samdi við Sandhausen til sumars en félagið vill gera við hann langan samning. „Ég átti samtal við þjálfarann og stjórnina um daginn og þeir vilja gera við mig langan samning. Það eru búnar að vera miklar sögusagnir um að þjálfarinn sé að fara í sumar og hann er orðaður við Hoffenheim, Stuttgart og fleiri klúbba. Ég vil ekki skrifa undir neitt nema framtíð hans sé á hreinu, ég sagði þjálfaranum það. Það er fullur skilningur á því og við tókum aftur upp þráðinn þegar allt er á hreinu.“

Spennur fyrir komandi verkefni Landsliðið heldur til Bandaríkjana í næstu viku þar sem liðið leikur æfingarleiki við Mexíkó og Perú en um er að ræða síð-

ustu leikina áður en lokahópurinn fyrir HM verður valinn. „Þetta leggst vel í mig, þetta eru tveir mjög spennandi leikir og það er bara gamla góða klisjan, það er alltaf geggjað að vera í landsliðinu. Ég held að það sjáist alltaf á leik liðsins að það vilja allir vera með og það leggja sig allir alltaf 100 prósent fram. Þetta eru öðruvísi andstæðingar, en við erum vanir að spila vel og þeir eru því mikilvægari en oft áður. Ég held að það sé mikilvægt að maður spili sinn leik og sé ekki að hugsa of mikið eða fara fram úr sér þegar maður er valinn.“

## Missti af EM

Rúrik var einn af þeim sem þurftu að bíta í það súra epli að missa af sæti í hópnum sem fór á EM í Frakklandi. „Ég held að ég hafi ekki veikt stöðu mína með því að fara til Sandhausen og spila í hverri viku, það vilja allir fara á þetta stórmót. Ég held að það breyti ekki neinu hvort menn hafi misst af EM eða ekki, það vilja allir alltaf vera með. Það er mikil samkeppni, ég er að spila alla leiki núna og vonandi hjálpar það mér þegar hópurinn fyrir Rússland verður kynntur.“ ■

# Guðni Th. fékk fyrstu treyjuna

■ Nýr búningur kynntur í gær ■ Verður notaður á HM í Rússlandi

Hörður Snævar Jónsson  
hodd@433.is



Fyrsta HM-keppnistreyja Íslands í knattspyrnu hefur litið dagsins ljós. Búningurinn er hannaður með þarfir og óskir leikmanna að leiðarljósi. Það er ERREA sem framleiðir búninginn í eigin verksmiðju í Evrópu. Búningurinn var kynntur við hátíðlega athöfn á Laugardalsvelli í gær, fimmtudag, en á svæðinu voru Heimir Hallgrímsson, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og fleiri gestir.

## Ítalskur Íslandsvinur

Leitað var til hönnuða bæði íslenskra og erlendra og þá var einnig tekið tillit til óska landsliðsfólksins okkar, varðandi snið og efni. Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram. Fyrir valinu varð hönnun ítalska íþróttavörubúnaðarins Filippo Affani, þar sem hans hönnun þótti koma best út miðað við þarfir og óskir. Til gamans má geta þess að Filippo er mikill Íslandsvinur og flagnar til að mynda alltaf íslenska fánanum þegar landsliðið okkar spilar. Horft var til einkenna landsins og unnið með eldinn og ísinn. Treyjan á að endurspeglar kraftinn sem býr innra með þjóðinni og áráðnina þrátt fyrir smæld. Innan á kraganum er að sjálfsögðu að finna möntru landsliðsins „Fyrir Ísland“, sem lýsir vel þeim hug sem leikmenn landsliðanna okkar bera þegar þeir ganga inn á keppnisvöllinn og leggja allt í sölnurnar fyrir Ísland.

Glaður Guðni Th. fékk fyrstu treyjuna og varsáttur við hana.

MYND SIGTRYGGUR ARI



„Það sem skiptir þó meira máli eru þeir sem verða í henni – við þurfum að finna stoltið og gleðina sem fylgir því að spila fyrir Ísland.“

## Forsetinn sáttur

Hr. Guðni Jóhannesson, forseti Íslands, tók við fyrstu treyjunni úr hendi formanns KSÍ og sagði við það tilefni: „Upp er runnin söguleg stund þegar ég tek nú við fyrstu treyjunni sem spilað verð-

ur í á fyrsta heimsmeistaramóti í knattspyrnu sem Ísland tekur þátt í. Það sem skiptir þó meira máli eru þeir sem verða í henni – við þurfum að finna stoltið og gleðina sem fylgir því að spila fyrir Ísland. Takk – treyjan lítur

Varabúningurinn Eins og síðustu ár er það hvítur varabúningur sem Ísland notar.

vel út – þar með er það ákveðið,“ sagði Guðni Th.

## Formaður KSÍ spenntur

Errea og KSÍ hafa átt farsælu samstarfi að fagna lengi, enda hefur Errea verið einn helsti stuðnings-



Umdeild Það er ljóst að treyjan verður umdeild til að byrja með eins og allar treyjur landsliðsins síðustu ár.



aðili KSÍ í mörg ár eða allt frá árinu 2002. „Þetta er stund sem margir hafa beðið eftir, enda búningur, eða treyja, sem meirihluti þjóðarinnar mun líklega klæðast í sumar. Við erum gríðarlega sátt við útkomuna, enda var tekið tillit til allra okkar þarfa við hönnun treyjunnar og hún er flott,“ segir Guðni Bergsson, formaður KSÍ.

## Errea svarar eftirspurn þjóðarinnar

„Við erum gríðarlega stolt í dag þegar við afhendum fyrstu treyjurnar. Það er ekki einfalt að hanna og framleiða keppnistreyju landsliðs þar sem taka þarf tillit til óska og þarfa þeirra sem verða í henni. Treyjan á að endurspeglar kraftinn sem býr innra með þjóðinni og áráðnina þrátt fyrir smæld,“ segir Þorvaldur Ólafsson, framkvæmdastjóri Errea á Íslandi. „Eftir EM-ævin-týrið árið 2016 erum við hjá Errea reynslunni ríkari og munum leggja okkur fram um að svara eftirspurn þjóðarinnar og tókum þannig þátt og styðjum strákana,“ segir Þorvaldur. ■

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ

Til sölu tveir Ford Transit 460, 18 manna. Árgerð 2017, eknir aðeins 7000 km.

Verð aðeins 4.690.000 stgr, án vsk.

Nánari upplýsingar hjá Braut bílasölu sími 587-6600 og Bílahöllinni hf., sími 567-4949



# SAKAMÁL



**13** vinir og ættingjar „Rugeley-eiturbyrlarans“ Williams Palmer guldur fyrir fjárþörf hans með lífinu. Morðin framdi Palmer, sem var læknir, á árunum 1846–1855. Palmer líftryggði væntanleg fórnarlömb og eittraði svo fyrir þeim með stríkníni. Hann var hengdur 14. júní 1856.

# UPPREISN Í FOLS

■ Sjö fangar í Folsom ákváðu að brjótast út í frelsið ■ Við tók blóðug atburðarás

Árið 1937 höfðu nokkrir alhördustu fangar í hinu alræmda Folsom-fangelsi í Kaliforníu, ýmislegt á þrjónunum, hugnaðist enda lítt dvölin innan veggja fangelsisins.

Um hádegisbil létu fangarnir til skarar skrifa. Þeir voru Wesley E. Eudy, Clyde „Mad Dog“ Stevens, Albert Kessel, Fred Barnes, Robert Lee Cannon, Bennie Kucharski og Ed Davis.

Undir því yfirskeyti að þeir þyrftu að fá viðtal við fangelsisstjórn, Clarence A. Larkin, komu sjömenningarnir honum og William J. Ryan, yfirmanni fangelsisvarðanna, í opna skjöldu, vopnaðir hnífum af ýmsum gerðum.

## Fangelsisstjórinn stunginn

„Við ætlum út, skítseiðin ykkar,“ hvæsti Eudy og hann og félagar hans þrengdu að Larkin og Ryan inni á skrifstofu fangelsisstjórans.

Ryan lét engan bilbug á sér finna og nánast gelti: „Sleppið vopnunum og hunskist héðan út.“ Hann talaði fyrir daufum eyrum og eins og gráðugur úlfar réðust þeir til atlögu gegn Larken sem mátti sín lítils gegn margnum. Larkin var stunginn tólf sinnum og lá óvígur. Ryan hafði verið haldið í skefjum á meðan af Davis en svo kom röðin að honum. „Þú munt gera það sem ég segi þér,“ urraði Davis á Ryan. „Við ætlum okkur út, skilurðu það – jafnvel þótt ég þurfi að drepa til þess.“

## Frelsi hvað sem það kostar

Ryan sá ekki ástæðu til að efast um sannleiksgildi orða Davis. Hann vissi að Davis var enginn nýgræðingur þegar kom að morðum, mannránum, ránum og flóttu úr fangelsum.




1937 Albert Kessel.



1 Robert Lee Cannon.



Clyde „Mad Dog“ Stevens.



1937 Wesley E. Eudy.

„Við drepum Larkin ef þú lætur okkur ekki fá riffilinn þinn.“

Larkin vildi ekki játa sig sigraðan þrátt fyrir allt og sagði að fangarnir myndu aldrei sleppa: Ef þið takið mig sem gísl munu verðirnir skjóta – þannig eru fyrirmælin.“

Stevens sagði að hann gæfi dauðann og djöfulinn í öll fyrir-mæli og ef þeir þyrftu að klofa yfir Larkin dauðan til að öðlast frelsi þá yrði svo að vera.

## Blekkingar Larkins

Davis vafði vír um háls Larkins, aðferð sem hann fyrr meir hafði beitt til að fá sínu framengt. „Þú færð Davis-meðferðina,“ sagði hann mjúkmáll. Hann bætti við að

ef einhver varðanna færi að skjóta þá myndi Larkin ekki þurfa að kempa hærunar.

Þrátt fyrir að Larkin væri ekki uppgjöf í hug, þá lét hann í hið andstæða skína: „Þið vinnið strákar. Hvað gerist næst er undir ykkur komið.“

Davis skipaði Larkin að hringja í vörðinn í turninum fyrir ofan þá, Joe Brady, og skipa honum að láta skotvopn sitt síga niður. Síðan átti Larkin að sjá til þess að komið yrði með bifreið hans svo fangarnir gætu komist út um fangelsishliðið. Davis lagði áherslu á fyrirmælin með því að herða vörðinn um háls Larkins.

## Vörður drepinn

Með brögðum tókst Larkin að ná sambandi við Jack Whelan, úr-ræðagóðan ritara sinn, í stað Joe Brady og með því að tala undir rós setti hann Whelan inn í aðstæður, en þóttist allan tímann vera að ræða við Brady. Síðan lagði hann símtólið á borðið, þannig að Whelan heyrði hvað sagt var, og sagði. „Brady neitar að afhenda



Fangelsisgarðurinn í Folsom. Hér var uppreisnin leidd til lykta.

riffilinn. Hann segist munu fylgja skrásettum fyrirmælum út í ystu æsar.“

Davis svaraði að bragði, og Whelan heyrði hvert einasta orð, að þeim væri fúlasta alvara.

Nánast í sömu andrá hófu viðvörunarhornin upp söng sinn og 15 verðir með alvæpni komu sér fyrir fyrir ofan aðalhliðið.

Auk þess ruku verðir að skrif-

stofu Larkins og ruddist einn þeirra, H.E. Martin, inn, þrátt fyrir viðvörun Larkins. Martin var yfirbugaður af sjömenningunum og stunginn til bana.

## Narraðir út á opið svæði

Eftir að hafa banað Martin sneru fangarnir sér að Larkin og létu bræði sína bitna á honum og veittu honum fleiri stungusár.

# FYRSTIR Í GASKLEFA FOLSOM-F

Sem fyrr segir þá voru Folsom-fimmenn-ingarnir dæmdir til dauða 1938 eftir að þeir höfðu náð heilsu eftir uppreisnina árið áður. Aftökur þeirra voru merkilegar fyrir þá sök að Texas hafði þá tekið í gagni gasklefa sem leysti af hólmi snöruna og gálgann.

## Svanasöngur

Þann 2. desember, 1938, urðu Robert Lee Cannon og Albert Kessel þess vafasama heidurs að-njótandi að taka fyrstir manna

sín síðustu andköf í gasklefanum splunkunýja.

Sagan segir að Cannon og Kessel hafi eytt sinni síðustu kvöldstund í að spila hljómplötur og syngja. Einnig kölluðust þeir á enda lágu klefar þeirra hlið við hlið.

## Vindlar og viskí

Tíu mínúturnar fyrir aftökuna reyktu þeir vindil og fengu sér viskíslurk. Cannon gekk fyrstur inn í gasklefan, með handleggji reyrdra niður með síðum og berfættur. Hann

var ólaður í stól.

Síðan kom Kessel í fylgd fanga-varða og var ólaður niður í annan stól, en gasklefinn annaði ekki nema tveimur aftökum í senn.

## „Ekkert mál“

„Það er aldeilis mannsöfnuðurinn hér,“ sagði Kessel lágum rómi, en um 40 manns voru mættir til að fylgjast með. Kessel var niðurlátur og forðaðist að líta á áhorfendur.

Þegar vart sýnilegt gasið fór að liðast upp horfði Cannon út um

„Cannon út um glerið, á áhorfendur og myndaði með vörnum orðin: „Þetta er ekkert mál.“

glerið, á áhorfendur og myndaði með vörnum orðin: „Þetta er ekkert mál.“ Þegar hann var við að mynda aðra setningu afmyndað-

ist andlit hans – sýndi hvorki brosné grettu – og hann ranghvolfdi augunum. Síðan hneig höfuð hans niður að bringu.

## Nöturlegt dauðastríð

Samkvæmt vitnisburði frá þessum atburði var dauðastríð Kessels ívið nóturlegra. Hann virtist reyna eftir fremsta megni að halda niðri í sér andanum. Þegar gasið fór að leika um hann stífnaði hann upp og greip um stólarmana þannig að hnúarnir hvítuðu.





**11.** desember, 2012, var Manuel „Manny“ Pardo yngri tekinn af lífi í Flórída. Honum var gefin banvæn sprauta. Manny hafði verið lög-  
reglumaður, en gengið brósuglega að halda sig á vegi dyggðarinnar  
og var rekinn um síðir fyrir hrottaskap í starfi. Árið 1986 stundaði Manny ráan af  
miklum móð og varð níu manns að bana samhliða þeirri idju.



# OM-FANGELSINU

■ Verðirnir voru afburðaskyttur ■ Blýfylltar kylfur og beittar breddur



Bennie Kucharski.



Fred Barnes.



Ed Davis.



Skytturnar þrjár Albert J. Strong, R.T. Howard og Harry B. Trader hittu það sem þeir miðuðu á.

Öðrum verði sem bar þar að, John Solberg, datt það snjallræði í hug að hæða fangana og mana þá í að yfirgefa skrifstofuna. Honum til mikillar undrunar gerðu þeir það. „Komum strákar. Þeir skjóta ekki ef við höfum Larkin og Ryan,“ óskraði Davis.

Í þéttum hnapp yfirgáfu glæpamennirnir skrifstofuna og Cannon og Eudy héldu hnífum sínum þétt að hálsi fangelsisstjórans.

„Við drepum Larkin ef þú lætur okkur ekki fá ríffilinn þinn,“ hróp-  
aði Davis til Bradys.

### Blýfylltar kylfur og kutar á lofti

„Komið aðeins undan þak-  
skegginu, svo ég sjái,“ kallaði Brady á móti. Fangar sem voru í fangels-  
isgardinum upphófu þá hróp og háreysti og verðir með brugðnar,  
blýfylltar kylfur réðust til atlögu við Davis og féлага. Kylfur brutu  
bein og það glampaði á blöð hnífa  
uppreisnarfanganna. Larkin var  
stunginn og skorinn af Cannon og  
hneig til jarðar.

Byssuskot hittu Clyde Stevens  
á milli augnanna og „Mad Dog“

Stevens var dauður áður en lík-  
aminn snerti jörð. Vörður að nafni  
James Kearns særðist illa.

Úr einum turninum, númer 21,  
voru R.T. Howard og Albert Strong.  
Þeir höfðu góða yfirsýn og nýttu sér  
hana óspart. Slíkt hið sama gerði  
Harry B. Trader í turni númer 13.

### Markviss skothríð

Banvæn og hnitmiðuð skot þeirra  
hittu skotmörk sín. Kucharski tók  
sinn hinsta andardrátt og Barnes  
fékk skot í bringuna. Eudy féll til  
jarðar þar skammt frá og Kessel  
fékk skot í gegnum hálsinn. Dav-  
is fékk blýfyllta kylfu í höfuðið og  
hann féll til jarðar með brákaða  
höfuðkúpu. Þegar þarna var komið  
sögu var búið að berjja alla meðvit-  
und úr Cannon.

Skyndilega skall á dauðapögn ef  
undan eru skildar sársaukastunur  
og vein særðra og deyjandi. Þessi  
blóðugi sunnudagur í Folsom hafði  
nánast runnið sitt skeið.


### Hinir lifandi og hinir dauðu

Á spítala litu læknar á áverka Lark-  
ins, Ryans, Kearns og þeirra fimm

„Við ætlum okk-  
ur út, skilurðu það  
– jafnvel þótt ég þurfi að  
drepa til þess.“

fangar sem enn voru í tölu lifenda,  
Barnes, Kessels, Davis, Cannons  
og Eudys. Þegar upp var staðið varð  
lífi Larkins ekki bjargað, en Kearns  
og Ryan, sem hafði verið stunginn  
sjö sinnum, lifðu af. Sömu sögu er  
að segja af þeim fimm sjómenn-  
inganna sem særðust. Þrátt fyrir  
að útlitið væri ekki gott fyrir þrjá  
þeirra; Barnes, Kessel og Eudy, þá  
náðu þeir allir það góðri heilsu að  
hægt var að rétta yfir þeim og taka  
þá af lífi árið eftir.

Byggt á frásögn Jacks Whelan,  
ritara fangelsisstjórans ■



Jack Whelan Símtal hans og Larkins bjargaði því sem bjargað varð.

# ANGELSISSINS

Það gat hann að sjálfsgöðu  
aðeins í takmarkaðan tíma og  
að lokum tók hann andköf og  
stundi: „Þetta er slæmt.“

### Tveir plús einn

Wesley Eudy og Fred Barnes  
fylgdu í fótspor féлага sinna 9.  
desember og 16. desember steig  
Ed Davis sín hinstu skref, einn  
síns liðs, inn í gasklefan nýja,  
sem þó hafði sannað gildi sitt. ■

„Að lokum tók  
hann andköf og  
stundi: „Þetta er slæmt.“

Gasklefinn í Quentin-fangelsinu Nýi  
klefinn í Folsom var með svipuðu sniði, tók  
tók fanga í senn.



## Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is

## Hvenær mega börn sinna húsverkum?

**A**ð sinna heimilisverkum er ekki alltaf það skemmtilegasta, en eru þó á meðal mikilvægustu verka sem við sinnum. Það þarf jú að passa að allir heimilismenn eigi hrein fót, fái mat á diskinn sinn og líði vel heima hjá sér. Foreldrar eiga það til að halda að börnin þeirra séu ekki tilbúin til þess að hjálpa til við heimilisstörfin en staðan er sú að börn allt niður í tveggja ára aldur eiga auðvelt með að læra og hjálpa til á heimilinu. Því fyrr sem börn læra að heimilisstörfin séu eitthvað sem allt heimilisfólkid eigi að hjálpast að þá verða verkin ekki jafn mikil kvöð og jafnvel er hægt að tengja þau við einhvers konar umbunarkerfi. Rannsakad hefur verið við hvaða aldur börnin geta farið að sinna mismunandi heimilisstörfum og eru sérfræðingar sammála um þennan lista:

## Börn á aldrinum 2–3 ára:

- Ganga frá dóti
- Gefa gæludýrum mat
- Setja óhrein fót í þvottakörfuna
- Þurrka upp ef hellist niður
- Þurrka af ryk
- Raða bókum

## Börn á aldrinum 4–5 ára:

- Allt hér fyrir ofan og einnig
- Búa um rúmið
  - Tæma ruslafötu
  - Sækja póst
  - Ganga frá á borðinu
  - Hjálpa til við garðvinnu
  - Notað handryksugu til þess að hreinsa mylsnu
  - Vökva blóm
  - Ganga frá úr uppþvottavél
  - Vaska upp plastdíska í vaskinum
  - Fá sér morgunkorn sjálf

## Börn á aldrinum 6–7 ára:

- Allt hér að ofan og einnig
- Flokka þvott
  - Rykmoppa gólf
  - Leggja á borð og ganga frá því
  - Hjálpa til við að útbúa nesti
  - Halda herberginu sínu hreinu

## Börn á aldrinum 8–9 ára:

- Allt hér að ofan ásamt og einnig
- Ganga frá úr uppþvottavél
  - Ganga frá matvörum eftir innkaup
  - Ryksuga
  - Hjálpa til við að elda kvöldmat
  - Búa sér til sitt eigið nesti
  - Þurrka af borði eftir máltíð
  - Ganga frá sínum eigin þvotti
  - Sauma í
  - Útbúa sér morgunmat
  - Skræla grænmeti
  - Útbúa einfaldan mat á borð við ristað brauð
  - Sópa gólf
  - Fara með gæludýr í göngutúr

## Börn tíu ára og eldri:

- Allt hér að ofan og einnig
- Ganga frá úr uppþvottavél
  - Brjóta saman þvott
  - Þrifa badherbergi
  - Þvo glugga
  - Þvo bílinn
  - Elda einfalda máltíð
  - Strauja
  - Þvo þvott
  - Passa yngri systkini (með foreldra á heimilinu)
  - Taka til í eldhúsi
  - Skipta um á rúminu

Þeim sem langar til þess að fá börnin til þess að hjálpa til við heimilisstörfin er ráðlagt að byrja ekki of seint að kenna þeim, og átta sig á því að verkin verða ekki fullkomlega gerð og vera dugleg við að hrósa, bæði á meðan börnin vinna verkin og eftir að þau hafa klárað.



# Heyrnarlaus með langrveikt barn

„Hún bar ekki veikindin utan á sér og það var ekki hlustað á mig,“ segir **Kolbrún Vökudóttir**

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is

**Þ**egar Kolbrún Vökudóttir var einungis tveggja ára gömul fékk hún svæsna heilahimnubólgu og var vart hugað líf. Fljótlega eftir að Kolbrún komst á bataveg og heilsa hennar varð betri kom í ljós að hún hafði alveg misst heyrnina.

Í dag, mörgum árum síðar, er Kolbrún einstæð tveggja barna móðir sem lítur björtum augum á lífið og segir heyrnarleysið ekki há sér.

„Ég man ekki eftir mér heyrandi og ég þekki ekkert annað en að vera heyrnarlaus. Auðvitað koma inn margar hindranir en mér finnst það ekkert mál, ég geri bara allt sem ég vil og finnst þetta frábært,“ segir Kolbrún í einlægu viðtali við DV.

Mikill aldursmunur er á dætrum Kolbrúnar en eldri dóttir hennar, Viktoría Björt, er 14 ára gömul og mun fermast í vor á meðan yngri dóttir hennar, Salka María, er 17 mánaða og eru þær mæðgur enn í fæðingarorlofi.

## Læknar hlustuðu ekki á áhyggjur Kolbrúnar

Yngri dóttir Kolbrúnar fæddist með vatnshöfuð sem kom ekki í ljós fyrr en hún var orðin sex mánaða gömul.

„Hún bar ekki veikindin utan á sér en ég sá að eitthvað var að, það var í raun ekki hlustað á mig en ég tók eftir breyttu höfuðlagi hjá henni þegar hún var einungis viku gömul. Við fórum á barnaspítalann og það var skoðað hvort hún væri með heilahimnubólgu en það var ekki. Í hverri

einustu læknisheimsókn nefndi ég áhyggjur mínar en mér var alltaf sagt að hún væri mjög flott stelpa og ekkert að henni. Það var ekki fyrr en hálfu ári síðar sem mark var tekið á mér og hún fór í rannsóknir. Þá var hún greind með vatnshöfuð og hafði hún verið með það frá fæðingu. Í tilfelli Sölklu er vatnsframleiðslan í höfðinu í lagi en vandamálið liggur í því að höfuð hennar getur ekki losað vatnið og því safnast það saman. Salka þurfti því að fara í aðgerð þar sem ventill



## Þítsusnúðar að hætti Maríu Gomez

Gómsætir og girnilegir

**M**aría Gomez heldur úti lífsstílsblogginu paz.is sem ætlað er nautnaseggjum sem hafa gaman af því að hafa fallegt í kringum sig, borða góðan mat, líta vel út og njóta lífsins með fjölskyldunni.

María er fagurkeri með meiru og er hún dugleg að deila girnilegum uppskriftum með lesendum. María deilir með okkur ofureinföldum og hrikalega góðum þítsusnúðum sem slá alls staðar í gegn.

### Þítsusnúðar að hætti Maríu Gomez:

#### Innihald:

- 4 bollar hveiti
- 2 tsk. salt
- 2 msk. hunang
- 1 bréf þurrger eða 1½ matskeið
- 1½ bolli volgt vatn
- 1 msk. óreganá eða þítsukrydd frá Prima
- Smávegis af svörtum pipar (val)

#### Aðferð:

Setjið volgt vatn, hunang og ger saman í skál og hrærið vel. Leyfið því að standa í um 5 mínútur eða þar til þykkt leirkennd froða hefur myndast ofan á. Setjið allt þurrrefni saman í hrærivél og hellið gerblöndunni smám saman út í á meðan vélin er að hnoða. Bætið hálfum bolla af volgu vatni við smátt og smátt. Leyfið deigun að hefast í að minnsta kosti 30

mínútur. Stráid hveiti á borðið og ofan á deigið og fletjið út með kókukefli. Ekki gera það of flatt heldur leyfið því að halda örlítili þykkt.

#### Fylling:

Þítsósá (María mælir með Contadina) Pepperóni Rifinn ostur Óreganá eða þítsukrydd

#### Aðferð:

Smyrjið þítsósúsu yfir deigið og klippið pepperóni niður í ræmur. Dreifið svo rifna ostinum yfir og að lokum pepperóninu. Stráid þítsukryddi eða óreganá yfir allt, rúllið deiginu upp og skerid snúðana í hæfilega stærð. Gott er að strá örlitlu af rifnum osti yfir snúðana ef vill. Bakist á 200°C á blæstri í 20 mínútur eða þar til snúðarnir eru orðnir gullnir að lit.



Mæðgurnar Kolbrún með dætrum sínum tveimur þeim Viktoríu og Sölku MYND SIGTRYGGUR ARI

## Það var ekki fyrr en hálfu ári síðar sem mark var tekið á mér og hún fór í rannsóknir.

að það komi hljóð þá titrar tækid og ég hef það alltaf á mér þegar ég sef. Ég held að það sé enginn munur á því að eiga barn heyrnarlaus eða ekki, við skynjum auðvitað öðruvísi en fólk sem heyrir en í heildina er þetta nákvæmlega eins. Fólk sem heyrir nemur betur grátinn hjá barninu en við notum sjónina og tökum eftir hlutum. Ég hugsa því að þetta sé í raun nákvæmlega eins.“

Dætur Kolbrúnar læra táknmál á undan tali og hefur hún engar áhyggjur af því.

„Barnið á ömmur og afa, frændfólk og leikfélag og þau læra fljótlega að tala í kringum þau. Einnig er sjónvarpið, tónlistin, búðarferðir, afmæli og fleira þar sem þau heyra náttúrlega allt.“

### Gaman að eiga heyrnarlausu móður

Kolbrún segir að henni finnst ekki erfitt að vera einstæð móðir og að hún fái góða hjálp þegar hún þarf.

„Ég fæ pössun af og til eins og allir aðrir og ég get alltaf fengið neyðartúlk þegar þannig ber við. Stundum hefur það komið fyrir, ef ég þarf til dæmis að fara með Sölku til læknis, að þeim finnst óþarfi að hafa túlk með en það finnst mér mikil höfnun. Ég held að það sé vegna þess að ég get talað og skil fólk en ég get auðveldlega misskilið upplýsingar ef ég er ekki með túlk með mér. Ég þarf því yfirleitt að útskýra að ég eigi rétt á því að hafa túlk með mér og þá fæ ég hann að lokum.“

Viktoría, eldri dóttir Kolbrúnar, segist hafa gaman af því að eiga heyrnarlausu móður þar sem fólk sé ófeimið við að spyrja hana ýmissa spurninga um móður hennar.

„Hún þekkir auðvitað ekki annað en hún er ófeimin að svara spurningum sem hún fær varðandi heyrnarleysi mitt. Ég var með föður hennar þar til hún var eins árs en þá slitum við samvistir og hef ég verið einstæð síðan þá og líkar það mjög vel,“ segir Kolbrún með bros á vör. ■

var settur á höfuð hennar og mun hún þurfa að hafa hann alla ævi, hann hjálpar henni að losa vatnið og líða vel.“

Kolbrún segir að það hafi verið virkilega erfiður tími þegar Salka greindist og telur hún ekki að heyrnarleysið spili þar inn í.

„Þú getur ímyndað þér höfnunartilfinninguna sem ég fékk sem móðir barnsins. Hún brosti ekki, horfði ekki á mig og vildi ekki tala við mig. Salka var mjög háð mér en ég mátti samt ekki snerta hana, það er mjög skrítið.

Hún var mikil mannafeila og strax frá tveggja mánaða aldri stíðnaði hún upp, skalf og ældi ef einhver annar en ég tók hana upp. Ég var skömmuð fyrir að hafa gert barnið háð mér en ég vissi að henni leið illa. Eftir aðgerðina var þetta líka mjög erfitt en mér fannst ég vera að fá nýtt barn.

Fannst ég vera að kveðja Sölku mína og fá nýja Sölku, það er erfitt að útskýra þetta. Eftir aðgerðina grét Salka miklu meira og það var stutt í spunann hjá henni. Í þrjá mánuði hélt hún líka áfram að

æla en hún var bara að jafna sig eftir aðgerðina, svo fékk hún rétta stillingu á ventilinn og þá varð hún allt önnur. Þetta var í raun eins og þrjú tímabil í lífi hennar.“

### Lítill munur á því að eiga barn heyrnarlausu

Kolbrún telur að það sé ekki mikill munur á milli þeirra sem eru heyrnarlausir og þeirra sem heyra þegar kemur að barneignum og upplíði.

„Það er til barnapiútæki fyrir heyrnarlaust fólk, í staðinn fyrir


## Vinsælast í vikunni á Bleikt



### Guðrún Helga fékk átkastaröskun í kjölfar þátttöku í fitness

Guðrún Helga Fossdal Reynisdóttir hefur alla tíð haft mikinn áhuga á fitness og hefur sjálf tekið þátt í keppninni. Það sem hún gerði sér þó ekki grein fyrir var að í kjölfar þátttöku hennar þróaði hún með sér átkastaröskun sem hefur eyðilaggt frama hennar í íþróttinni.

„Átkastaröskunina þróaði ég með mér eftir að ég fór í fitness vegna þess að ég var og er með átröskun, ekki vegna þess að ég fór í fitness. Ég er með óheilbrigða ímynd gagnvart mat og líkamsrækt. Ég á yfir höfði mér margra ára meðferð til þess að fá allt í jafnvægi aftur. Ef ég hefði hlustað á sjálfa mig frá byrjun og viðurkennt um leið að ég ætti við átröskun að stríða og hefði tekið á því áður en ég tók þátt í fitness þá hefði ég öðlast meiri frama,“ segir Guðrún.



### Dóttir Sigrúnar fæddist andvana eftir fulla meðgöngu


Sigrún Ásta Brynjarsdóttir varð ólétt að dóttur sinni í júní árið 2016. Meðgangan gekk vel, dóttir þeirra stækkaði mikið og allt stefndi í að lífið yrði fullkomið fyrir þau hjónin.

Þegar Sigrún var gengin fulla meðgöngu áttaði hún sig á því að hún hafði ekki fundið neinar almennilegar hreyfingar og fór að hafa áhyggjur. Sigrún og maðurinn hennar ákváðu að fara upp á deild og láta skoða hana.

„Í ljós kom að þessar áhyggjur áttu rétt á sér. Það fannst engin hjartsláttur og í staðinn fyrir að eignast lítið kríli eignuðumst við lítinn engil. Það kom í ljós í fæðingunni sjálfri, sem gekk að flestu leyti mjög vel að hún hafði „bara“ flækt sig í naflastrengnum. Hún var fullkomin að öllu öðru leyti og þetta var bara slys, því miður.“

Sigrún segir virkilega erfitt að vinna úr áfallinu en hún varð barnshafandi fljótlega aftur og nú eiga þau hjónin 10 vikna gamla stúlku.







**Jóhanna Þorvaldsdóttir**  
Jóhanna eftir lífsstílsbreytinguna, 30 kílóum léttari.



**Jóhanna Þorvaldsdóttir**  
Jóhanna fyrir lífsstílsbreytinguna.



## Hreyfing getur gert kraftaverk – 30 kílóum léttari og líður betur

„Ég gat lítið sem ekkert gengið og var skökk og skæld vegna verkja,“ segir Jóhanna Þorvaldsdóttir

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@pressan.is



**P**egar Jóhanna Þorvaldsdóttir gekk með börnin sín varð hún virkilega slæm af grindargliðnun. Það slæm að hún lá rúmliggjandi á seinni hluta meðgöngunnar. Eftir meðgönguna var Jóhanna lengi mjög slæm í líkamanum og taldi lækningaririnn upphaflega að grindargliðnun væri um að kenna.

„Seinna kom í ljós að um var að ræða mjög slæmt tilfelli af vefjagigt. Ég gat lítið sem ekkert gengið og var skökk og skæld vegna verkja. Við þetta bættist svo slæm slitigt og í kjölfarið fann ég fyrir töluverðu þunglyndi og kvíða. Ég fór að þyngjast mikið og leið virkilega illa,“ segir Jóhanna í viðtali við DV.

### Einangraðist vegna verkja

Jóhanna einangraði sig mikið og gat lítið tekið þátt í hinu daglega amstri vegna verkja, stíðleika og þreytu.

„Ég komst svo inn í endurhæfingu hjá Virk og í kjölfarið fór ég á Reykjalund í nokkrar vikur. Það má eiginlega segja að það hafi orðið vendipunktur hjá mér. Ég lærði mikið, komst út á meðal fólks og ákvað að taka þessum veikindum sem tækifæri til þess að taka til í kollinum á mér og forgangsraða öllu upp á nýtt í lífi mínu,“ segir Jóhanna og nefnir að á þessum tímapunkti hafi hreyfing orðið mikilvægur hluti af lífi hennar.

„Ég fann töluverðar breytingar á mér og leið betur, þótt þreytan hafi verið mér erfið. Ég fann hvernig ég léttist og í kjölfarið jókst keppnisskapið.“

### Flutti til Noregs og gafst upp

Jóhanna og fjölskylda tóku þá ákvörðun að flytja til Noregs en þegar þangað var komið fann Jóhanna sér ekki hreyfingu sem hentaði henni og gafst því fljótlega upp.

„Ég þyngdist aftur og fór að líða illa aftur, verkirnir mættu aftur og mér fannst ég algjörlega vera búin að missa tókin. Eftir að hafa búið í tvö ár í Noregi, fluttum við aftur til Íslands árið 2017. Þá byrjaði ég strax í léttri hreyfingu, fór í sundleikfimi og rope yoga. Ég fann strax hvernig líkami minn fór að taka við sér og fljótlega gat ég farið í erfiðari tíma. Um það leyti sem við fluttum heim tók ég einnig allt sælgæti og gos út úr mataræði mínu og hef ég ekki snert það enn þann dag í dag. Í ágúst verða komin tvö ár síðan og ég sakna þess ekkert.“

Í dag fer Jóhanna í ræktina

sex sinnum í viku með vandlega útbúið æfingaplan frá þjálfara.

„Ég hef misst samtals tæplega 30 kíló á þessum fjórum árum, ég á enn þá nokkur kíló eftir en ég tek þessu rólega og legg mikla áherslu á að styrkja mig líkamlega og andlega. Hreyfingin er núna mín vinna enda er ég óvinnufær vegna veikindanna. Ég lít svo á að mitt verkefni á meðan aðrir eru í vinnunni sé að halda mér í eins góðu formi og ég mögulega get, mín vegna, barnanna minna vegna og lífsins.“

### Ekki óyfirstíganlegt að greinast með ólæknandi sjúkdóm

Jóhanna segir að hennar helsta hvatning sé líðanin hennar.

„Þegar ég finn hvernig líkaminn tekur við sér og ég verð sterkari og orkan meiri þá vil ég gera meira. Ég hlakka til að mæta á æfingu og tími alls ekki að sleppa úr.

Ég er nú búin að fara úr því að vera mjög veik, með mjög hamlandi stoðkerfisvandamál og ansi skerta hreyfigetu í að geta mætt á æfingu allt að sex sinnum í viku. Ég gat almennt ekki tekið þátt í lífinu en get í dag verið þátttakandi í lífinu. Ég á enn langt í land í að geta tekið þátt á vinnumarkaðnum en með stöðugri þjálfun og með því að passa að ofkeyra mig ekki þá hafa lífs-gæði mín stórlega batnað.“

Jóhanna segir að það að greinast með ólæknandi og langvarandi sjúkdóm þurfi ekki endilega að vera óyfirstíganlegt.

„Það er áriðandi að læra á sjúkdóminn og gera allt sem hægt er til þess að ná einhvers konar tókum á honum. Mín aðferð er slökun, þjálfun, mataræði og jákvætt hugarfar.“ ■



# BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LAND ROVER DISCOVERY 4 HSE SDV6  
black packet. Árgæð 2014, ekinn 49 þ.KM,  
dísel, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.433220.



LAND ROVER DISCOVERY 5 HSE.  
Árgæð 2017, ekinn 9 þ.KM, dísel, sjálfskiptur  
8 gírar. Verð 11.890.000. Rnr.435509.



TOYOTA Land cruiser 150VX . Árgæð 2018,  
Nýr bíll , dísel, sjálfskiptur. Verð 10.900.000.  
Rnr.435569.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT SE.  
Árgæð 2016, ekinn 29 þ.KM, dísel,  
sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.435567.



VW PASSAT TDI 4MOTION. Árgæð 2013,  
ekinn 130 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 2.820.000. Rnr.435241.



JAGUAR F-PACE R-SPORT BLACK PACK.  
Árgæð 2017, ekinn 24 þ.KM, dísel, sjálfskiptur  
8 gírar. Verð 8.880.000. Rnr.435542.



PORSCHE 911 CARRERA 4 GT3 OPTIK  
Árgæð 2001, ekinn 79 þ.KM, bensín, 6 gírar.  
Verð 5.690.000. Rnr.434739.



TESLA MODEL S 85. Árgæð 2014, ekinn 48  
þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 8.900.000.  
Rnr.432153.



VW Golf HIGHLINE. Árgæð 2014, ekinn  
49 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð  
2.390.000. Rnr.435520.



MAZDA 6 optimum. Árgæð 2017, ekinn  
17 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð  
4.990.000. Rnr.435466.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT  
PANORAMA Árgæð 2017, Nýr bíll , dísel,  
sjálfskiptur 9 gírar. Verð 5.890.000. Rnr.434940.



BMW 640 d xdrive. Árgæð 2013, ekinn 109  
þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000.  
Rnr.435083.

# „Pabbi öskraði þegar hann heyrði að ég gæti sungið“

Helga Fanney er 17 ára og gefur út sína aðra plötu með frumsömdu lagi við texta Ruthar Reginalds

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Helga Fanney Tómasdóttir er 17 ára gömul, alin upp á miklu tónlistarheimili og hefur alltaf langað að vera söngkona. Hún er hins vegar einstaklega feimin og hóf ekki að syngja opinberlega fyrr en í fermingunni sinni. Síðan þá hefur hún verið óstöðvandi, en ávallt með feimnina í farteskinu, gefið út tvo geisladiska, sungið í brúðkaupum, á tónleikum og án undirbúnings við jarðarför besta vinar föður síns.

„Ég var líklega sex ára þegar ég söng fyrst, þá var ég á námskeiði og Birgitta Haukdal var að kenna,“ segir Helga Fanney. „Ég steig inn í stúdíó og söng Maístjörnunna og ég hef eiginlega sungið síðan.“

Þetta námskeið er eina kennslan sem Helga Fanney hefur sótt í tónlist og þrátt fyrir að hafa byrjað að syngja þá, vissu fáir af því að Helga Fanney héldi lagi og einn af þeim var faðir hennar, Tómas Ó. Malmberg, sem hefur unnið við tónlist í yfir 30 ár og er vel þekktur trúbador.

„Já, alveg lengi,“ segir hún með krafti, aðspurð hvort og hvers vegna hún hafi falið sönginn fyrir föður sínum, „ég var bara mjög feimin sem barn og er það ennþá, ég þori ekki einu sinni að hringja í Domino's og panta mér pítsu, ég nota bara appið, ég hef alltaf verið ótrúlega feimin,“ segir þessi ungi söngfugl og virkar ekkert feiminn. Aldrei var sungið í fjölskylduboðum eða slíku, að hennar sögn, og því tókst henni að fela hæfileika sína

Hæfileikarík Helga Fanney með listaverk eftir föður sinn í bakgrunni. MYND SIGTRYGGUR ARI

Songbird Diskurinn inniheldur 10 lög, sem öll eru tekin upp í einni töku: níu tókulög og eitt frumsamið, með texta Ruthar Reginalds og lagi Tómasar, föður Helgu Fanneyjar.



## Pabbi öskraði og pantaði strax tíma í hljóðveri

Faðir Helgu Fanneyjar heyrði hana fyrst syngja þegar hún var 13 ára. „Ég póstaði myndbandi þar sem ég var að syngja á Facebook árið 2010 eða 2011. Pabbi sá það töluvert seinna, árið 2013 eða eitthvað, og hann trúði ekki að þetta væri ég. Svo þegar ég fór í háu nóturnar var hann alveg, „Jú, þetta er dóttir mín.“

„Ég var inni í herbergi hjá mér og hann öskraði á mig að koma fram. Ég hugsaði bara hvað er nú að gerast, þá vildi hann að ég syngi fyrir hann, svo rauk hann í símann og var búinn að bóka tíma í stúdíó nokkrum mínútum seinna.“

Fyrsta platan kom síðan út

eins lengi og raun ber vitni. Eftir grunnskóla vildi hún læra eitthvað skapandi og valdi leiklistarbraut í Borgarholtsskóla, auk þess að vera á fullu að syngja. „Ég valdi leiklist af því að mig langaði að fara í skapandi nám, að læra að teikna og þessi braut hentaði mér best.“

þegar Helga Fanney var 13 ára. Á henni eru fjögur lög sem hún valdi sjálf, When I Think of Angels, In the Arms of the Angels, Hallelujah og Make You Feel My Love og spilar faðir hennar undir á plötunni.

„Þetta er mjög skrytið, ég gekk bara inn í stúdíóið og leið eins og ég ætti heima þar,“ segir Helga Fanney. „Ég setti á mig heymartólin og bara söng. Ég held að flestir sem eru frægir séu eitthvað feimnir, ég er samt ekki með sviðsskrekk, ég er örllítið stressuð áður en ég syng, en ekki á meðan. En eftir á þá verð ég ógeðslega stressuð, held að það sé vegna þess að ég verði hrædd við hvað fólk segir.“

## Syngur lag við texta Ruthar

Nýlega kom svo út annar diskur þar sem Helga Fanney syngur tíu lög, sem öll eru tekin upp í einni töku, lögin fjögur sem voru á fyrri disknum, fimm önnur tókulög og síðan eitt frumsamið lag, Þú lífs míns ljós. Textinn er eftir Ruth Reginalds og lagið eftir föður Helgu Fanneyjar, sem spilar einnig undir á plötunni. Diskumslagið er síðan plakati og skrifar vinur Tómasar, Ingvar Valgeirsson tónlistarmaður, umsögn um Helgu Fanneyju. „Ruth samdi textann fyrir dætur sínar og hún vildi að pabbi myndi semja lagið, þau eru mjög góðir vinir,“ segir Helga Fanney. „Ruth ætlaði fyrst að syngja það sjálf, en pabbi stakk svo upp á að ég myndi syngja það.“

Helga Fanney spilar á hljóðfæri líka, úkúleke og píanó og er að kenna sjálfri sér á gítar. „Ég er samt með svo litla fingur að úkúleleik

er bara fínt og létt að spila á það,“ segir hún og hlær. „Ég er líka svo lítil, bara 154 sentimetrar.“

Við pabbi erum mest bókuð í brúðkaup og jarðarförir, ég söng í sex brúðkaupum síðasta sumar. Ég er farin að halda að hann treysti mér ekki til að vera ein. Það er seinni tíma vandamál,“ segir hún og hlær, aðspurð hvort faðir hennar spili alltaf undir hjá henni.

## Söng í jarðarför Gulla Falk án undirbúnings

Helga Fanney söng á Falkfest, styrktartónleikum fyrir gítarleikarann og tónlistarmanninn Guðlaug Falk, sem haldnir voru á Spot 6. maí 2016. Þar komu fram margar af helstu rokksvitum landsins, eins og Dimma, Sólstafir og Skálmöld, svo aðeins nokkrar séu nefndar. Eftir harða baráttu við krabbamein lést Gulli og var hann jarðsunninn í Háteigskirkju 26. júlí 2017.

„Stebbi Jak, söngvari Dimmu, kom þar til mín og spurði hvort ég væri stressuð og ég skildi nú ekki af hverju hann var að spyrja að því. Síðan kom Ingvar til okkar pabba og spurði: „Hvaða lag ætlið þið að taka?“ hálf tíma áður en athöfnin átti að byrja,“ segir Helga Fanney. Kom þá í ljós að láðst hafði að bæta Tómasi í Facebook-hópspall þar sem menn tóku sig saman um hverjir ættu að spila, hvaða lag og svo framvegis í athöfninni. Feðginin brunuðu því heim, sóttu gítarinn og ákváðu á leiðinni að Helga Fanney myndi syngja Make You Feel My love.

Háteigskirkja var full af fólki að fylgja Gulla síðustu skrefin, yfir 100 mótórhjól fyrir utan, enginn prestur var við athöfnina og athöfnin var rokktonleikar.

„Þetta er skemmtilegasta jarðarför sem ég hef farið í og sú fyrsta þar sem var klappað. Ég vildi að allar jarðarförir væru svona,“ segir Helga Fanney. „Þetta á að vera góð kveðjustund, rifja upp góðar minningar og hlæja, af hverju áttu að gráta, heldur þú að sá látni myndi vilja það?“

Næst á dagskrá í söngnum er að fylgja plötunni eftir og eru útgáfutónleikar fyrirhugaðir á árinu.

„Draumurinn er og hefur alltaf verið að vera söngkona, en ef það gengur ekki eftir þá langar mig í lögguna, ég elska löggurann-sóknarþætti og hefur langað að vera löggálfurinn og ég var níu ára,“ segir Helga Fanney, sem þarf þó líklega ekki að treysta á plan B, því ljóst er þegar hlýtt er á plötuna að hún á framann vísan í söngnum. ■

## Láttu þér ekki vera kalt

**Honeywell** hitarar og ofnar

**Olíufylltir ofnar 7 og 9 þilja 1500W og 2000 W**

**Keramík hitarar með hringdreifingu á hita**

**Hitablásarar í úrvali**

Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

**Donna**

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)



Á góðri stundu Helga Fanney og Gulli Falk á góðri stund árið 2015. Gulli og Tómas, faðir Helgu Fanneyjar, voru mjög góðir vinir.

LG DAGAR Í RAFLANDI:

# Allt að helmingsafsláttur af hálgæða vörum frá LG

Nú standa yfir LG dagar í Raflandi en LG framleiðir heimsþekktar gæðavörur á borð við sjónvarpstæki, farsíma, heimilistæki, heimabíó, hátalara og fleira. Í Raflandi er mesta úrval landsins af vörum frá LG sem er einn virtasti framleiðandi heims á sínu sviði. Á LG dögum í Raflandi gefst einstakt tækifæri til að eignast hálgæðavörur frá LG á afar hagstæðu verði en 10 til 50% afsláttur verður á öllum vörum í versluninni. Verslun Raflands að Síðumúla 2-4 er opin virka daga frá klukkan 10 til 18 og frá 11 til 16 á laugardögum. Tilboðin standa út næsta laugardag í versluninni en út sunnudag í vefverslun Raflands.

## Glæsileg hönnun sem fellur inn í rýmið

LG er brautryðjandi í OLED sjónvarpstækni sem veitir bestu mögulegu myndgæði í sjónvarpi í dag. Með yfir 1 milljarð litatóna og fullkomnum svörtum lit, en dýpri svartur litur skilar sér í margslungnari og betri litum. LG leggur auk þess áherslu á að sjónvörpin sé ekki lýti á rýminu og leggur því mikið upp úr glæsilegri hönnun. Nýjustu sjónvörpin frá LG eru örþunn, stílhreint hönnuð og laus við þykkan ramma utan um skjáinn. Árið 2017 setti LG á markað sjónvarpið W7. Það er svokallað veggfóðurssjónvarp en skjáinn er einungis um það bil 3 millimetrar á þykkt, sveigjanlegur og festur beint á vegginn með seglum.



## Framúrskarandi heimilistæki

LG framleiðir einnig glæsilega kælikápa og m.a. tvöfaldan kælikápa með Instaview glerhurð sem gerir þér kleift að sjá inn í skápinn án þess að opna hann. Þar með er hægt að spara orku og koma í veg fyrir að viðkvæm matvæli skemmist fljótt með því einfaldlega að banka tvisvar á glerið. Kælikápurinn er auk þess tengdur LG Smart Thing smáforriti, þar sem má stilla hitastigið í kælikápnnum og framkvæma villupróf.

Þá býður LG einnig upp á TwinWash, samsetta þvottavél og þurrkara. Hún er tvískipt með stórri 12 kílóa þvottavél/þurrkara og miniwash þvottavélar skúffu sem fer undir stærri vélina. TwinWash vigtar þvottinn og stillir svo tíma, vatns- og orkunotkun eftir þyngd þvottsins. TwinWash er einnig tengjanleg við Smart Thing smáforritið frá LG. Miniwash er tilvalin fyrir smærri og



viðkvæmari þvott, t.d. íþrótt- eða nærföt. Þá er hægt að láta báðar vélar ganga í einu með stærri flíkur í efri vélinni og t.d. sokka og nærföt í þeirri minni. Þetta sparar gífurlega mikinn tíma og dregur einnig úr orkunotkun.

LG býður enn fremur upp á heimabíó, þráðlausa hátalara, allar



gerðir sjónvarpa, hljómtæki, Soundbar og farsíma svo fátt eitt sé nefnt.

Allar vörur eru á 10-50% afslætti út næstu helgi.

## Rafland

Rafland er nýlegt nafn á íslenskum markaði. Að baki því eru þó tvær vel þekktar og rötgrónar verslanir. Rafland er samsett verslun Einars Farestveit og Sjónvarpsmiðstöðvarinnar en fyrirtækin sameinuðust undir nafninu Rafland árið 2017 og opnuðu tvöfalda verslun í Síðumúla 2-4. Þar sem Sjónvarpsmiðstöðin var áður er



nú sjónvarps- og raftækjagædd Raflands en starfsemi Einars Farestveit var flutt í nýtt og glæsilega innréttað húsnæði í Síðumúla 4 þar sem heimilistækjagædd Raflands er nú rekin. Starfsfólk þessara tveggja verslana sameinaði krafta sína og því starfa í Raflandi vanir sérfræðingar, margir

með áratuga reynslu á sínu sviði.

Sjón er sögu ríkari. Skoðuðu fráþær tilboð á LG vörum í Raflandi að Síðumúla 2-4 eða í glæsilegri vefverslun á Rafland.is.



# Menning



## „Fyrirgefið þið ... takk!“

Sagði tónskáldið Daniel Bjarnason þegar hann kom í fjórða skiptið upp á svið til þess að taka við verðlaunum á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017 sem fóru fram í Hörpu á miðvikudagskvöld. Daniel var maður kvöldsins, var verðlaunaður fyrir plötuna Recurrence, óperuna Brothers og kvikmyndatónlistina við Undir trénu. Auk þess hlaut hann sérstaka viðurkenningu Samtóns og Íslensku tónlistarverðlaunanna.

# Á vígvelli hljóðanna

Skoski raftónlistarmaðurinn **Kode9** ræðir um djúpbassa, dubstep, hljóðrænan hernað og tölvuleikjatonlistina sem hann ætlar að spila á Sónar Reykjavík

Kristján Guðjónsson  
kristjan@dv.is



Mmhmm mmhhmm. Djúúúúpur bassi. Svo djúpur að þú heyrir hann varla með eyrunum heldur finnst þér eins og þú titrir innan með þér, lengst ofan í maga. Kannski finnur þú til ótta eða ónotatilfinningar vegna þessa undirliggjandi þunga, en kannski skapar þessi lágtíðniseyðingur algjörlega ný tengsl við tónlistina. Mmhmm mmhhmm.

Þess konar djúpbassi hefur verið eitt helsta einkennismerki og áhugamál skoska raftónlistarmannsins Kode9 allt frá því hann tók þátt í skapa hljóð tónlistarstefnunnar sem átti eftir að vera nefnd „dubstep“ í kringum aldamót. Tónlistin var innblásin af hægri bassadrifinni dub-tónlist frá afró-eyjaskeggjum Karabíska hafnsins og harðri danstónlist frá skítugum götum Lundúna: Jungle, UK Garage og 2-step-tónlist.

Kode9, sem heitir í raun og veru Steve Goodman, er eftirsóttur plötusnúður, hefur sent frá sér þrjár frábærar breiðskífur með tilraunakenndri raftónlist en hefur ekki síður haft áhrif á tónlistarlífið með rekstri hinnar framsæknun og hugmyndaríku plötuútgáfu Hyperdub, sem gefur út listamenn á borð við Burial, DJ Rashad, Hype Williams og Jessy Lanza. Goodman skapar hins vegar ekki bara og gefur út tónlist því hann er enn fremur þekktur fyrir heimspekileg skrif sín um tónlist og (ó)hljóða(ó)menningu.

Um helgina kemur Kode9 fram á tónlistarháttinni Sónar Reykjavík í Hörpu, en þar mun hann leika eigin bassadrifnu endurhljóðblandanir af japanskri tölvuleikjatonlist frá níunda áratugnum. Bládamadur DV hitti Steve Goodman á internetinu og spjallaði við hann um líkamleg áhrif tónlistar, harmrænar vinsældir dubstep-tónlistarinnar og óvænta snilldina í tölvuleikjatonlist.

### Hljóðin hafa áhrif á heilastarfsemina

„Ég hef verið að DJ-a frá 1991 ...“ svarar Steve þegar hann er spurður um hvaðan augljós ástríða hans, ekki bara fyrir tónlist heldur fyrir hljóðum almennt, spretti. En svo þagnar hann og hugsar sig um svolitla stund. „Viltu hreinskilnilega svarið eða það svar sem líklega færi best ofan í íslenskan almenning?“ spyr hann – og augljóslega vill bládamadur hreinskilnina.

„Jæja. Eins og hjá svo mörgum

í upphafi tíunda áratugarins þá byrjaði þetta með nokkrum ólíkum upplifunum á vímuefnum,“ segir Steve. „Eins og margir sem fóru á „reif“ á þessum árum fannst mér ég vera að upplifa tónlistina og hljóðin á mun djúpstæðari hátt en ég hafði gert áður í hversdagslífi mínu.

Þótt ég hafi ekki lært á hljóðfæri eða neitt svoleiðis hafði ég verið mjög áhugasamur um tónlist á unglingsárunum og kannski má segja að tónlistin hafi undirbúið mig fyrir upplifunina á vímuefnum. Tónlistin getur nefnilega líka gefið manni þessa undarlega annarlegu tilfinningu. Fólk talar oft um vímuefni sem hugvíkkandi, en mér finnst tónlistin líka geta haft þannig áhrif.

En þetta gerði það allavega að verkum að ég fór að velta því meira fyrir mér hvað var á bak við tónlistina sem ég fílaði, hvort sem það var sýrurökk frá áttunda áratugnum, djasstónlist eða bara hver sú tónlist sem hafði einhvers konar hugvíkkandi áhrif.“

Þetta skýrir þá kannski líka þennan fræðilega áhuga þinn á hljóðum sem efnislegu fyrirbæri, þrýstingsbylgjum sem geta haft bein áhrif á líkamann – það er tilfinning sem margir virðast upplifa á vímuefnum á dansgólfinu?

„Já, í þessu ástandi hættir tónlistin að vera eitthvað sem maður hlustar bara á og manni finnst hún einfaldlega hafa áhrif á heilastarfsemina eða hafa bókstaflega áhrif á líkamann. Hún er ekki eitthvað sem maður hlustar á passíft heldur finnst manni hún fara inn í mann og breyta því hvernig maður sér heiminn.“

### Jungle-tónlistin breytti öllu

Í kjölfar þessarar upplifunar af krafti tónlistar fór Steve að þeyta skífum í Edinborg þar sem hann stundaði háskólanám. Í upphafi var það sixtís og seventís fönk, rokk og sálartónlist, en fljótt fór hann að prófa sig áfram með house, hip-hop og hardcore – hljóðmynd hinnar nýju reif-senu.

„Í kringum 1993 heyrði ég svo jungle-tónlist í fyrsta skipti og þá fyrst fór ég að taka þetta alvarlega. Mér fannst eins og öll tónlistin sem ég hafði fílað áður kæmi saman í jungle og næstu fimm árin hlustaði ég ekki á neitt annað. Jungle breytti alveg nálgun minni á tónlist, þetta var ekki bara mjög kraftmikil tónlist heldur var hún í anda annarra ótónlistartengdra hluta sem ég hafði áhuga á. Þar var til dæmis mikið verið að „sampla“ brot úr vísindaskáldskap



Hljóðrænn þúsundþjalasmiður Auka þess að gefa út tónlist og þeyta skífum undir nafninu Kode9, rekur Skotinn Steve Goodman einnig hina virtu plötuútgáfu Hyperdub og skrifar heimspekilegar bækur um (ó)hljóðamenningu. MYND DAVID LEVENE

og þarna var áhugaverð nálgun á tæknina sem rímaði við það sem var að gerast í heiminum á þessum tíma. Þetta var á þeim tíma sem fyrsta bylgjan af spenningi vegna internetsins stóð yfir, það var algjör bylting að eiga sér stað í tölvutækni og mjög útbreidd tilfinning fyrir því að eitthvað mjög djúpstætt væri að breytast í heiminum vegna tækninnar.“

Tæknin var ekki bara að breyta tónlistinni heldur voru heimspekingar og fræðimenn að leita að nýrri nálgun til að skilja þennan sitengdari og tæknivædda heim. Goodman var í hringið þessara tilrauna í kringum aldamótin þar sem hann stundaði doktorsnám í heimspeki við háskólann í Warwick og var þar meðlimur í gagnmerkum hópi sem kallaðist Cybernetics Culture Research Unit, CCRU. Hópurinn tókst á við umbreytingar samtímans og nýstárleg poppmenningar-fyrirbæri á fræðilegan hátt en var á sama tíma undir miklum áhrifum frá óvenjulegum jaðarfræðum á borð við vísindaskáldskap, dulhyggju, veirufræðum og stýrifræð-

„Eins og hjá svo mörgum í upphafi tíunda áratugarins þá byrjaði þetta með nokkrum ólíkum upplifunum á vímuefnum.“

um. Meðlimir hópsins, á borð við Sadie Plant, Nick Land, Mark Fisher og Kodwo Eshun, áttu eftir að hafa gríðarlega mikil áhrif á næstu áratugum, í myndlist, tónlist og fræðasamfélaginu. Helsta viðfangsefni Goodmans var alltaf hljóð og tónlist. Hann segir þó að þetta hafi ekki aðeins verið viðfangsefni fræðilegrar hugsunar sinnar heldur hafi tónlistin haft bein áhrif á heimspekina.

„Tónlistin hafði mikil áhrif á hugsunina, ekki síst á mjög bókstaflegan hátt. Á meðan ég var að læra og skrifa var ég alltaf að hlusta á jungle-tónlist. Fingurnir á lyklaborðinu slógu á stafina í

takt við tónlistina, þannig að tónlistin mótaði takt skrifanna og hafði þannig áhrif á hugsunina,“ segir hann. „En svo var það líka hitt, að á tíunda áratugnum upplifði ég í fyrsta skipti virkilega góð stór hljóðkerfi og sá hvaða áhrif hljóð úr slíkum kerfum gefur haft á hópa fólks.“

Það er til dæmis sérstaklega eftirminnilegt þegar ég fór á götukarnivalið í Notting Hill í fyrsta skipti um miðjan tíunda áratuginn, ég stóð á svölunum í íbúð vinar míns og horfði niður á troðfulla götu af fólki dansa við jungle-tónlist. Þegar plötusnúðurinn lét „droppið“ falla í ákveðnu lagi varð hálfgerð sprenging í hópnunum. Það sem hafði litið út eins og tiltölulega rólegur mannfjöldi sprakk út og hreyfing músgins fór að minna á óeirðir eða einhverja hringiðu – og það voru hljóðin sem höfðu þessi áhrif.“

### Hljóðrænn stríðsrekstur

Goodman segir að þessi mynd af því hvernig hljóðin stýrðu mannfjöldanum hafi setið í honum og kannski verið einn helsti innblásturinn að bók sem hann skrif-





**Undirheimastrákar** Hljómsveitin Underworld var stofnuð í Bretlandi árið 1980 en forsprakkarnir eru 57 og 60 ára. Þeir ætla að trylla landann á Sónar um helgina. MYND PEROU

# SEXTUGIR UNDIRHEIMASTRÁKAR Á SÓNAR REYKJAVÍK

Tónlistarhátíðin fagnar 25 ára afmæli í Hörpu um helgina

MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR  
margret@dv.is



Tónlistarhátíðin Sónar Reykjavík fer fram dagana 16. og 17. mars á fjórum sviðum í Hörpu. Alls verður boðið upp á tónleika rúmlega 50 hljómsveita og listamanna á hátíðinni.

Sónar tónlistarhátíðin hófst í Barcelona árið 1994 en nú, 25 árum síðar sækja rúmlega hundrad þúsund tónlistarunnendur hátíðina á hverju sumri. Hátíðin er orðin að alþjóðlegu fyrirbæri en árlega fara Sónar hátíðir einnig fram í Istanbul, Hong Kong, Buenos Aires, Bogotá og síðast en ekki síst, – Reykjavík. Sónar fagnar 25 ára áfanganum með pomp og prakt og er fyrsti viðkomustaður hátíðarhaldanna í Reykjavík, á fyrstu Sónar-hátíð afmælisársins.

Ein af skrautfjöðrum hátíðarinnar í ár er breska hljómsveitin Underworld en hún er ein vinsælasta hljómsveit heims á sviði danstónlistar og hefur verið um árabíl. Í tilkynningu frá hátíðinni segir að sveitin eigi sér fáar líkar þegar komi að sviðsframkomu og sjónarspili á tónleikum. Underworld á að baki fjölmargar verðlaunaplötur og smelli á borð við Push Upstairs, Dark & Long, 2 Months Off, I Exhale, Jumbo og Cowgirl.

## TRYLLTU MEÐ TRASPOTTING

Aðkoma þeirra að hinna geysivinsælu kvikmynd Trainspotting, með Ewan McGregor í aðalhlutverki, hafði einnig sín áhrif á uppgang hljómsveitarinnar fyrir tæpum þremur áratugum en þar áttu þeir lagið Born Slippy sem óhætt er að segja að hafi staðið tímans tönn líkt og annað sem frá sveitinni kemur.

Gaman er að geta þess að



Gyða Lóa Ólafsdóttir

sama ár og Sónar var fyrst hleypt af stokkunum, það er 1994, kom Underworld einnig fram á Debut-tónleikum Bjarkar í Laugardalshöllinni, þá lítt þekktir rafpopparar. Í Bretlandi á hljómsveitin nú orðið gríðarlega stóran aðdáendahóp enda nýtur hún virðingar þar í landi og hlotnaðist meðal annars

sá heidur að koma fram á og leikstýra opnunarhátíð Ólympíuleikana í London árið 2012.

## FÓLKI FINNST HARPA GEGGJUÐ

Gyða Lóa Ólafsdóttir, fjölmiðlafulltrúi hátíðarinnar, er á sínu öðru starfsári með Sónar en hún

“Fólki finnst Harpa alveg geggjuð og ótrúlega spennandi að upplifa tónlistarhátíð í þessu húsi.

segir afmælishátíðina leggjast einstaklega vel í hóp þeirra sem að henni standa.

„Það er svo gaman að fá að halda þessa hátíð í Hörpu enda húsið með eindæmum fallett,“ segir Gyða glöð í bragði. Hún segir aðsókn erlendra gesta aldrei hafa verið meiri en í ár enda þykir íslenskt tónlistarlíf og tónlistarmening nokkuð einstök.

„Fólki finnst Harpa alveg geggjuð og ótrúlega spennandi að upplifa tónlistarhátíð í þessu húsi. Hátíðargestum þykir stærð hússins líka mjög heppileg en hér er stutt að rölta á milli viðburða samanborið við margar sambærilegar hátíðir erlendis. Svo finnst erlendu gestunum auðvitað mjög tilkomumikið að vera hérna við sjóinn og horfa Esjuna.“

## SÉRSTAKUR SÓNAR-GJALDMÍÐILL TIL AÐ STYTSTA RAÐIR

Gyða segist sérstaklega spennnt fyrir því að kynna sérstakan token-gjaldmiðil á hátíðinni en slíkt er mjög algengt á stórum viðburðum erlendis og kemur í veg fyrir að langar raðir myndist þegar fólk er að kaupa sér veitingar. „Með því að nota þessi token, sem eru eins konar litlir plastpeningar, sleppur fólk við umstang og bið. Það kaupir sér bara þessi token og notar yfir hátíðina en við verðum með sölustöðvar á fjórum stöðum í Hörpu.“

Áhugi og ást á tækniframförum hefur lengi lodað við þau sem

elska raf- og danstónlistarsenuna en þetta tvennt fer gjarnan hönd í hönd. Á Sónar fá tækninördin eitthvað fyrir sinn snúð en undir merkjum Sónarspils fara fram þrjú námskeið sem öll eru opin almenningi. Í þessari hliðardagskrá verður framúrsteftnuleg sýndarveruleikareynsla sett í gang, stjórnþæki framtíðarinnar prufukeyrð og listrænar vefsíður sýndar svo fátt eitt sé nefnt. Þá geta áhugasamir lært að búa til sínar eigin fjarstýringar og kennslan er ókeypis þótt einhver efniskostnaður falli til.

## EINS OG STÓRKOSTLEG TÍSKUSÝNING

Líkt og flestir vita er danstónlistarsenun ein og við þekkjum hana orðin um þrjátíu til fjórtíu ára þótt raftónlistin sé miklu eldri. Segja má að upptök senunnar megi rekja til Acid House-reifanna svokölluðu sem spruttu upp í Chicago milli 1980 til 1990. Þá tóku dansglaðir sig saman og settu upp danspartí, helst á afviknum stöðum, til dæmis í tómsum vöruskemmmum, svo var dansað fram á morgun við raftónlist. Menningin barst fljótlega til Bretlands en Underworld var til að mynda upphaflega stofnuð árið 1980 og forsprakkar hennar, Carl Hyde og Rick Smith, eru nú báðir í kringum sextugt.

„Þetta er ótrúlega lifandi og skemmtileg sena og á Sónar-hátíðina kemur alls konar fólk sem er á öllum aldri,“ segir Gyða og bætir við að sérstaklega gaman sé að virða fyrir sér klæðaburð gestanna sem margir hverjir leggi greinilega upp úr smartheitunum. „Týpunar sem sækja hátíðina heim eru alls konar og á köflum verður Sónar-hátíðin eins og stórkostleg tískusýning í leiðinni,“ segir Gyða Lóa að lokum.

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



# HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

## SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30-15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. [www.kaenan.is](http://www.kaenan.is) [info@kaenan.is](mailto:info@kaenan.is)



# SPARAÐI 200.000 KRÓNUR FYRIR HÁDEGI

Hefur þú hugmynd um í hvað peningarnir þínir fara?

Margrét H. Gústavsdóttir  
margret@dv.is



Meðan Norðmenn taka strætó í vinnuna og fá sér heimabakað brauð í hádeginu eru yfirdráttarlán hversdagsleg fyrirbæri hjá Íslendingum og flest notum við kreditkortin óspart fyrir daglega neyslu. Ólíkt nágrönnum okkar á hinum Norðurlöndunum, þar sem sparnaður þykir hin mesta dyggð, höldum við fæst heimilisbókhald og sumir forðast jafnvel að skoða stöðuna í heimabankanum og uppskera fyrir vikið þunglyndi og kvíða.

Blaðamaður heyrði í Finni Pálma Magnússyni, vöruhönnuði hjá Meniga, en undanfarin ár hefur hann rannsakað fjármálahegðun landans og notast við ýmis töl og tæki til þeirrar greiningar. Meðal annars hefur hann stuðst við bandaríska rannsókn sem greinir fjármálahegðun einstaklinga út frá persónuleikum þess samkvæmt „Big 5 personality traits“ sálfræðigreiningunni sem margir

kannast við. Sú gengur út á að flokka fólk út frá fimm grunneiginleikum og einn þeirra er þá ríkjandi í persónuleika hvers og eins.

#### PERSÓNUGERÐIRNAR ERU:

- Neikvæð/taugaveikluð (negative emotionality/neuroticism)
- Úthverf (extraversion)
- Opinn (openness to experience)
- Samvinnuþýð (agreeableness)
- Samviskusöm (conscientiousness)

Finnur Pálmi segir að niðurstöðurnar hafi meðal annars leitt í ljós að þau samviskusömu virðast huga betur að eigin fjármálum en til dæmis opna og úthverfa fólk.

„Þetta eru týpunar sem njóta þess að setja hlutina upp í Excel og skoða línurit. Þetta eru bara ákveðnar manngerðir sem eru oft metnaðarfullar og langar til að skora hátt í lífinu. Það þarf þannig ekki að koma á óvart að þau séu með peningamálin sín í lagi öflugt við „taugaveiklaða“ fólk sem ýmist skoðar stöðuna óreglulega, eða hreinlega ekki neitt,“ útskýrir Finnur sem auglýsti einmitt sérstaklega eftir einstaklingum sem

“ Hún fylltist kvíða við tilhugsunina um að líta inn á heimabankann sinn og gerði það ekki fyrr en við kassann í Bónus þegar allt var komið í strand. Þá tók hún upp símann og millifærði til að geta greitt fyrir vörurnar.

höfðu aldrei stuðst við heimilisbókhald þegar unnið var að gerð nýjustu útgáfunnar af Meniga-smáforritinu.

#### LEIÐIR AF SÉR KVÍÐA OG ÞUNGLYNDI

„Við kölluðum eftir fólk sem hefur aldrei átt sparnaðarreikning og á erfitt með að ná endum saman.

Í stuttu máli leituðum við að fólk sem hatar bókhalds- og peningamál og myndi þannig vera síðasti hópurinn sem notar smáforritið. Viðbrögðin voru góð og niðurstöðurnar leiddu merkilega hluti í ljós. Við ræddum til dæmis við konu sem fékk krakkana sína ekki lengur til að fara með sér út í Bónus því þau skömmuðust sín svo þegar hún fékk synjun á kassanum. Vandinn var ekki sá að hún ætti ekki fyrir vörunum heldur hafði hún enga yfirsýn yfir fjármálin. Hún fylltist kvíða við tilhugsunina um að líta inn á heimabankann sinn og gerði það ekki fyrr en við kassann í Bónus þegar allt var komið í strand. Þá tók hún upp símann og millifærði til að geta greitt fyrir vörurnar,“ segir Finnur og nefnir í leiðinni að óstjórn í eigin fjármálum geti aukið verulega á kvíða og þunglyndi en ófáir Íslendinga notast við lyf gegn hvorutveggja.

„Þegar ég heyrði sögu þessarar konu þá langaði mig til að leggja sértaka áherslu á að gera eitthvað til að hjálpa þessu fólk. Í raun væri það betra markmið en að hjálpa

þeim sem eru með allt á tæru hvort sem er.“

#### PENINGARNIR FARA BARA EITTHVERT

Nýja útgáfan af Meniga-smáforritinu þykir mjög aðgengileg og notendavæn en hönnunin hlaut Lúðurinn á dögumum. Þau verðlaun eru afhent af íslensku auglýsingafólki fyrir frumlegar, skapandi og snjallar hugmyndir sem eru útfærðar á framúrskarandi hátt.

Í smáforritinu er hægt að fylgjast með eigin tekjum og útgjöldum á mjög myndrænan og skiljanlegan máta og tilgangurinn er einmitt að höfða til þeirra sem haldin eru einhvers konar fjármála-, talna-, Excel-óttu og hjálpa þeim að ná tökum á stöðunni.

Finnur telur að sjálfvirkni í raf-rænum bankaviðskiptum hafi gert að verkum að margir fylgjast mikið minna með stöðunni.

„Við fáum bara launin okkar, svo fara peningarnir bara eitthvert án þess að við hugsum út í það. Allt í einu eru peningarnir bara búnir í lok hvers mánaðar og maður er alveg hissa. Samt er hægt



**Sparnaður**  
Finnur Pálmi segir að með því að gera örlitlar breytingar á venjum og háttum geti fólk sparað sér háar fjárhæðir á hverju ári. Sjálfur á hann ekki bíl en notar aftur á móti um 30.000 krónur á mánuði í leigubíla.

MYND SIGTRYGGUR ARI



Fjármálapabbi Finnur Pálmi með dóttur sinni Sögu.

að bæta stöðuna til muna, aðeins með því að kanna hvert peningarnir fara og gera viðeigandi breytingar," segir hann og vitnar í rannsókn sem gerð var við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Þar var gerður samanburður á sparnaði þeirra sem skráðu sig inn á smáforritið og héldu síðan áfram að nota það, – og svo þeim sem skráðu sig en notuðu ekki áfram.

„Þeim reiknaðist til að þau sem notuðu smáforritið reglulega, spöruðu að minnsta kosti 300 krónur við hverja innskráningu. Sparnaðurinn fékkst aðallega með því að sleppa við að borga yfirdráttargjöld, vexti og þess háttar.“

**SPARAÐI 200.000 Í ÁSKRIFTIR**

Finnur bendir á að mjög margir séu nánast að kasta peningum út um gluggann með því að fylgjast ekki með kortayfirliti hjá sér. Fólk sé til dæmis að greiða alls konar áskriftir af afþreyingarefni á netinu án þess að njóta þess en með því að segja einhverju af þessu upp sé hægt að spara nokkuð háar upphæðir á ári.

„Ég talaði til dæmis við einn sem sparaði sér 200.000 krónur á ári með því að segja upp alls konar svona áskriftum. Þetta gerði hann bara fyrir hádegi. Settist niður fyrir framan tölvuna. Skoðaði í hvað peningarnir voru að fara og sagði svo upp því sem enginn var að

nota," segir Finnur en sjálfur er hann bara með áskrift að Netflix og Spotify og hjólar yfirleitt í vinnuna.

**NOTAR 30.000 KRÓNUR Í LEIGUBÍLA Á MÁNUÐI**

„Þegar ég fór að skoða bensín-

## 5 SKREF TIL AÐ NÁ BETRI TÖKUM Á FJÁRMÁLUNUM

Finnur Pálmi hjá Meniga leggur til að við gerum eftirfarandi til að ná betur utan um peningamálin.

- 1. Tékkaðu á stöðunni tvisvar í viku**  
Hvað ertu með í tekjur og hver eru útgjöld þín? Skoðaðu þetta tvisvar sinnum í viku. Ef þú gerir það þá er hægt að forðast að safna upp sektum og lenda í óþarfa vandræðum.
- 2. Eyddu minna en þú aflar**  
Þegar þú veist hvað þú ert með í tekjur og hver útgjöldin eru þá er næsta skref að eyða minna en maður aflar.
- 3. Settu restina í sparnað**  
Ef þér tekst að eyða minna en þú aflar, þá skaltu taka afganginn og leggja inn á sparnaðarreikning.
- 4. Búðu til varasjóð**  
Safnaðu upp í ein eða tvö mánaðarlaun til að bregðast við óvæntum útgjöldum. Ef þú gerir það þá þarftu ekki að taka yfirdrátt þegar ísskápurinn eða bíllinn bílar.
- 5. Breyttu um venjur**  
Skipuleggðu matarinnkaupin betur. Prófaðu að vera án tveggja bíla í einn mánuð og sjáðu hvernig gengur. Finndu leiðir til að skora á sjálfa/n þig og breyta út af vananum.



kostnaðinn hjá mér komst ég að því að ég var að eyða að minnsta kosti 30 þúsund krónum í bensín á mánuði. Ég ákvað því að prófa að nota frekar 30.000 eða minna í leigubíla og spara það sem fer í rekstur og tryggingar á bílnum. Nú nota ég aðallega reiðhjól til að komast á milli staða, strætó og leigubíla. Auðvitað er frekar krefjandi að gera svona lífsstílsbreytingar og fólk þarf að peppa sig svolítið upp í það, en það margborgar sig þegar fram líða stundir," segir Finnur og bætir við að samkvæmt rannsóknum Meniga séu flestir Íslendingar til í að breyta venjum sínum þegar safnað er upp í útborgun á nýju húsnæði.

„Flestir sem eru að safna sér peningum á Íslandi eru að því til að eiga fyrir nýrri íbúð. Þá er fólk að leggja kannski helming launanna fyrir, lifir spart og þykir það ekkert til að skammast sín fyrir. Hér á Íslandi hefur hins vegar alltaf verið mikil lífsstílspressa í gangi og fólk ber sig kannski óþarflega mikið saman við lífsstíl náungans en áttar sig kannski ekki á því að mögulega er lítil innistæða fyrir eignum hans.“

**FÁ SJOKK YFIR ÞVÍ HVERSU MIKIÐ FER Í MATARINNKAUP**

Spurður að því hvað hann ráðleggi venjulegu fólk að gera til að ná tókum á peningamálu sínum og koma sér úr mínus í plús segir hann það í raun frekar einfalt.

„Útgangspunkturinn er auðvitað alltaf að eyða minna en maður aflar. Svo er það algjört grundvallaratriði að vita hver útgjöldin eru í hverjum mánuði, hversu mikið af peningum er væntanlegt um mánaðamót, – og svo er bara að passa að eyða ekki meira en maður aflar. Næstu skref eru síðan að brjóta neysluna niður. Skoða í hvað peningarnir eru fara. Föt, tryggingar, veitingastaðir? Hvað ertu að gera við peningana þína? Veistu það? Fólk fær stundum algjört sjokk þegar það áttar sig á

“ Hér á Íslandi hefur hins vegar alltaf verið mikil lífsstílspressa í gangi og fólk ber sig kannski óþarflega mikið saman við lífsstíl náungans en áttar sig kannski ekki á því að mögulega er lítil innistæða fyrir eignum hans.

hverju það er að eyða í mat og veitingastaði og mörgum finnst erfitt að horfast í augun við það.“

**PENINGAR MEIRA TABÚ EN KYNLÍF**

Að lokum ræðum við aðeins leyndina sem vanalega er í hávegum höfð þegar kemur að peningamálum landans en að sögn Breka Karlssonar, hjá Stofnun um fjármálalæsi, er líklegra að íslenskir foreldrar séu til í að ræða kynlífsmál við börnin sín frekar en fjármálin. Flestir vinnuveitendur biðja starfsmenn að ræða ekki launatölur sín á milli og persónuleg fjármál eru ekki kennd í grunnskólum.

„Þetta er undarlega mikið feimnismál og sjálfur hef ég stundum stuðað vinarhópinn með því að bera saman útgjöld okkar. Vínafólk mitt varð til að mynda ekkert sérstaklega sátt að heyrja að ég eyddi þrjátíu prósentum minna í mat á mánuði bara með því að plana matarinnkaupin fyrirfram. Svo heyrði ég af einhverju kaffistofuspjalli þar sem tveir Meniganotendur voru að bera saman tölur. Einn ók um á Yaris meðan hinn átti tvo ameríska bensíntrukka. Sá fékk áfall þegar hann heyrði hvað eigandi Yaris var að nota í bensín á mánuði, rauk til og seldi annan bílinn og skellti sér svo í góða utanlandsferð.“



**Girnilegt!**  
Heimagert  
pasta er meðal  
kræsinga á  
matseðlinum.

## Sjá hvalina

# koma syndandi inn fjörðinn

Margrét H. Gústavsdóttir  
margret@dv.is



S ex kílómetra frá Þjóð-vegi 1, nánar tiltekið við Strandgötu 1 á Hvamms-tanga stendur veitingastaðurinn Sjávarborg en hann er rekinn af þeim hjónum Hrund Jóhannsdóttur og Gunnari Páli Helgasyni.

„Við opnuðum staðinn í mars 2015 en forsöguna má rekja til foreldra minna sem hófu rekstur ferðapjónustunnar Gauksmýri fyrir rúmlega tuttugu árum. Fyrir þremur árum auglýsti svo sveitarfélagið eftir rekstraraðilum til að sjá um skólamötuneytið í grunnskóla Húnaþings vestra og reka veitingastað samhliða því. Eini veitingastaðurinn á svæðinu á þeim tíma var söluskálinn sem bauð bara upp á skyndibita, sem er gott og gilt, þótt gaman sé að bjóða upp á fleiri möguleika og breiðara úrval. Foreldrar mínir fengu verkið en við maðurinn minn komum inn í reksturinn árið 2016 og tókum fljótlega alfarið við daglegum rekstri.“

Hrund segir þau hjónin bæði hafa mikinn metnað fyrir því að elda ferskan mat og helst reyni þau að sækja hráefnin á næstu bæi, landbúnaðarafurðir og annað.

„Við erum með frábært starfsfólk sem hefur veitt okkur innblástur í þessum efnum, – og þótt það hljómi svolítið sveitalaga, þá viljum við alls ekki vera neitt síðri en bestu veitingastaðirnir í Reykjavík,“ segir Hrund og bætir við að umhverfið og hönnun staðarins hvetji þau til að gefa ekkert eftir í metnaðinum enda hvort tveggja nýstárlegt og fallegt.

„Sjávarborg er staðsett alveg




**Metnaðarfull hjón** Þau Gunnar Páll og Hrund teggja mikinn metnað í að bjóða upp á ferskan mat og vilja að Sjávarborg standi bestu veitingastöðum Reykjavíkur á sporði. MYND NATALIA GROCIAK

„Borðin eru smíðuð úr bobbingum, ljósín í loftinu eru gamlar kræklingabaujur og barinn er steypur úr fjörugrjóti.“

við fjöruna í Hvammstanga, á efri hæð Selaseturs Íslands, og því fannst okkur nærtækast að bjóða aðallega upp á sjávarfang. Stundum koma líka hvalir syndandi inn í fjörðinn, sérstaklega á haustin, og þá er bara hægt að horfa á þá út um gluggann á veitingastaðnum. Stundum horfir fólk svo mikið út á sjó að maður þarf að láta það vita að maturinn sé kominn á borðið,“ segir Hrund og skellir upp úr.

Húsið þjónaði áður þeim tilgangi að vera frystihús fyrir gamla



**Nýstárlegt og fallegt** Húsnæði veitingastaðarins þjónaði áður þeim tilgangi að vera frystihús fyrir sláturfélag bæjarins og er enn í eigu Kaupfélags Vestur-Húnvetninga. MYND NATALIA GROCIAK



**Hvað er í soðið?** Fiskur dagsins er vinsælasti rétturinn hjá Sjávarborg og útfærslan er mismunandi eftir því hvað veiðist þann daginn. MYND NATALIA GROCIAK

sláturhúsið í bænum en Kaupfélag Vestur-Húnvetninga á sjálfa bygginguna.

„Borðin eru smíðuð úr bobbingum, ljósín í loftinu eru gamlar kræklingabaujur, barinn er steypur úr fjörugrjóti, krókarnir sem kjótið hékk á eru nýttir sem fata-

hengi og svo mætti lengi telja. Það er mjög gaman að skoða hvernig allir þessir hlutir hafa fengið nýtt hlutverk í breyttu samhengi og við erum mjög ánægð með útkomuna og stolt af henni.“

Hver er vinsælasti rétturinn á matseðlinum hjá ykkur?

„Við erum alltaf með fisk dagsins og útfærslan á honum er mismunandi eftir því hvað veiðist þann daginn. Fiskur dagsins er mjög vinsæll, sérstaklega hjá ferðamönnum, en heimamenn eru mjög hrifnir af hamburgaranum. Við bjóðum upp á 200 gramma hamburgara með heimagerðu majónesi og svo er alltaf hamburgari vikunnar sem margir bíða spenntir eftir.“

Yfir vetrartímamann bjóðum við upp á rétt dagsins í hádeginu, en það er sami matur og er eldaður fyrir skólann en veitingahúsið er svo aftur opið frá klukkan 17 til 22 (eldhúsinu er lokað kl. 21.00). Um helgar og á sumrin er opið allan daginn frá 11.00 til 21.00 en við stefnum á að hafa eldhúsið opið til klukkan 22.00 í júlí og ágúst til að koma til móts við ferðamennina. Staðurinn getur tekið alveg upp í 120 manns í sæti svo stundum koma heilu rúturnar til okkar.“

# Í skugga Sveins

Stórskemmtilegur gamansöngleikur  
eftir Karl Ágúst Úlfsson



„Fyrirtaks skemmtun  
fyrir unga jafnt sem aldna“  
Silja Huldudóttir Morgunblaðið

„Það er svo sannarlega bjart yfir skugga  
Sveins. Drífi sig nú hver sem getur  
í Gaflaraleikhúsið“

Jakob Jónsson, Kvinnablaðið

„Þar með hefst galdraverkið, spuninn.  
Aldeilis ótrúlegt! Ekkert hik, engar tafir“  
Bryndís Schram DV

Rammíslenskur gamansöngleikur  
eftir Karl Ágúst Úlfsson

sunnudag 18. mars kl 16.00

sunnudag 25. mars kl 16.00

midi.is

Gaflaraleikhúsið



# „ALDREI VALKOSTUR AÐ BROTNNA SAMAN“

Sumu fólki virðast þau örlög búin að taka út áföll og áskoranir heillar mannsævi á nokkrum árum. **Rannveig Grétarsdóttir** er ein þeirra en aðeins 32 ára stóð hún uppi sem ekkja, einstæð móðir tveggja dætra og eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækis sem í dag er meðal þeirra öflugustu á landinu.

Margrét H. Gústavsdóttir  
margret@dv.is



Sumu fólki virðast þau örlög búin að taka út áföll og áskoranir heillar mannsævi á nokkrum árum. Rannveig Grétarsdóttir er

ein þeirra en aðeins 32 ára stóð hún uppi sem ekkja, einstæð móðir tveggja dætra og eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækis sem í dag er meðal þeirra öflugustu á landinu.

Þótt Rannveig hafi alist upp í Hafnarfirði titlar hún sig ekki sem

Gaflara enda fædd í Reykjavík, nánar tiltekið í byrjun desember árið 1967. Hún sleit barnsskónum í Norðurbænum hjá foreldrum sínum, þeim Björgu Kristjánsdóttur og Grétari Sveinssyni, og tveimur systkinum, þeim Sveini Ómari og Þórunni. Rannveig var miðjubarn en Sveinn er sex árum yngri og Þórunn tveimur árum eldri. Systkinin þrjú voru ekki há í loftinu þegar þau byrjuðu að vinna í fjölskyldufyrirtækinu en faðir þeirra rak Steypustál, verktakafyrirtæki sem sá aðallega um hitaveitu og símalagnir fyrir ríki og borg.

„Mínar minningar frá unglingsárum eru meðal annars frá

því að borða hádegismatinn með kórlunum á Smíðjukaffi og fara svo að moka skurði og mæla út, hreinsa hitaveitubrunna og leggja leiðslur,“ segir Rannveig og hlær en aðeins sextán ára var hún líka komin í skrifstofuvinnu hjá föður sínum og tók þá að sér að reikna út launin.

## LÉT EKKI BJÓÐA SÉR KYNBUNDNA MISMUNUN

Eins og við er að búast var Rannveig eina stelpa sem vann þessi verkamannastörf hjá fyrirtækinu. Hún segist lítið hafa fundið fyrir fordómum frá strákunum en þá sjaldan að einhver leiðindi komu

upp lét hún ekki bjóða sér þau. „Ef ég fann að þeir voru eitthvað dónalegir við mig, einungis af því ég var stelpa, þá lagði ég inn formlega kvörtun, alveg öskureið. Ég lét engan komast upp með að sýna mér einhverja vanvirðingu bara af því ég var stelpa enda vann ég sömu störf og strákarnir,“ segir Rannveig.

Í uppeldi hennar var mikil áhersla lögð á að vinnusemi væri dyggð og helst átti fólk að vinna mikið. Grétar, faðir Rannveigar, var sjálfur einbirni en móðir hans var það foreldri sem dró björg í bú.

„Okkur þótti alltaf eðlilegt að ganga í hvaða störf sem var og



“Ég gleymi því aldrei þegar hann spurði hvort hann þyrfti að vera með hnífinn í bakinu til að fá hjálp.



Sara, Rannveig og Björg „Í dag á ég tvö barnabörn og tvær dætur og ég held að samband okkar gæti ekki verið betra. Þótt þær hafi vissulega átt erfitt tímabil þá spjara þær sig vel í dag.“ MYND SIGURJÓN RAGNAR

bakslag í hann sem varð til þess að svona fór,” segir Rannveig alvarleg í bragði.

**HRINGDI Á GEÐDEILD OG VAR SAGT AÐ KOMA Á MÁNUDAGINN**

Líkt og fleiri hefur hún skoðanir á því sem betur mætti fara í geðheilbrigðismálum landans en upp á síðkastið hafa kröfur um úrlausnir orðið æ meira áberandi. Rannveig ber þunglyndi saman við sjúkdóma á borð við krabbamein og segir að sér þyki ekki rétt að annar þeirra sé feimnismál en hinn ekki. Til að flýta fyrir úrbótum sé eðlilegast að talað sé um hlutina.

„Skömmu áður en hann tók þá ákvörðun að hætta á lyfjunum hringdi hann upp á geðdeild í miklu kvíðakasti. Hann sárvantaði aðstoð en honum var bara sagt að koma á mánudaginn. Ég gleymi því aldrei þegar hann spurði hvort hann þyrfti að vera með hnífinn í bakinu til að fá hjálp. Hann var við það að stökkva fram af svölunum því honum leið svo illa og svo er honum sagt að koma á mánudaginn,” segir hún og strýkur tár úr hvarmi.

„Þegar maki manns verður svona veikur þá hefur það mikil áhrif á mann. Maður er alltaf að reyna að hjálpa eitthvað til en veit ekkert hvað er réttast að gera. Ég mun eflaust aldrei losna við þá hugsun að ég hefði eflaust getað gert eitthvað meira fyrir hann en á sama tíma verð ég að minna mig á að maður getur aldrei borið ábyrgð á lífi annarra. Þetta hef ég þurft að gera fyrir sjálfa mig, svo að ég geti haldið áfram og búið börnum mínum góða framtíð og gott líf. Í dag á ég tvö barnabörn og tvær dætur og ég held að samband okkar gæti ekki verið betra. Þótt þær hafi vissulega átt erfitt tímabil þá spjara þær sig vel í dag. Ef maður ímyndar sér að pabbi þeirra hefði dáið úr krabbameini þá hefðu viðbrögðin kannski verið öðruvísi. Mamma mín barðist til dæmis við krabbamein í mörg ár og fór á milli lækna til að fá bót meina sinna. Það dregur auðvitað af bæði sjúklingum og aðstandendum þegar þetta gengur illa en þegar fólk er með krabbamein þá virðast allir gera sér betur grein fyrir því hvar mörkin liggja og hvernig á að höndla málin.“

**FÉKK ENGA ÁFALLAHJÁLP OG HEFÐI VERIÐ SKILIN EIN EFTIR**

Hún segir að oft komi fát á fólk þegar hún segi frá því að maðurinn hennar hafi svipt sig lífi. Þá biðji það oft afsökunar en það segir hún að sé óþarfi.

„Ef hann hefði látist úr öðrum sjúkdómi efa ég að fólk myndi

**STJÓRNARSETA RANNVEIGAR**

- Frá 2016 - Hvalaskoðun Akureyri ehf., stjórnarformaður.
- Frá 2015 - Sea Safari ehf.
- Frá 2015 - Íslandstofa, Fagræð ferðaþjónustunnar.
- Frá 2014 - Samtök atvinnulífsins (SA).
- Frá 2014 - Formaður Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins (FSH).
- Frá 2013 - Stjórn Íslenska ferðaklasans.
- Frá 2012 - Samtök ferðaþjónustunnar (SAF).
- Frá 2012 - Elding veitingar ehf. (MAR).
- Frá 2000 - Hvalaskoðun Reykjavík ehf. (Elding).
- Frá 2004 - Grétar Sveinsson ehf.
- Frá 1998 - Steypustál ehf.

“Ég var samt svo heppin að vinkona mín sem var úti að hlaupa kom að húsinu meðan sjúkrabílarnir voru þarna fyrir utan. Hún tók mig alveg að sér og fór með mig heim til sín. Ef hana hefði ekki borið að garði hefði ég verið skilin eftir ein í algjöru áfalli.

biðjast afsökunar á spurningunni. Þetta var bara það sem gerðist. Það sviptir sig enginn lífi nema vera alvarlega veikur. Hann glímdi ekki við áfengis-, peninga- eða fíknarvanda en leið hins vegar miklar sálrænar kvalir af völdum þunglyndis. Þegar ég spái í það finnst mér lítið hafa breyst í geðheilbrigðismálum á þessum átján árum. Við dætur mínar fengum til dæmis enga áfallahjálp í kjölfarið en vinnuveitendur mínir á Stöð 2 reyndust vel með því að útvega okkur sálfræðiástoð og hvíldardvöl á Akureyri. Þegar maður kemur svona að maka sínum, eins og ég gerði, þá fær maður gríðarlegt áfall og ég man í raun lítið eftir því sem gerðist. Það er allt í móðu. Ég var samt svo heppin að vinkona mín sem var úti að hlaupa kom að húsinu meðan sjúkrabílarnir voru þarna fyrir utan. Hún tók mig alveg að sér og fór með mig heim til sín. Ef hana hefði ekki borið að garði hefði ég verið skilin eftir ein í algjöru áfalli. Stundum velti ég því fyrir mér hvað þurfi að gera til að koma þessum málum í lag en eitt veit ég þó, að það ætti ekki að vísa veiku fólk frá og segja því að koma aftur eftir nokkra daga þegar það biður um hjálp. Hvað aðstandendur varðar þá á ég sjálf því láni að fagna að eiga samhaldna fjöl-

skyldu og margra góða vini en ég get ekki ímyndað mér hvernig fólk sem hefur ekkert bakland og lendir í svona áfalli fer að.“

**VAR ORÐIN SÉRFRÆÐINGUR Í JARÐARFÖRUM**

Það má segja að þessi fimm ár í lífi Rannveigar, frá aldamótum til ársins 2005, hafi vægast sagt verið örlagarík. Fljótlega eftir fráfall eiginmannsins lést móðir hennar úr krabbameini, aðeins 55 ára, og skömmu síðar urðu tvær góðar vinkonur undir í baráttunni við sama sjúkdóm. Á sama tíma var hún að byggja upp fyrirtæki, skipta um starf og á kafi í háskólanámi.

„Á tímabili fannst mér ég vera orðin sérfræðingur í jarðarförum en þetta snerist bara um að halda áfram, halda áfram, halda áfram. Auðvitað gerir maður aldrei allt rétt og kannski hefði ég ekki átt að færast svona mikið í fang en einhvern veginn kemst maður samt í gegnum þetta allt. Ég vildi sýna dætrum mínum að lífið héldi áfram. Kannski hefði ekki verið verra að brotna bara strax niður í stað þess að upplifa það gerast smám saman, – en ég veit það ekki? Ég velti því oft fyrir mér hvað hefði verið réttast að gera en niðurstaðan er alltaf sú sama; það er ekkert eitt rétt í svona stöðu. Við erum eins misjöfn og við erum mörg og þess vegna eru sorgarviðbrögðin okkar alltaf rétt, sama hver þau eru. Það eina sem ég vissi var að fyrir sjálfa mig var það aldrei valkostur að brotna saman. Ef ég hefði gert það þá hefði það komið niður á börmunum mínum og öllum í kringum mig og það vildi ég ekki.“

**SLAKAR Á MEÐ ÞVÍ AD STEMMA BÓKHALDIÐ AF**

Við vendum kvæði okkar í kross og snúum talinu að Eldingu, fyrirtækinu sem síðasta áratuginn hefur verið með þeim allra fremstu í ferðaþjónustunni. Hagnaður ársins 2015 var 93 milljónir en veltan var 871 milljón árið 2016 og tæpar 688 milljónir árið áður. Eigið fé Eldingar var aftur rúmar 253 milljónir árið 2016.

„Ef ég þarf að róa mig niður ▶

Rannveig Grétarsdóttir „Á tímabili fannst mér ég vera orðin sérfræðingur í jarðarförum en þetta snerist um að halda áfram, halda áfram, halda áfram.“ MYND SIGTRYGGUR ARI

það skipti engu máli af hvaða kyni maður var. Málið var bara að sýna dugnað og halda áfram enda enginn sem gerir hlutina fyrir mann,” segir Rannveig en fjölskyldufyrirtækið Elding var stofnað árið 2000 að frumkvæði föður hennar sem er gríðarlegur áhuga maður um bátana. Þá vann hún sem deildarstjóri fjármáladeildar hjá Stöð 2 en þar starfaði hún frá 1996 til 2003.

**TÓK SVEFNLYF OG SETTI BÍLINN Í GANG**

Að loknu stúdentsprófi frá Flensborg hóf Rannveig nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands en henni leiddist þar og hætti því innan tveggja ára. Þá skráði hún sig í iðnrekstrarfræði hjá Tækniskólanum og hún segir að það nám hafi átt mikið betur við sig.

„Maður þurfti ekki að sitja í 150 manna sal og hlusta á fyrirlestra heldur vorum við þarna sextíu manna bekkur að vinna saman í náminu. Það var mikið um hópstarf og verkefnavinnu og bara allt öðruvísi andrúmsloft sem hentaði mér mikið betur. Við, bekkurinn úr Tækniskólanum, höldum enn hópinn í dag og hittumst reglulega,

segir Rannveig sem gekk einnig í það heilaga á námsárunum, gekk með tvö börn og byggði einbýlishús ásamt eiginmanninum sem var líka æskuástin hennar.

Þau kynntust aðeins fjórtán ára í sumarvinnu hjá föður Rannveigar. Hann hét Sigmundur Jóhannesson og var húsasmíðameistari. Rannveig og Sigmundur voru jafnaldrar og miklir félagar. Þau fóru að vera saman þegar bæði voru átján ára og fjórum árum síðar giftu þau sig. Þegar þau höfðu verið gift í sjö til átta ár fór að bera á kvíða og þunglyndi hjá Sigmundi sem síðar dró hann til dauða.

Þann 13. ágúst árið 2000 kom Rannveig að honum látnum í bílskúrnum á heimili þeirra. Hann hafði tekið svefnlyf og sett bílinn í gang.

„Hann var búinn að glíma við kvíða og þunglyndi í tvö til þrjú ár og hafði reynt margt til að fá bót meina sinna bæði hjá geðlæknum og annars staðar. Í maí gafst hann svo allt í einu upp á því að reyna og hætti á öllum lyfjum. Fyrst um sinn virtist allt ganga vel og hann var eins og draumur um sumarið en í byrjun ágúst kom svo eitthvert

„Ég held sérstaklega upp á bréf sem ég fékk frá einum bankanum. Í því stendur að bankinn hafi takmarkaða trú á ferðapjónustu og því síður hvalaskoðun.

Þá fer ég að stemma af bókhaldið,“ segir hún og brosir út í annað. „Ég ætlaði mér alltaf að halda áfram að starfa við bókhald en um leið og ég byrjaði í ferðapjónustunni fann ég hvað það átti vel við mig enda er maður alltaf að hitta skemmtilegt fólk í þessu starfi.“

Eldingu var upphaflega ýtt úr vör í Sandgerði þar sem frænka fjölskyldunnar rak veitingastað. Hvalaskoðunarferðirnar áttu bara að vera viðbót fyrir ferðamenn sem þangað komu en fljótlega ákvað fjölskyldan að færa bátinn í Hafnarfjörð, þar sem fáir áttu leið um Sandgerði og sjólagið mun betra í Faxaflóa.

„Fyrst átti þetta bara að vera aukabúgrein en þegar ég hóf MBA-námið árið 2002 ákvað ég að segja starfinu hjá Stöð 2 lausu og einbeita mér alveg að Eldingu. Ég notaði námið til að finna út hvert ég ætlaði mér með þetta fyrirtæki og skrifaði lokaritgerð um stefnumótunina. Ákvað til dæmis strax að við ætluðum að vera umhverfisvæn, sölu- og markaðsdrifin, bjóða bestu þjónustuna og vera með flottustu bátana. Öðru hverju tek ég þetta lokaverkefni upp og vinn nýjar greiningar upp úr því enda tel ég að það hafi á margan hátt lagt grunninn að því hversu vel hefur gengið.“

#### BRÖSÓTTUR REKSTUR Í BYRJUN

Þó er ekki hægt að segja að Elding, frekar en annað í lífi Rannveigar, hafi gengið áreynslulaust fyrir sig. Reksturinn var brösuglegur til að byrja með og oft voru þau að því komin að leggja árar í bát. Árið 2005 tók hins vegar tilveran nýja stefnu og síðan hefur leiðin bara legið upp á við. Hápunktinum náðu þau árið 2009 en rétt fyrir hrun tók Rannveig þá skynsamlegu ákvörðun að setja verðskrána upp í evrum.

Síðasti áratugur hefur verið ævintýri líkastur enda dró ferðapjónustan landann upp úr hruninu og kom okkur aftur á kjöl. Samspil landkynningar, samfélagsmiðla, gengis og fleiri þátta gerðu Ísland að einum vinsælasta áfangastað í heimi á örskömmum tíma og hagsæld landsins sem hefur ekki verið meiri en á því herrans ári 2007. Í þetta sinn er þó um raunverulegar tekjur að ræða öfugt við það sem var uppspunnið í áðurnefndu góðæri.

Síðustu tvö árin hefur dregið úr vexti fyrirtækja í ferðapjónustu enda telur Rannveig að nú hafi ákveðnum hápunkti verið náð í kúrfunni og næsta verkefni sé að ná stöðugleika. Margir reiknuðu með fleiri gestum en raunin varð og sumir hafi ráðist í offjórðfestingar sem nú þurfi að jafna út. Hún segist ekki sjá fram á að auka vöxt Eldingar í Reykjavík enda sé markaðurinn mettur. Skortur á gistirýmum, lækkað verð og mikil samkeppni geri það ekki að vænlegum kosti að stækka við sig hér en hins vegar sé landsbyggðin óplægður akur.

„Nú vilja allir leggja áherslu á að koma ferðamönnum um allt



**Kynið skiptir ekki máli**  
„Okkur þótti alltaf eðlilegt að ganga í hvaða störf sem var og það skipti engu máli af hvaða kyni maður var.“ MYND SIGTRYGGUR ARI

Ísland, allan ársins hring. Þegar við ákváðum að færa út kvíarnar og hefja hvalaskoðun líka út frá Akureyri þá langaði mig að leggja sérstaka áherslu á vetrarferðir enda fyrirhafnarlaust að fá fólk hingað yfir sumarið. Ég hafði samband við vinkonu mína sem vinnur hjá Secret Escape, breski ferðaskrifstofu sem gerir út á hópkaupaferðir, og hvatti hana til að setja saman pakkaferðir beint frá Bretlandi til Akureyrar. Þetta sló alveg í gegn enda svo ótal margt fallett að sjá fyrir norðan. Fyrst um sinn var hópunum flogið til Keflavíkur og þaðan var farið með Kynnisferðum beint norður en þegar mönnum varð ljóst hversu vel þetta seldist þá réðst önnur bresk ferðaskrifstofa í að skipuleggja leiguflyg beint til Akureyrar,“ útskýrir hún glöð í bragði.

#### FLOGIÐ BEINT FRÁ BRET-LANDI TIL AKUREYRAR

„Á síðasta ári var flogið frá ellefu áfangastöðum í Bretlandi og nú stendur til að fljúga allan ársins

hring. Þegar það spyrst út hversu vel þetta gengur má reikna með að fleiri erlendar ferðaskrifstofur vilji vera með og þá þurfum við að huga að öðrum stöðum á landinu og passa að vera vel undirbúin. Samgöngurnar þurfa til dæmis að vera í lagi og bæjarfélögin þurfa að vera tilbúin að taka við fólkinu. Spurningin er í raun ekki hvort við viljum taka við fleiri ferðamönnum heldur hversu marga teljum við okkur ráða við og hvernig ferðamenn við viljum fá til landsins,“ útskýrir Rannveig og bætir við að neysluhegðun ferðamanna sé mjög mismunandi eftir því hvaða löndum og menningarheimum þeir komi frá og að á margan hátt sé þetta mjög margslunginn og óútreiknanlegur bransi. Hún tekur fram að nú sé Stjórnstöð ferðamála að marka stefnu í samvinnu við stjórnvöld og að þar sé unnið mjög gott starf þótt margt hefði mátt eiga sér stað fyrr. Fjölmíðlar og stjórnmálafólk hafi tekið heldur seint við sér hvað varðar áhuga

á málaflokknum en nú virðist allt í einu allir hafa skoðanir.

#### FÓRNARLÖMB EIGIN VELGENGNI

„Þegar ég sagði upp vel launuðu og öruggu starfi til að stofna hvalaskoðunarfyrirtæki þá héldu margir vinir mínir að ég væri orðin kolrugluð,“ rifjar hún upp og hlær. „Íslendingar höfðu takmarkaða trú á ferðapjónustu þegar við vorum að byrja og stundum þurfti ég að leita til bankans til að fá fyrirgreiðslur. Ég held sérstaklega upp á bréf sem ég fékk frá einum bankanum. Í því stendur að bankinn hafi takmarkaða trú á ferðapjónustu og því síður hvalaskoðun. Framan af höfðu fjárfestar takmarkaðan áhuga líka en síðustu um það bil fjögur árin hefur áhuginn rokið upp úr öllu valdi. Nú vilja allir koma yfir okkur böndum og fá bita af kökunni. Ég tel áhuga og þátttöku fjárfestanna þó svolítið hættulega því hvoru tveggja fylgir svo mikil ávöxtunarkrafa á skömmum tíma. Flestir sjóðir vilja út eftir nokkur ár og þá

ætla þeir að sjálfsögðu annaðhvort að græða eða steypa saman mörgum fyrirtækjum til að setja á markað,“ útskýrir Rannveig og bætir við að eftir styrkingu gengisins hafi staðan hins vegar breyst.

„Ferðamenn spara við sig í afþreyingu, fara frekar í Bónus en út að borða og eyða ekki jafn háum fjárhæðum og áður þótt þeir séu fleiri. Þetta þýðir að það eru ekki eins margir að græða á þeim og þá þarf auðvitað að leysa það með álögum og alls konar sköttum. Ofan á þetta bætast svo launa-hækkarnir í þjóðfélaginu, virðisaukaskattur, dýrari aðföng og svo framvegis en um leið hafa tekjurnar dregist saman. Í þessu samhengi mætti kannski segja að við frumkvöðlarnir í ferðapjónustunni höfum orðið hálfgerð fornarlömb eigin velgengni. Við þetta má samt bæta að þó vöxturinn sé sannarlega búinn að vera mikið gleðiefni var vissulega kominn tími til að staldra aðeins við til að stabilisera reksturinn,“ segir þessi aðdáunarverði frumkvöðull að lokum.



## Super Antirain

**Er bíllinn, húsið og sólarsellan tilbúinn fyrir veturinn?**

- Kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist á rúðuna / sólarselluna
- Eykur öryggi og útsýni um allt að tvöfalt í bleytu og rigningu
- Kemur í veg fyrir að flugur, drulla, snjór og ísing safnist á rúðuna
- Heldur regnvatni frá rúðunni
- Flugurnar renna af stað og festast ekki
- Býr til brynju á rúðunni fyrir leysiefnum og vökvum
- Polir háþrýstipvott
- Virkar við -30°C til +30°C
- Endingartími er 6 – 12 mánuðir

## Super Anticor Long-Life protection



**Purfa hlutirnir að vera í lagi?**

- Langtíma vörn sem dugur í meira ein ár
- Kemur í veg fyrir riðmyndun og tæringu
- Polir háþrýstipvott
- Heldur vatni og raka frá
- Losar upp ryðgaða hluti
- Ósýnileg vörn
- Viðheldur hreifanleika og nækvæmi
- 100% rakavörn í meira ein ár



## Nano Protech protective coating Electric

**Purfa ramagnstækin að vera í lagi?**

- Marfaldar eindingu raftækja
- Hentar vel rafmagnsbúnaði upp að 6000 Voltum
- Minnkar útleiðslu allt að 1000%
- Heldur öllum raka frá
- Kemur í veg fyrir skammhlaup
- Hentar séstaklega tækjum við erviðar aðstæður
- Besti vinur lðnaðarmannsins
- Polir saltvatn og leysiefni
- Virkar mjög vel við -30° C til +80°C
- 100% rakavörn



## Gun Lubricant

**Er byssan klár fyrir skytteriíð**

- Kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist á hlaupi og skefti
- Kemur í veg fyrir að það falli á hlaupið
- Helfu öllum hreyfanlegum hlutum smurðum og liðugum
- Eykur nákvæmni
- Polir saltvatn og leysiefni
- Virkar mjög vel við -30° C til +30°C
- 100% rakavörn í eitt ár

## Bycycle Lubricant Nano Protech

**Er reiðhjólið klárt fyrir veturinn?**

- Fjölnota reiðhjólasprey
- Kemur í veg fyrir ryðmyndun
- Hentar fyrir allt árið við erviðustu aðstæður
- Virkar mjög vel við -80° C til +140°C
- Virkar samstundis
- Smýgur vel inn í barka og heldur þeim liðugum
- Myndar smurhúð inns inn í kjarna keðjunar og heldur raka frá
- Marfaldar endinu keðjunar
- Kemur í veg fyrir að gírskiptin og bremsur festast
- Heldur hreifanleika á hnakröri
- Heldur vatni frá á dempurum
- Drauma sprengi reiðhjólmannsins
- 100% rakavörn



Sími: 456 1300  
Sindragötu 12  
smidjan@velsmidjan.is



## Afmælisbörn vikunnar

- 16 TIL 23 MARS -



### 65 ára

VALGERÐUR  
MATTHÍASDÓTTIR

Fædd: 19. mars 1953

Starf: Sjónvarpskona



### 41 árs

MARTA MARÍA  
JÓNASDÓTTIR

Fædd: 23. mars 1977

Starf: Forseti Smartlands



### 40 ára

ILMUR  
KRISTJÁNSDÓTTIR

Fædd: 19. mars 1978

Starf: Leikkona



### 43 ára

SINDRI PÁLL  
KJARTANSSON

Fæddur: 19. mars 1975

Starf: Kvikmyndagerðarmaður

# Friðarboðskapur fórnarlamb Charlie Hebdo-árásarinnar

Kristinn Haukur Guðnason

kristinn@dv.is



## The Grizzled

Útgefið: 2015

Leikmenn: 3–5

Lengd: 30 mínútur

Tegund: Kortaspil, samvinnuspil

The Grizzled er lítið franskt samvinnuspil hannað af Fabien Riffaud og Juan Rodriguez. Spilið vakti athygli fyrir myndskreytingarnar sem voru gerðar af myndasögu-listamanninum Tignous. Tignous starfaði frá árinu 1980 hjá Charlie Hebdo og var einn af þeim tólf sem voru myrtir af íslömskum hryðjuverkamönnum þann 7. janúar árið 2015, sama ár og The Grizzled kom út.

Á frönsku heitir spilið Les Poilus sem myndi þýðast á íslensku sem hinir loðnu. Það var það sem franskir hermenn í skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldarinnar voru kallaðir. Myndir Tignous af hermönnum, sem hafa allir eigin nöfn, eru einstaklega fallegar og gefa hverjum og einum þeirra mikinn persónuleika. Þetta eru ekki miklir vígamenn, gráir fyrir járn-um, heldur venjulegir fjölskyldumenn, klaufalegir og kumpánlegir.

### TRAUST OG VINÁTTA

Fyrri heimsstyrjöldin var einn af hildarleikjum mannkyns þar sem milljónum hermanna var att saman í stórrustum sem skiluðu litlu. Lífið þar hefur verið hreint helvíti á jörð. The Grizzled hefur greinilegan friðarboðskap og skilaboðin eru að til að lifa af slíka helför verði vináttan og traustið að vera til staðar milli manna.

Það er einmitt það sem þeir sem þora að spila The Grizzled verða að gera, treysta hver öðrum og fórnar eigin hagsmunum fyrir félagu sína. Samvinnuspil hafa verið einhver þau vinsælustu undanfarin ár. Spil eins og Pandemic, Forbidden Island og Hanabi hafa selst í bilförmum. Í flestum samvinnuspilum komast leikmenn upp með að spila sinn leik og hafa aðeins annað augað á hagsmunum heildarinnar. Það



er ekki möguleiki í The Grizzled því þá er öllum hópnum refsað snöggt og grimmilega. Eitt feilspor getur eyðilagt allan leikinn fyrir öllum.

Leikmenn velja sér persónu sem hefur einhvern hæfileika og spilum er dreift á hópinn. Þá skiptast þeir á að spila út spilum sem öll eru slæm nema eitt. Það er jóla-spilið, sem er tilvísun í jólafriðinn árið 1914 þegar hermenn, hverjir sínnum megin víglínunnar, lögðu niður vopn til að syngja, gefa hver öðrum gjafir og spila fótbolta. Líkt og jólafriðurinn er þetta eina spil skammgöður vermir. Leikmenn

þurfa sífellt að taka erfiðar og hamlandi ákvarðanir.

### VIÐBÓTIN GERBREYTIR HVERRI UMFERÐ

Ári eftir útgáfu The Grizzled kom út viðbótin At Your Orders! Hún bætir ýmsum möguleikum inn í spilið, svo sem eins og tveggja manna reglum. Einnig eru þar upprétt pappaspjöld fyrir hvern hermenn úr grunnspilinu sem greinarhöfundur hefur ekki enn séð neinn tilgang með annan en að fylla aðeins betur út í kassann. Bitastæðast við At Your Orders! er hins vegar leiðangursspjöldin og þau gera hana þess virði að eign-

ast. Í grunnspilinu er hver umferð keimlík hver annarri en leiðangursspjöldin hrista upp í hverri umferð og skiptast þar á skin og skúrir.

The Grizzled er erfitt, mjög, mjög erfitt spil. En í þessu tilviki er það kostur þar sem þetta er mjög stutt spil og tilvalið að grípa í sem upphitun eða eftirrétt. Mætti helst líkja þessu við flókna þraut sem leikmennirnir vinna í sameiningu og þegar hún klúðrast í fyrsta skipti eru flestir reiðubúinir í næstu tilraun undir eins. Spil eins og þetta verður að vera áskorun og The Grizzled stendur fyllilega undir því.

## NETFLIX

# NÝ ÞÁTTARÖÐ MEÐ HINNI NAUTSTERKU JESSICU JONES

Tinna Eik Rakelardóttir fjallar um Marvel-hetjuna Jessicu Jones

Önnur serían af Jessicu Jones var loksins frumsýnd eftir tveggja og hálfis árs hlé þann 8. mars síðastliðinn, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Líkt og þegar fyrsta serían var frumsýnd hámhorfði ég á alla þættina á tveimur dögum og var svo skilin eftir fullnægð, – en mjög hungri í meira.

Jessica Jones var ást við fyrstu sýn, mögulega vegna þess að ég hef elskað Krysten Ritter, sem fer með titilhlutverkið, í fjölda ára og mér hefur aldrei þótt hún fá þá athygli og það lof sem hún á skilið. En ástín orsakaðist auðvitað mest af því að fyrsta serían var hreint meistaraverk. Þættirnir voru dimmir og drungalegir, með

húmor í takt við það og svo með hæfilegu „dassi“ af slagsmálum og spennu. En nóg um fyrstu seríuna, hún er ekki það sem ég ætla að fjalla um.

Fyrir þau sem hafa aldrei heyrt um eða horft á Jessicu Jones þá fjalla þættirnir um einkaspæjarann Jessicu Jones og fólkið í hennar lífi. Þættirnir eru byggðir á Marvel-teiknimyndabókum og gerast því í sama heimi og The Avengers. Þótt nokkrum sinnum sé minnst á græna risann og vini hans, þá er Jessicu Jones að flestu leyti mjög frábrugðin Marvel-kvikmyndunum með þeirri undantekningu að Jessicu býr líka yfir ofurhetjueiginleikum, – hún er ofursterk.

Önnur serían af Jessicu Jones byrjar á svipaðan hátt og sú fyrsta en er þó nokkuð hægari og greinilegt að Jessicu er enn að ná sér eftir áföllin sem gengu yfir hana í fyrstu seríu. Jessicu, Malcolm og Trish einbeita sér nú að því að finna þá sem bera ábyrgð á því að veita Jessicu krafta hennar. Öll spjótin beinast að IGF en fljótlega fer málið að flækjast og þau einblína á að finna skrímsli sem IGF virðist hafa skapað og fremur nú hvert morðið á fætur öðru.


Þessi nýja sería af Jessicu Jones var ekki eins fljót og sú fyrri til að



hrífa mig og endirinn á henni er ekki alveg eins fullnægjandi þar sem maður hefur vissa samkennd með „vonda kallingnum“. Samkennd sem maður var að mestu laus við í fyrstu seríunni þegar vondi kall-

inn var hinn óviðkunnanlegi Kilgrave, sem David Tennant náði samt einhvern veginn að gera sjarmerandi á vissan hátt. Serían er þrátt fyrir það vel þess virði að horfa á, hún er spennandi og vel upp byggð og við fáum að kynnst aðalkarakterunum enn betur en í fyrri seríunni. Hún býr líka til mikla eftirvæntingu fyrir þriðju seríunni sem við þurfum vonandi ekki að bíða eftir í tvö og hálf ár!

Jessica Jones er vafalaust besta Marvel-serían á Netflix og ég myndi mæla með henni við alla sem kunna að meta spennu- og glæpaþætti með smávegis drama.



**Normx ehf.** hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: [www.huseining.is](http://www.huseining.is)

## Við framleiðum:

**Smáhýsi** frá 14,99 - 39,9 m<sup>2</sup>

**Sumarhús** frá 67 - 111 m<sup>2</sup>

**Einbýlishús** frá 161 - 400 m<sup>2</sup>

**Smart Einbýli** 73 m<sup>2</sup>

**Parhús** frá 200 - 333 m<sup>2</sup>



**Raðhús** frá 55 - 120 m<sup>2</sup>

**Forsteypta sökkla**

*Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.*



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
[www.huseining.is](http://www.huseining.is) [kjartan@huseining.is](mailto:kjartan@huseining.is) [soffia@huseining.is](mailto:soffia@huseining.is)





# Lebowski Bar

fagnar

## St. Patrick's

16. - 18. mars

hamingjustund alla helgina  
frá kl. 12:00 - 23:00

Guinness.....	850 kr.
Kilkenny.....	850 kr.
Jameson.....	850 kr.

dj frá kl. 21:00

*Lebowski*  
**BAR**

Laugavegi 20a - S: 552-2300 - info@lebowskibar.is



**Hvað segir kallinn?**

**Benjamín Þór** er unnusti **Ragnheiðar Mörthu**

„Hún er náttúrulega fullkomin. Allir eru stoltir af henni og ég gæti ekki verið stoltari,“ segir Benjamín Þór Þorgeirsson, einkapjálfari og unnusti Ragnheiðar Mörthu Jóhannesdóttur.

Ragnheiður Martha er fyrst íslenskra kvenna til að stunda nám í hjarta- og lungna-skurdækninum og gerði í síðustu viku sína fyrstu sjálfstæðu hjartaskurðaðgerð á Norrlandsjúkrahúsinu í Umeå í Svíþjóð.

Aðspurður hvort hún sé ekki mjög upptekin og hafi lítinn tíma til að hitta unnustann segir Benjamín ekki finna fyrir því. „Ég hef ekki fundið fyrir því, hún er að æfa á fullu og gerir allt sem hún vill gera. Ég finn ekki fyrir því, þótt það sé mikið að gera þá lifir hún sínu lífi og er alveg ótrúleg með það.“



**Bókin á náttborði Krístrúnar**



„Bókin sem ég er að lesa er það sem dvelur í þögninni eftir Ástu Krístrúnu Ragnarsdóttur. Þetta er áhugaverð ættarsaga, vel skrifuð og af hjartans einlægni. Ásta Krístrún tekur vel á efninu og er mjög trúverðug. Sögur formæðra hennar eru svo spennandi að ég get varla lagt bókina frá mér en ég er langt komin. Sögusviðið er vitt og breitt um landið og fjallar um fólkið hennar sem var virkt í stjórnmála- og menningarsögu 19. aldar og fram á þá 20. að skyggast inn í sögur formæðra sem hafa litað hug kynslóðanna sem á eftir koma. Frekar um íslenska þjóð og fólkið sem byggði landið okkar upp, arfleið okkar allra.“

**„Nokkuð ódýr og mislukkaður“**

Tískufróðir eru misánægðir með nýjan landsliðsbúning Íslands

**N**ýr landsliðsbúningur íslenska landsliðsins var kynntur á fimmtudag. Almenn ánægja virðist vera með búninginn þótt skoðanir séu skiptar eins og alltaf. DV spurði þrjá tískufróða einstaklinga um álit þeirra á nýja landsliðsbúningnum.

„Ég hef nú aldrei verið aðdáandi landsliðstreyjunnar og er engin breyting þar á eftir að hafa séð þessa nýju,“ segir Ellen Loftsdóttir stúlísi. Ellen segir að treyjan sé þó

nokkru skárri en síðasta treyja „sem var eitt það ljótasta sem ég hef séð í þessum málum,“ segir Ellen. Bóas Kristjánsson fatahönnuður segir að um sé að ræða einfaldan búning sem sé í raun bara gott mál.

„Íslenski búningurinn fær „pixla gradient“ bláan, rauðan og hvítan á ermarnar sem mér

finnst frekar dúllulegt en er ekki viss um að líti vel út í fjarlægð. Kraginn nær ekki alla leið í hálsmálinu sem hönnuðurinn hefur leikið sér aðeins með. Búningurinn er of flatur fyrir minn smekk. Það sem er mjög skemmtilegt er að inni í bolnum skuli standa „Fyrir Ísland.“ Ég hef trú að því að strákarnir fái auka hvatningu við að sjá búningana hangandi í klefanum



með þessari áletrun. Ef ég á að vera 100% hreinskilinn, og mér finnst leiðinlegt að segja það, en hann er að mínu mati nokkuð ódýr og mislukkaður.“

Eygló Margrét Lárusdóttir var stutturð í samtali við DV. „Mér finnst öll íþróttaföt ljót. Ég sé að það er svona frussandi eldfjall á ermunum. En hvað get ég sagt, ég er bara aumingi uppi í rúmi að éta beikonbugður.“ steingerdur@dv.is

**BYRJUM AÐ GRILLA**



**Frábært verð**  
**Q2200**  
Meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaður grillgrindur úr pottjárnri, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hlíðarborð, hitamælir í loki, álbacki fyrir fitu, svart lok.  
**47.985** 3,51 kW 1 brennari (hring)  
50650003



**Frábært verð**  
**TRAVELQ PRO**  
gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjurofi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárnri, ACCU PROBE™ hitamælir.  
**44.995** 4,1kw 2 brennarar  
506600016



**Frábært verð**  
**SPRING 300**  
gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.  
**49.995** 11,4 kw 3 brennarar  
50686930

**SUMARIÐ NALGAST**

**TILBOÐ**  
**Slöngukefli**  
15m með veggfestingum.  
**7.195**  
54930607  
Almennt verð: 8.995

**TILBOÐ**  
**Garðslanga**  
5-15m flex útdraganleg.  
**1.995**  
55530106  
Almennt verð: 2.495

**TILBOÐ**  
**Hekklippur**  
AHS 450W rafmagns.  
**12.745**  
74890008  
Almennt verð: 16.995

**TILBOÐ**  
**Hekksnyrtir**  
ISIO 3,6V 1,3Ah.  
**11.995**  
74897861  
Almennt verð: 15.995

**ÖLL LÍTIL HEIMILISTÆKI**  
**20% afsláttur**  
Til 26. mars

Ef þú ert Íslendingur gemmér klapp!  
**Loki**

**20% afsláttur af öllum SONAX BÍLAVÖRUM**  
Til 26. mars

**20% afsláttur af öllum HÁPRÝSTI-DÆLUM**  
Til 26. mars

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/þa myndabrengi. Tilboð gilda til 26. mars.